ÖRLYGUR ÓLAFSSON

Bráðholl og bragðmikil súpa á sprengidaginn

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

JÓHANNA GUÐRÚN

Vill losna við barnastjörnustimpilinn

Föstudagur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Meðferð fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum

Taktu ábyrgð – hringdu strax!

555 3020

Fyllsta trúnaðar er gætt

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. febrúar 2009 — 45. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Alþjóðlegt verkefni

GoRed er verkefni sem á að vekja athygli á því að konur fá hjartasjúkdóma ekki síður en karlar.

TÍMAMÓT 21

Conan kveður

Síðasti þáttur Conans O'Brien er í kvöld. Ísland hefur verið í sviðsljósinu hjá háðfuglinum.

FÓLK 28

Óframbærileg forysta

Jóhanna var ráðherra í hálft annað ár, áður en bankarnir hrundu. Hún bar fulla stjórnmálaábyrgð eins og aðrir ráðherrar, skrifar Hannes Hólmsteinn í dag.

SKOÐUN 18

Súrsæt hefnd

KR-ingar komust aftur á beinu brautina er þeir hefndu fyrir bikartapið gegn Stjörnunni í gær.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMUSAMT Í fyrstu verður yfirleitt hæg breytileg átt en vaxandi vindur síðdegis. Rigning og síðar skúrir sunnan til annars slydda eða snjókoma. Úrkomulítið í kvöld. Hiti 0-8 stig mildast syðst.

VEÐUR 4



Kynna sölu Nýja Kaupþings

Skilanefnd Kaupþings kynnir viðskiptaráðherra í dag fyrirætlanir um sölu Nýja Kaupþings til kröfuhafa þess gamla. Fyrri ríkisstjórn var fylgjandi sölunni. Morgan Stanley hefur gert áætlun um söluna.

VIÐSKIPTI Skilanefnd Kaupþings kynnir í dag Gylfa Magnússyni, nýjum viðskiptaráðherra, fyrirætlanir og gang viðræðna við kröfuhafa bankans um að þeir kaupi Nýja Kaupþing. Samkvæmt heimildum blaðsins hafði fyrri ríkisstjórn lagt blessun sína yfir söluna. Kröfuhöfum var á föstudaginn fyrir viku kynnt áætlun um söluna sem Morgan Stanley vann fyrir skilanefndina.

Skilanefnd Kaupþings leggur sérstaka áherslu á góð samskipti við kröfuhafa bankans, enda gæti skortur á trausti truflað viðræður um söluna. Hún hefur því staðið fastar á því en skilanefndir hinna bankanna að ekki verði færðar aftur yfir í gömlu bankana eignir sem áður hafði verið ákveðið að ættu heima í þeim nýju.

Þá hefur blaðið heimildir fyrir því að kröfuhafar bankanna óttist verðmat Fjármálaeftirlitsins á eigum þeim sem færðar voru frá gömlu bönkunum til þeirra nýju. Gefa á út skuldabréf sem greiðslu nýju bankanna fyrir yfirteknar eignir, en vafi getur leikið á hvernig beri að meta þær til verðs.

Skilaboð skilanefndar Kaupþings til kröfuhafa eru að með því að taka yfir bæði gamla bankann og þann nýja þurfi ekki til þessa verðmats að koma og búið að loka á að nýi bankinn fái eignir á „tombóluverði". Samningaferlið mun hins vegar vera nokkuð flókið, enda kröfuhafarnir margir og mistórir, auk þess sem þeir hafi ekki skipað formlegt ráð eða nefnd sem hafi samningsumboð.

Heimildir blaðsins herma að áætlun Morgan Stanley feli í sér að eignir gamla Kaupþings gangi inn í eignastýringarfyrirtæki, sem jafnvel gæti orðið í eigu danska bankans FIH, sem var dótturfélag Kaupþings. Slík tilhögun er talin hafa í för með sé allmikla kosti. Hér yrði að minnsta kosti einn stóru viðskiptabankanna í einkaeigu, sem bæði hefði áhrif á samkeppni og létti um leið á skuldbindingum ríkisins. Þá myndi erlent eignarhald líklega auðvelda fjármögnun bankans.

Skilanefndin ræðir hugmyndirnar í framhaldinu við stjórnvöld og kröfuhafa, sem sagðir eru áhugasamir. Ferlið gæti þó orðið nokkuð tímafrekt, enda að mörgu að hyggja. Búa þarf til eignastýringarfyrirtæki og færa undir erlent eignarhald í samstarfi við yfirvöld fjármála í hverju landi fyrir sig.

- óká / sjá síðu 12

VALDABARÁTTA Óeirðalögregla hindraði í gær stuðningsmenn Andry Rajoelina, leiðtoga stjórnarandstöðunnar á Madagaskar, frá því að komast að stjórnarbyggingum í höfuðborg landsins. Fólkið vildi fylgjast með þegar stjórnarandstaðan setti fjóra menn í embætti ráðherra á táknrænan hátt til að sýna andstöðu sína við forseta landsins. NORDIC PHOTOS/AFP

Árekstur kjarnorkukafbáta:

Friðlýsing Íslands skoðuð

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, segir tilefni til að skoða hvort friðlýsa eigi Ísland fyrir kjarnorku í kjölfar áreksturs bresks og fransks kjarnorkukafbáts í Atlantshafi í febrúar.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Frumvarp þess efnis liggur fyrir þinginu og vill Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, samþykkja það. Össur hefur kallað fulltrúa Breta og Frakka á sinn fund vegna málsins. „Þessir kafbátar voru í vígaleikfimi að æfa einhvers konar einvígi. Tiltæki af þessum toga geta skapað verulega hættu."

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, vill að Ísland beiti sér fyrir að banna ferðir kjarnorknúninna farartækja um heimshöfin.

- kóp / Sjá síðu 4

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar skoðar mál tveggja stúlkna á fermingaraldri:

Rannsakar vændi unglingsstúlkna

LÖGREGLUMÁL Mál tveggja unglingsstúlkna sem taldar eru hafa selt blíðu sína fyrir fíkniefni og áfengi eru nú til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stúlkurnar eru þrettán og fjórtán ára gamlar.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, staðfestir að slíkt mál sé til rannsóknar. Hann kveðst ekki vilja tjá sig um efnisatriði þess þar sem rannsókn sé á algjöru frumstigi.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru stúlkurnar af höfuðborgarsvæðinu og þekkjast.

Það munu hafa verið viðkomandi skólayfirvöld sem fyrst fór að gruna að ekki væri allt með felldu um hagi stúlknanna.

Í tilvikum sem þessum fer málið til barnaverndarnefndar, sem síðan sendir kynferðisbrotadeild beiðni um rannsókn ef ástæða þykir til. Grunur leikur á að málið sé ekki einsdæmi og að fleiri unglingar greiði fyrir fíkniefni með blíðu sinni.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að í Foreldrahús hefðu komið á síðasta ári stúlkur sem seldu sig fyrir fíkniefni, allt niður í þrettán ára gamlar. - jss

Íslenskir brellumeistarar:

Með stjörnum á Grænlandi

FÓLK Brellumeistararnir Haukur Karlsson og Jóhannes Sverrisson eru á leiðinni til Grænlands 1. mars þar sem þeir munu starfa við nýjustu kvikmynd M. Night Shyamalan, The Last Airbender.

Shyamalan er þekktastur fyrir draugamyndina The Sixth Sense. „Mér fannst The Sixth Sense góð en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki horft svo mikið á myndirnar hans enda er það ekki aðalatriðið fyrir okkur heldur er það gaman að gera eitthvað skemmtilegt," segir Haukur.

The Last Airbender er byggð á vinsælum bandarískum teiknimyndum í japönskum Manga-stíl. Meðal leikara eru Dev Patel, aðalleikarinn í Slumdog Millionaire, og Robert Pattinson úr vampírumyndinni Twilight.

- fb / sjá síðu 34

SPURNING DAGSINS

Erling, er nauðsynlegt að skjóta á hann?

„Hvað heldur þú?“

Blóðbræður, nýstofnaður dúett þeirra Erlings Bang og Hrafns Jónssonar, hefur gefið út lagið „Upp með hendur“, sem er ádeila á Bubba Morthens. Margir muna eftir and-hvalveiðilagi Bubba frá 1986, en viðlag þess er á þessa leið: „Hvað heldur þú? Er nauðsynlegt að skjóta þá?“

Dómur Hæstaréttar í máli afa sem níddist á dótturdóttur sinni um árabil:

Refsitími styttur vegna elli

DÓMSMÁL Hæstiréttur stytti í gær refsidóm yfir rúmlega nírædum manni sem misnotað hafði dótturdóttur sína kynferðislega. Héraðsdómur hafði dæmt manninn í fjögurra ára fangelsi. Hæstiréttur dæmdi hann í tveggja ára fangelsi. Afinn á að greiða barnabarni sínu 1,5 milljónir króna í bætur.

Misnotkun afans hófst þegar stúlkan var aðeins fjögurra ára. Henni lauk ekki fyrr en hún var orðin fimmtán ára haustið 2005. Þá var afi hennar 87 ára.

Maðurinn er meðal annars dæmdur fyrir að þvinga stúlkuna til munnmaka og fyrir að troða

HÆSTIRÉTTUR Fimm dómarar Hæstaréttar styttu refsitíma afans.

fingrum sínum í leggöng hennar. Brotin fóru fram á heimilum þeirra beggja, í sumarbústað og á ferðalögum, meðal annars í hjólhýsi. Annað barnabarn kærði afann einnig fyrir áralanga misnotkun en það mál var fyrnt.

Hæstiréttur taldi staðreynd að maðurinn væri sekur um athæfið. Hann hefði brotið trúnað gegn barnabarni sínu.

Á hinn bóginn leit Hæstiréttur til þess að maðurinn væri kominn á tíræðisaldur, hafi búið við nokkra skerðingu á vitrænni getu og haldinn líkamlegum sjúkdómum.

Dómarar Hæstaréttar í þessu máli voru Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Ingibjörg Benediktsdóttir og Markús Sigurbjörnsson. **- jss**

Byggðastofnun:

Eigið fé of lítið fyrir útlán

ALÞINGI Byggðastofnun mun ekki geta lánað smærri fyrirtækjum, komi ekki til aðgerða ríkisstjórnarinnar, sagði Kristján Þór Júlíusson á þingi í gær. Minnti hann á stór orð Vinstri grænna um mikilvægi stofnunarinnar og vildi fá að vita hvað ríkisstjórnin hygðist gera.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra var til andsvara og sagði Byggðastofnun í eiginfjárvanda nú, en hann hafi ekki fengið nákvæma útlistun á vandanum frá stjórn stofnunarinnar, sem Kristján Þór situr í. Fyrr væri ekki hægt að taka ákvörðun í málinu. **- ss**

Með hönd í kjötskurðarvél:

Fær 1,5 milljónir í skaðabætur

DÓMSMÁL Fyrirtækið Síld og fiskur hefur verið dæmt til að greiða konu rúmlega 1,5 milljónir króna í skaðabætur vegna slyss sem hún varð fyrir þegar hún var að þrífa kjötskurðarvél.

Konan þurfti að taka vélina í sundur að hluta til að þrífa hana. Í átaki við það skrapp hönd hennar til og lenti handarbakið á skurðblaðinu. Hún þurfti að fara í aðgerð eftir slysið, þar sem sin var saumuð saman.

Dóminum þótti ekki hafa verið sýnt fram á að fyllstu öryggiskröfum hafi verið fullnægt varðandi kjötskurðarvélina. **- jss**

Fær stuðning frá 365:

Björn Jörundur áfram í Idolinu

FÓLK Björn Jörundur Friðbjörnsson verður áfram dómari í þáttunum Idol-stjörnuleit, sem sýndir eru á Stöð 2. Staða hans var í óvissu eftir að opinbert varð að hann átti í samskiptum við dæmdan fíkniefnasala.

„Hann hefur misstigið sig, eins og hann hefur lýst, og beðist velvirðingar á því. Varðandi okkar samstarf skipta afdráttalausar yfirlýsingar hans um að fíkniefni séu ekki lengur hluti af hans lífi mestu. Við þau skilyrði er eðlilegra að við styðjum hann á réttri braut frekar en að kippa undan honum fótunum. Við höfum átt gott samstarf um árabil þar sem hann hefur alltaf staðið sig óaðfinnanlega,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365. **- kóp**

ALÞINGKOSNINGAR

Sigmundur fram í Reykjavík

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, ætlar að bjóða sig fram í Reykjavíkurkjördæmi norður í komandi alþingiskosningum.

Þrjú vestfirsk sveitarfélög verði sameinuð

Samgönguráðherra hvetur til þess að Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur sameinist. Hugmyndir um að flytja unglingakennslustig frá Flateyri vekja ugg. Vestfirðingum fjölgar í fyrsta sinn frá 1981.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Samgönguráðherra hefur sent bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavíkurhreppi bréf þar sem þau eru hvött til að kanna ávinning af því að sveitarfélögin verði sameinuð.

Þar er vísað til fundar sem bæjarstjórar Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar áttu 13. febrúar og síðan segir: „Í ljósi jákvæðra umræðna sem fram fóru á fundinum og sameiginlegs vilja um að efla sveitarstjórnarstigið á svæðinu leggur samgönguráðherra til að Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður sameinist um að hefja athugun á samfélagslegum og hagrænum ávinningi á því að sveitarfélögin verði sameinuð. Jafnframt leggur ráðherra til að Súðavíkurhreppi verði boðin þátttaka.“

HALLDÓR HALLDÓRSSON

„Ég hef lagt til oftar en einu sinni að Vestfirðir verði gerðir að einni einingu svo það þarf ekkert að efast um minn hug í þessum efnum,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær hefur samþykkt 200 milljóna króna niðurskurð á fjárlögum og sá niðurskurður gæti haft áhrif á þessar samningaviðræður að mati Halldórs. Til dæmis er nú verið að kynna tillögur Ísafjarðarbæjar um að flytja kennslu 8., 9. og 10. bekkinga frá Flateyri og Suðureyri til Ísafjarðar. Það myndi þó einungis nægja fyrir tíu prósentum af þessum niðurskurði. „Það er hugsanlegt að þeir sem eru

VIÐ ÓSHLÍÐ Þótt Óshlíðin vilji oft skilja að Ísfirðinga og Bolvíkinga er þess kannski ekki langt að bíða uns sveitarstjórnarmenn komi þeim undir eina sæng.

mótfallnir sameiningarhugmyndum tefli þessu fram sem dæmi um það að sameiningin feli það í sér að soga eigi allt til Ísafjarðar,“ segir Halldór. Þegar þessar hugmyndir voru kynntar á fundi á Flateyri í fyrradag mættu þær miklum mótbárum bæjarbúa þar. Vestfirski fréttavefurinn Bæjarins bestu segir hugmyndirnar hafa valdið titringi í samfélaginu þar.

En það er ekki allt að dragast saman fyrir vestan því á síðasta ári fjölgaði íbúum Vestfjarða um 65 og er það í fyrsta sinn, að sögn Halldórs, frá því 1981 að slík þróun á sér stað í þessum landshluta. „Við erum svo sem ekkert að græða á kreppunni en ég gæti trúað því að margir fyndu til öryggis á landsbyggðinni í þessu árferði,“ segir hann. **jse@frettabladid.is**

MANNFJÖLDAÞRÓUN Á VESTFJÖRÐUM



Þingmaður Samfylkingarinnar:

Hættir þingmennsku í vor

ALÞINGI Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, ætlar ekki að leita eftir endurkjöri í þingkosningum í vor. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Lúðvík sem send var fjölmiðlum í gær.

LÚÐVÍK BERGVINSSON

Þar segir að þau miklu straumhvörf sem orðið hafi í íslensku samfélagi undanfarna mánuði krefjist þess að breytingar verði á skipan Alþingis, enda ábyrgð stjórnvalda á hruni fjármálakerfisins mikil.

Lúðvík tók fyrst sæti á Alþingi árið 1994, og hefur því gegnt þingmennsku í fjórtán ár. **- bj**

Viðskiptaráðherra:

Spyr um kjör skilanefnda

STJÓRNMÁL Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra ætlar að grennslast fyrir um launakjör nefndarmanna í skilanefndum gömlu bankanna.

GYLFI MAGNÚSSON

Í skilanefndunum sitja alls fimmtán nefndarmenn, fimm í hverri nefnd. Allt frá skipun þeirra í október hafa launin verið til umræðu og rætt um að þeir fái allt að þrjár til fimm milljónir króna í laun á mánuði, og stundi sumir þeirra aðra vinnu meðfram.

Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar sagt að þeir fái greitt samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga, þó séu sumir þeirra á verktakasamningum. **- kóp**

Svisslendingar afnámu bankaleynd á reikningum bandarískra skattsvikara:

Bankaleyndin ekki svikaskjól

VIÐSKIPTI Stjórnendur svissneska bankans UBS hafa samþykkt að greiða bandarískum yfirvöldum 780 milljónir dala, jafnvirði 90 milljarða króna, gegn því að dómsmálaráðuneytið falli frá málsókn á hendur bankanum.

UBS hefur þegar svipt hulunni af á bilinu 250 til 300 bandarískum fjármagnseigendum sem sannað er að hafi svikið undan skatti en falið fé sitt frá augum skattayfirvalda hjá svissneska bankanum í skjóli bankaleyndar.

Bandarísk yfirvöld hafa heimildir fyrir því að starfsmenn UBS hafi mörg þúsund sinnum ferðast til Bandaríkjanna í þeim tilgangi einum að kynna kosti bankaleyndar.

Talið er að allt að sautján þúsund Bandaríkjamenn feli eigur sínar á leynireikningum UBS. Heildarfjárhæðin er talin nálægt tuttugu milljörðum dala, um 2.300 milljörðum króna.

Að sögn Peters Kurer, stjórnarformanns UBS, var bankaleyndin aldrei hugsuð sem felustaður skattsvikara og því muni bankinn vinna með bandarískum yfirvöldum.

Hans-Rudolf Merz, forseti Sviss, sagði í samtali

VIÐ EITT ÚTIBÚA UBS Stjórnarformaður svissneska risabankans UBS segir bankaleynd ekki felustað skattsvikara. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

við Associated Press-fréttastofuna í gær, að aðgerðin þýði ekki að takinu verði sleppt af bankaleynd landsins þrátt fyrir þetta. **- jab**

Ódýrt í Hagkaup

Kjúklingabringur
ferskar

Eldaðir kjúklingavængir
2 teg. BBQ og Buffaló vængir

Nautagúllas

Grísakótilettur

Chicago Town örbylgju pizzur
2 tegundir

Ítalía ólífuolía 500 ml

Myllu bollur
gerbollur og vatnsdeigsbollur

Idol nammi
tilvalið með Idolinu!

Pepsi Max 2 lítra

Himneskt spelt
fínmalað og grófmalað

OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni 24 Skeifan

Gildir til 22. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GENGIÐ 19.02.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	113,06	113,60
Sterlingspund	162,23	163,01
Evra	143,17	143,97
Dönsk króna	19,214	19,326
Norsk króna	16,453	16,549
Sænsk króna	13,133	13,209
Japanskt jen	1,2071	1,2141
SDR	166,95	167,95

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
177,7311
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra mælir fyrir frumvarpi um útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar:

Útgreiðsla skerðir ekki bætur

ALÞINGI Fyrsta umræða um útgreiðslu séreignarsparnaðar fór fram á Alþingi í gær. Samkvæmt frumvarpinu geta þeir sem eiga séreignarlífeyrissparnað óskað eftir að taka út allt að eina milljón á tímabilinu frá 1. mars til 1. október á næsta ári. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, sem mælti fyrir frumvarpinu, sagði að útgreiðsla sparnaðarins myndi ekki skerða barnabætur, vaxtabætur eða atvinnuleysisbætur. Útborgunin verður hins vegar skattskyld. Þá væri ekki skilyrði að eiga í fjárhagserfiðleikum til að óska eftir að taka út af sparnaði sínum.

Til að koma til móts við lífeyrissjóðina verður hámarkshlutfall í séreignarsjóð hækkað úr fjórum prósentum í sex prósent. Þá munu lífeyrissjóðirnir hafa aukið svigrúm til að standa skil á staðgreiðslu skatta vegna útborgunar.

Þingmenn Sjálfstæðisflokks spurðu hvers vegna hámarkið væri sett við eina milljón og af hverju sú breyting hafi verið gerð frá umræðu í fyrri ríkisstjórn um að útborgunin ætti að fara í að borga upp skuldir.

Steingrímur svaraði því til að einhverjir ættu eftir að verða fyrir vonbrigðum með þessa niðurstöðu en eftir rækilega skoðun væri þessi aðgerð eins langt farin og hægt væri að teygja sig. - ss

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Fjármálaráðherra hvatti Alþingi til að hraða vinnu við frumvarpið til að hægt sé að greiða út séreignarsparnað frá 1. mars.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dæmdur í fangelsi:

Hótaði íkveikju og öðru ofbeldi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest tíu mánaða fangelsisdóm yfir manni fyrir ítrekaðar hótanir og brot gegn valdstjórninni.

Maðurinn hótaði starfsmönnum Fjölskylduþjónustunnar ítrekað þegar hann stóð í forræðismáli. Meðal annars hótaði hann að kveikja í húsum þeirra og berja þá til ólífis. Þá hótaði hann barnsmóður sinni einnig lífláti, auk þess sem hann kastaði logandi bensínsprengju í gám sem innihélt eigur barnsmóður hans.

Maðurinn var dæmdur til að greiða tveimur starfsmönnum Fjölskylduþjónustunnar 600 og 200 þúsund krónur í bætur. - sh

Anders Fogh Rasmussen:

Býðst að verða framkvæmdastjóri NATO

DANMÖRK Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, býðst að taka við embætti framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Þetta er fullyrt í dönskum fjölmiðlum. Nýr framkvæmdastjóri verður útnefndur á leiðtogafundi NATO í Strassborg í Frakklandi eftir sex vikur.

Að því er Politiken.dk greindi frá í gær er nú af hálfu NATO þrýst á Fogh að gera sem fyrst upp við sig hvort hann hyggist gefa kost á sér í stöðuna. Haft er eftir heimildarmanni í höfuðstöðvum NATO að málið verði að vera útkljáð vel fyrir leiðtogafundinn. Á fundinum sjálfum vilji leiðtogarnir geta einbeitt sér að því að pumpa Obama Bandaríkjaforseta um utanríkisstefnu hans. - aa

Menntun og ferðaþjónusta:

Fleiri ferðast innanlands

FERÐAMÁL Búist er við að Íslendingar muni í stórauknum mæli ferðast innanlands í sumar í ljósi efnahagsástandsins.

„Það er mikilvægt að bregðast við auknum fjölda ferðamanna með bættri þjónustu og betri gæðum," segir María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi Samtaka atvinnulífsins, en talið er að um 38 prósent allra starfsmanna í ferðaþjónustu hafi enga formlega menntun í greininni.

Á Degi menntunar í ferðaþjónustu sem haldinn var á Grand hóteli í gær var kynnt nýtt verkefni í starfsmannaþjálfun sem og nýtt grunn- og stjórnendanám í ferðaþjónustu. Össur Skarphéðinsson ferðamálaráðherra afhenti Ferðaþjónustu bænda starfsmenntaviðurkenningu Samtaka ferðaþjónustunnar. - shv



ENGIN SMÁSMÍÐI
Breski kjarnorkuafbáturinn HMS Vanguard, sem lenti í árekstri við franska kjarnorkukafbátinn Les Triomphant, er engin smásmíði. Hann er 149,9 metra langur og tæp 16 þúsund tonn. Til samanburðar má nefna að venjulegur strætisvagn er um 12,5 metrar á lengd og báturinn því á við 12 strætisvagna að lengd. Franski kafbáturinn er 138 metra langur og tæp 13 þúsund tonn. Á þriðja hundrað kjarnorkukafbáta eru til í heiminum.

Slys kjarnorkubáta gæti þýtt friðlýsingu

Utanríkisráðherra segir árekstur kjarnorkukafbáta hafa orðið við æfingar á einvígi og vill skoða friðlýsingu landsins fyrir kjarnorku. Útvegsmenn vilja banna alla umferð kjarnorkuknúinna farartækja á heimshöfunum.

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að afdrifarík umhverfisspjöll hefðu getað orðið við árekstur bresks og fransks kjarnorkukafbáts í febrúar. Hann segir þá hafa verið í vígaleikfimi. „Þessir kafbátar voru í vígaleikfimi að æfa einhvers konar einvígi. Tiltæki af þessum toga geta skapað verulega hættu."

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir stórmál á ferðinni sem þurfi að taka á. „Við skorum á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að öll umferð kjarnorkuknúinna farartækja um heimshöfin verði bönnuð. Áhættan fyrir lífríkið er allt of mikil. Við eigum að taka þetta upp á alþjóðlegum vettvangi."

Frumvarp um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku og umferð kjarnorkuknúinna farartækja hefur níu sinnum verið lagt fram á Alþingi, fyrst árið 1987, en aldrei fengist afgreitt. Fyrir þingi liggur frumvarp, lagt fram af þingmönnum allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins.

Þrír ráðherrar í ríkisstjórninni eru meðal flutningsmanna; Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir. Þá hafa þau Össur Skarphéðinsson og Kolbrún Halldórsdóttir verið flutningsmenn sama frumvarps á fyrri þingum.

Össur segir sjálfsagt að skoða hvort lýsa eigi yfir friðlýsingu ákveðinna svæða og ljóst sé að setja þurfi reglur með hagsmuni þeirra þjóða sem byggja strendur Atlantshafsins í huga. „Ég tel af þessu tilefni sjálfsagt að rifja upp að ég var á sokkabandsárum mínum meðflutningsmaður svipaðs frumvarps, ásamt núverandi fjármálaráðherra. Nú eru að vísu meiri kærleikar með okkur en þá," segir Össur.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkisnefndar, segir sérlega brýnt að taka frumvarpið til afgreiðslu nú. „Ég tel að friðlýsa eigi Ísland og gefa alþjóðasamfélaginu þau skilaboð að við kærum okkur ekki um þessa umferð."

Utanríkisráðherra hefur kallað fulltrúa Breta og Frakka á sinn fund vegna málsins og Árni Þór segir þá mögulega verða kallaða fyrir utanríkisnefnd.

kolbeinn@frettabladid.is

Listaverk ríkisbanka:

Mikilvægt að fá í þjóðareigu

ALÞINGI „Ég tel eðlilegt að við gerum tilraun til að fá [listaverkin] aftur í þjóðareigu," sagði Katrín Jakobsdóttir á Alþingi í gær, í svari við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar. „Það er mikilvægt mál að ná þessu í gegn þegar gengið verður frá nýjum eiginfjárreikningum bankanna," sagði Katrín.

Fram kom í máli Kristins að listaverk bankanna væru um 4.000 talsins og taldi hann þau vera komin í eigu nýju bankanna og því eign ríkisins. Bæði töldu þau eigendur gömlu bankanna hafa staðið sig vel í að geyma listaverkasöfn sín og því kæmi til greina að bönkunum yrði falið að varðveita listaverkin áfram. - ss

Pelosi hjá páfa:

Ósammála um fóstureyðingar

PÁFAGARÐUR, AP Fóstureyðingar bárust í tal á fundi Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og Benedikts sextánda páfa í gær.

Páfi sá ástæðu til að upplýsa hana um að kaþólskum stjórnmálamönnum bæri skylda til að vernda líf „á öllum stigum þróunar þess".



NANCY PELOSI

Demókratinn Pelosi, sem er kaþólsk, hefur lengi verið einn harðasti stuðningsmaður fóstureyðinga í Bandaríkjunum. Að loknum fundinum minntist hún ekkert á að þau hefðu rætt fóstureyðingar.

Páfagarður hefur reynt að draga úr athygli fjölmiðla á heimsókn hennar til páfa, sem er óvenjulegt þegar einn af helstu stjórnmálaleiðtogum heims á í hlut. - gb

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

RIGNING SNJÓKOMA
Kortin eru úrkomusöm næstu daga. Í dag verður rigning eða slydda sunnan til en snjókoma á norðurhelmingi landsins. Á morgun verður víða rigning en á sunnudaginn kólnar samfara norðanátt og þá má búast við stöku éljum nyrðra annars bjart. Á mánudag má aftur búast við snjókomu eða slyddu víða um land.



HEIMURINN

Alicante	14°
Amsterdam	8°
Basel	4°
Berlín	1°
Billund	4°
Eindhoven	7°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	19°
London	9°
New York	1°
Orlando	16°
Ósló	-3°
París	9°
Róm	11°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TOYOTA

Nýr Avensis

Frumsýndur á morgun

ÍSLENSKA SIAÍS TOY 44988 02/09

Komdu, sjáðu, upplifðu. Við kynnum Avensis 2009.
Sýning hjá söluaðilum Toyota um land allt á morgun, laugardaginn 21. febrúar kl. 12.00-16.00.

Yfirburðagæði, framúrskarandi öryggi, fáguð hönnun.
Um leið og þú sérð nýjan Avensis áttu eftir að dást að fágaðri hönnun og glæsilegu útliti. Þegar þú sest undir stýri verður þér strax ljóst að Avensis býr yfir einstökum gæðum og frábærum aksturseiginleikum. Öryggisbúnaður í Avensis er í algjörum sérflokki og hefur nú þegar hlotið hæstu einkunnir í alþjóðlegum öryggisprófunum.

Upplifðu sanna akstursánægju – upplifðu nýjan Avensis.
Við tökum vel á móti þér á morgun milli kl. 12.00 og 16.00.

TOYOTA OPTIMAL DRIVE
Minimise & Maximise

Toyota Kópavogi	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi	Toyota Austurlandi
Nýbýlavegi 4	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14	Miðási 2
Kópavogur	Akureyri	Reykjanesbær	Selfoss	Egilsstaðir
Sími: 570-5070	Sími: 460-4300	Sími: 420-6600	Sími: 480-8000	Sími: 470-5070

Kynntu þér betur hvað gefur nýjum Avensis sérstöðu á www.toyota.is

Today Tomorrow Toyota

KJÖRKASSINN

Var rétt hjá Steingrími J. Sigfússyni að hætta ekki við að leyfa hvalveiðar?

Já 82,8%

Nei 17,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríið?

Segðu þína skoðun á visir.is

Varnarmálaráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í Kraká í Póllandi:

Þrýst á um liðsauka til Afganistans

KRAKÁ, AP Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist í gær eygja tækifæri á batnandi tengslum við Rússland eftir forsetaskiptin vestra. Á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins sem nú stendur yfir í Kraká í Póllandi varaði hann valdhafa í Moskvu við að reyna að leika mörgum skjöldum með því annars vegar að bjóðast til að hjálpa til við að koma á friði og stöðugleika í Afganistan en grafa um leið undan viðleitni Bandaríkjamanna til að ná einmitt því markmiði.

Gates vísaði einnig til þess að ríkisstjórnarskiptin í Washington gæfu nýtt vægi hvatningu sinni til evrópsku bandamannanna um að leggja meira af mörkum í Afganistan. Gestgjafar ráðherrafundarins, Pólverjar, hafa fallist á að senda 1.700 fleiri hermenn þangað og að pólskar hersveitir taki einnig þátt í aðgerðum á mestu átakasvæðunum í suður- og austurhluta landsins.

Ráðamenn í Póllandi og Tékklandi eru annars áhyggjufullir yfir óvissunni sem skapast hefur um framtíð áforma Bandaríkjastjórnar um uppsetningu búnaðar fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi þeirra í löndunum tveimur. Rússar hafa sem kunnugt er staðið í hótunum vegna þessara áforma, og Pólverjar og Tékkar óttast að verði fallið frá þeim túlki ráðamenn í Moskvu það þannig að fallist sé á að tillit beri að taka til vilja þeirra á fyrrverandi áhrifasvæði Sovétríkjanna.

ROBERT GATES Eykur þrýstinginn á evrópsku bandamennina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

- aa

Staða fyrirtækja áhyggjuefni:

Mikilvægast að lækka vextina

EFNAHAGSMÁL Sú erfiða staða íslenskra fyrirtækja sem endurspeglast í spá fyrirtækisins Creditinfo, um að 3.500 fyrirtæki fari í þrot á árinu, er áhyggjuefni, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Ekki komi á óvart að aðstæður séu erfiðar en tölurnar séu óhugnanlegar.

Forgangsmál fyrir fyrirtækin í landinu er að ná niður vöxtum, segir Steingrímur. Vonir standi til þess að fljótlega fari að horfa til betri tíðar með það, og að vaxtalækkanir séu handan við hornið. Einnig þurfi að efla bankakerfið og nota það til að greiða úr vanda fyrirtækja. - bj

25% AFSLÁTTUR
Lakkrís + Classic

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík

Spá um gjaldþrot fyrirtækja á árinu



Þrotahrinan að byrja

Um 3.500 fyrirtæki munu fara í þrot á árinu við óbreyttar aðstæður, þrefalt fleiri en undanfarin ár. Sex fyrirtæki að meðaltali hafa farið í þrot hvern virkan dag síðustu fimm vikur. Sérfræðingur segir þrotahrinu ársins rétt að byrja.

EFNAHAGSMÁL Um 3.500 fyrirtæki munu fara í þrot á árinu 2009, gangi spá Creditinfo eftir. Það þýðir að rúmlega þrettán fyrirtæki fara í þrot hvern virkan dag ársins. Spáin gerir ráð fyrir því að um 4.300 fyrirtæki lendi í alvarlegum vanskilum á tímabilinu.

Um 30 þúsund fyrirtæki eru skráð hér á landi, og því ríflega tíunda hvert félag á leið í þrot. Ómar Berg Torfason, greiningarsérfræðingur hjá Creditinfo, segir að það hlutfall sé trúlega mun hærra, þar sem talsverður hluti skráðra félaga sé ekki með virka starfsemi, svokölluð skúffufyrirtæki. Unnið er að því hjá Creditinfo að greina fjölda virkra fyrirtækja, og út frá því hlutfall fyrirtækja í rekstri sem eru í hættu.

Á tímabilinu frá 2004 til 2007 fóru að meðaltali um 1.150 fyrirtæki í þrot á ári. Það er tæplega þriðjungur af þeim 3.500 gjaldþrotum sem Creditinfo spáir á árinu 2009.

Á síðustu fimm vikum hafa alls 146 fyrirtæki farið í þrot. Creditinfo skilgreinir þrot þannig að fyrirtækið verði ógjaldfært, lendi til dæmis í árangurslausu fjárnámi eða gjaldþroti. Það eru um sex fyrirtæki á hvern virkan dag, talsvert undir því meðaltali sem Creditinfo spáir fyrir árið allt.

„Við teljum að þetta sé bara rétt að byrja," segir Ómar. Fjöldi fyrirtækja sem fari í þrot muni að líkindum aukast þegar líði á árið.

Spá Creditinfo tekur tillit til þeirra aðstæðna sem fyrirtækin í landinu búa við nú, og verður uppfærð ef ytri aðstæður breytast.

brjann@frettabladid.is

Ráðstefna um skjalastjórn

Félag um skjalastjórn efnir til ráðstefnu í tilefni tuttugu ára afmælis félagsins fimmtudaginn 26. febrúar nk. í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík frá kl.13:00

Dagskrá ráðstefnunnar er sem hér segir:

13.00 Setning - Ingibjörg Hallbjörnsdóttir, formaður Félags um skjalastjórn
13.20 Moreq2 - A brief look - How should it be used and what is it´s significance to Records Management in Europe – Hanns Köhler-Krüner, Director Global Education Services EMEA (Europe, Middle-East and Africa)
14.20 Kaffihlé
14.40 Endurskoðun Handbókar um skjalavörslu opinberra stofnana – Pétur Kristjánsson, sviðsstjóri skjalavörslusviðs Þjóðskjalasafns Íslands
15.20 Að taka af skarið - hvernig ná má árangri og vera metinn að verðleikum á vinnustað - Þóranna Jónsdóttir MBA, forstöðumaður samskipta og þróunar Auðar Capital
16.10 Ef mér finnst það fyndið… fyrirlestur um húmor – Jón Gnarr
16.40 Fundarslit

Ráðstefnustjóri er Unnur Rannveig Stefánsdóttir, skjalastjóri hjá Össuri hf.
Ekkert skráningargjald er innheimt og ráðstefnan er öllum opin
Þátttakendur skrái sig á vef félagins: www.irma.is eða sendi póst á irma@irma.is
Skráningarfrestur rennur út 23. febrúar nk.

Félag um skjalastjórn 1988-2008 Fagleg forysta í 20 ár
Icelandic Records Management Association – IRMA

Þú þarft ekki heppni til að vinna!
VIÐ DRÖGUM Á ÞRIÐJUDAG UM MILLJÓNIR!
75 ára milljónir á einn miða
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Fáðu þér miða á www.hhi.is
TBWAREYKJAVÍK \ 094236

Neytendur: Myndlyklar Símans kosta nú 600 kr. á mánuði

Breytt árferði kallar á þjónustugjöld

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Björgvin Arnarson hafði samband, alveg brjálaður: „*Mig langar helst að skunda fyrir framan Símahúsið og berja í eldhúsáhöld! Þennan póst fékk ég rétt í þessu frá Símanum: „Kæri viðskiptavinur. Við viljum vekja athygli þína á að frá og með 1. mars nk. mun Síminn leggja þjónustugjöld á myndlykla og beina (routers) sem eru í vörslu þinni en í eigu Símans. Grunngjald fyrir myndlykil verður 600 kr. á mánuði. Grunngjaldið er innifalið í öðrum áskriftarpökkum og kemur því ekki til hækkunar hjá þeim sem kaupa fasta áskrift. Gjaldið fyrir beininn verður 350 kr. á mánuði og er óháð annarri áskrift.*" – *Hvað eru menn að spá? Landið og fólkið á hausnum og Síminn leggur á þjónustugjöld!*"

Margrét Stefánsdóttir, talsmaður Símans, svarar: „*Ástæðan fyrir þessum gjöldum nú er aukinn rekstrarkostnaður við sjónvarpsþjónustuna. Grunngjald sjónvarps er í raun mjög lágt þjónustugjald fyrir alla þá þjónustu sem Sjónvarp Símans býður upp á en breytt árferði er ástæða þess að þörf er á að hefja gjaldfærslu fyrir þessa þjónustu. Viðskiptavinur getur valið hvort hann kaupi Sjónvarp Símans þegar hann kaupir netþjónustu hjá Símanum. Viðskiptavinir sem kaupa áskrift að 365 og Skjánum greiða ekki grunngjaldið. Ástæðan fyrir verðbreytingu á netþjónustu er sú sama og fyrir Sjónvarp Símans. Um er að ræða þjónustugjald fyrir beini sem sett er á í þeim tilgangi að halda betur utan um þann búnað sem viðskiptavinur leigir af okkur. Rétt er að taka fram að önnur fjarskiptafyrirtæki eru með þessi gjöld í sinni verðskrá nú þegar og eru í sumum tilfellum dýrari en Síminn.*"

Síminn

Hægt er að skila myndlyklum inn í næstu verslun Símans vilji fólk sleppa við 600 kr. mánaðargjald.

Ódýrt... fyrir heimilið!

30% afsláttur

GOÐI

GRÍSAHRYGGUR 1/2

979 kr/kg

~~1.398~~ kr/kg

TILBOÐ

OFNSTEIK M/DÖNSKUM BLÆ

1.348 kr/kg

~~2.247~~ kr/kg

GOÐI

40% afsláttur

GOÐI

FERSKUR GRÍSABÓGUR

498 kr/kg

~~830~~ kr/kg

40% afsláttur

44% afsláttur

KJÚKLINGALÆRI

497 kr/kg

~~879~~ kr/kg

ÓDÝRT

FERSKT LAMBALÆRI

1.189 kr/kg

~~1.698~~ kr/kg

30% afsláttur

NETTÓ SAMLOKUBRAUÐ

119 kr/stk.

~~239~~ kr/stk.

50% afsláttur

30% afsláttur

CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g

142 kr/pk.

~~189~~ kr/pk.

FREYJU HRÍSKÖKUR 4 í pk.

149 kr/pk.

~~199~~ kr/pk.

25% afsláttur

25% afsláttur

BULLET ORKUDRYKKUR

149 kr/stk.

~~198~~ kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 19. - 22. FEBRÚAR

Ný verslun!

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

netto

- ódýrara en þú heldur

Gorenje þvottavél

PIPAR • SÍA • 90265

45 l

Carbo tech | 33 cm | 5 kg

A Orkunýtni

A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél

WA50120

Einföld, hljóðlát þvottavél og góð þvottavél með íslenskum leiðavísi.

Tilboð 86.900

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Auglýsingasími

512 5050

– Mest lesið

Seðlabankafrumvarpið afgreitt úr nefnd með léttvægum breytingum:

Aðstoðarbankastjóra bætt við

STJÓRNMÁL Aðstoðarbankastjóri, sem verður staðgengill bankastjóra, verður ráðinn í Seðlabankann nái endurskoðað frumvarp forsætisráðherra um breytingar á yfirstjórn hans fram að ganga. Þetta er meðal breytinga sem viðskiptanefnd hefur gert á frumvarpinu, sem var afgreitt úr nefndinni í gær þrátt fyrir mótbárur sjálfstæðismanna.

Aðrar breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu lutu að hæfniskröfum bankastjóra og ráðningarferlinu. Áður var kveðið á um að umsækjandi þyrfti að hafa meistaragráðu í hagfræði en kröfurnar hafa verið víkkaðar út í endurbættu frumvarpi.

Þá hefur verið ákveðið að auglýsa skuli stöðu bankastjóra áður en skipað er í hana og að skipa skuli þriggja manna nefnd sem metur hæfi umsækjenda.

Sjálfstæðismenn í nefndinni sátu hjá við afgreiðslu málsins og boðuðu sérálit. Birgir Ármannsson segir sjálfstæðismenn hafa verið í meginatriðum sátta við breytingarnar, en hafi þó viljað gera fleiri breytingar, meðal annars hvað varðaði skipulag fyrirhugaðrar peningastefnunefndar.

Frumvarpið verður tekið til annarrar umræðu á Alþingi í dag. Líklegt er að það geti orðið að lögum í næstu viku. **- sh**

MÓTMÆLT Núverandi bankastjórar munu víkja úr stjórninni þegar ný lög taka gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áfram Tónlistarhús

Austurhöfn-TR tekur yfir framkvæmdir við Tónlistarhús við Austurhöfnina. Framlag ríkis og borgar helst óbreytt samkvæmt áætlun. Menntamálaráðherra segir 600 störf hanga á spýtunni, auk fleiri langtímamarkmiða.

FRAMKVÆMDIR „Þetta var ekki auðveld ákvörðun, enda miklir hagsmunir í húfi. En við þurfum að horfa á langtímakostnaðinn sem gæti allt að tvöfaldast ef framkvæmdum yrði hætt núna. Einnig verður að hafa í huga langtímamarkmið eins og uppbyggingu ferðaþjónustu og fjölbreytni í atvinnugreinum. Með slíkt í huga verðum við hreinlega að gæta okkar á því að miðborgin sé fýsilegur kostur," segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, sem ásamt Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra undirritaði í gær viljayfirlýsingu um áframhaldandi framkvæmdir við Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Austurhöfnina í Reykjavík.

Austurhöfn-TR, félag sem er að 54 prósentum í eigu íslenska ríkisins og 46 prósentum í eigu Reykjavíkurborgar, mun taka við verkefninu af Íslenskum aðalverktökum. Miðað er við að kostnaður við að ljúka framkvæmdum verði 13,3 milljarðar króna auk vaxta á byggingartímanum. Samkvæmt áætlun er stefnt að verklokum í janúar 2011 og opnun hússins um vor sama ár.

Áætlanir miðast við að hvorki verði aukið við né dregið úr framlögum ríkis og borgar miðað við samþykkt útboð frá árinu 2004. Gert er ráð fyrir að samningar við verktaka heimili sparnaðaraðgerðir, frestun og niðurskurð ef þörf krefur.

RÍKI OG BORG Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri tilkynntu um áframhaldandi framkvæmdir við Tónlistarhús í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Katrín Jakobsdóttir segir allt að 600 störf hanga á spýtunni vegna framkvæmdanna. Leitast verði eftir því að ráða innlent vinnuafl þar sem hægt er. „Framkvæmdinni verða að fylgja innlend störf. Það og kostnaðurinn við að leggja niður framkvæmdir höfðu mest áhrif á þessa ákvörðun," segir Katrín Jakobsdóttir. **kjartan@frettabladid.is**

Mikilvægt skref í átt að þínum frama

challenge & innovation

BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

AP Degree & Bachelor Programme
- we offer you the following programmes:

Marketing Management
Möguleg störf: Markaðsstjórnun, auglýsingaráðgjöf, viðskiptastjórnun, innkaupastjórnun og m.fl.
Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg – Tungumál: Enska eða danska.

Computer Science
Möguleg störf: Kerfishönnun, forritun, hugbúnaðarráðgjöf, verkefnastjórnun, kerfisstjórnun
Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg – Tungumál: Enska

Multimedia Design & Communication
Möguleg störf: Vefsíðuhönnun, vefþróun, margmiðlunarráðgjöf, skipulagning auglýsingamála, ráðstefnustjórnun
Námsstaður: Esbjerg – Tungumál: Enska.

Fashion Design
Möguleg störf: Skipulagning og eftirfylgni verkferla og verkefna í fata og tauefnaiðnaði, með hönnun, framleiðslu og kaup & sölu.
Námsstaður: Sønderborg – Tungumál: Enska.

Technical Manager Offshore
Vertu með til að byggja upp íslenskan olíuiðnað.
3ja ára bachelornám sem gerir þig hæfan til að vinna með Stjórnun og hönnun, ásamt daglegri starfsemi og viðhaldi tækni og tækjamála.
Námsstaður: Esbjerg – Tungumál: Danska

Nánari uppl. www.easv.dk

Komið og hittið okkur í Norræna húsinu á Háskóladaginn.
Kynning á hótel Hilton - Nordica þriðjudaginn 24/02 kl. 18.00

STUDY IN DENMARK

ESBJERG
SØNDERBORG

BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

ESBJERG
Sp. Kirkevej 103
DK-6700 Esbjerg
Tel + 45 7613 3200

SØNDERBORG
Grundtvigs Alle 88
DK-6400 Sønderborg
Tel + 45 7412 4141

PRÓFKJÖR

VINSTRI GRÆN

Ari Matthíasson gefur kost á sér í 2. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík.

Kolbrún Halldórsdóttir gefur kost á sér í forystu Vinstri grænna í Reykjavík.

Anna Ólafsdóttir Björnsson gefur kost á sér í 1. til 3. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Reykjavík.

Kristján Ketill Stefánsson sækist eftir 3.-5. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Reykjavík.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Ragnheiður Elín Árnadóttir sækist eftir 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

Jórunn Frímannsdóttir Jensen gefur kost á sér í 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

SAMFYLKING

Hjörtur Guðbjartsson býður sig fram í 5. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.

Logi Már Einarsson býður sig fram í þriðja sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.

Kjöris
Mjúkís
ÁRSINS
2009
Mjúkís
ÁRSINS
2009
1 LÍTRI
TÍRAMÍSÚ

Breytingar á kosningalögum:

Valkvæð fyrir alla flokkana

STJÓRNMÁL Hugmyndir ríkisstjórnarflokkanna um persónukjör fela í sér að hver flokkur geti valið um það fyrirkomulag sem honum henti.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Forsvarsmenn stjórnarinnar hafa setið fundi með formönnum allra flokka vegna þessa, en engin niðurstaða hefur fengist.

Þessi valkvæðni gæti gert það að verkum að kosningaseðlar yrðu flóknari, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Í Danmörku séu þeir til dæmis tiltölulega flóknir. En með persónukjöri yrði horfið frá neikvæðu vali, það er útstrikunum, og tekið upp jákvæðara fyrirkomulag. **- kóþ**

KIRGISISTAN

Samþykkt að loka flugvelli

Þingið í Kirgisistan hefur staðfest stjórnarfrumvarp um að herstöð og herflugvelli Bandaríkjamanna í landinu verði lokað. Flugvöllurinn hefur, vegna staðsetningar sinnar, verið afar mikilvægur fyrir hernað Bandaríkjamanna í Afganistan.

Vill bæði Likud og Kadima

Avigdor Lieberman vill í stjórn með Benjamin Netanyahu, en vonast til að Tzipi Livni taki einnig þátt. Þriggja flokka hægri stjórn þeirra gæti kollsiglt endanlega öllum friðarviðræðum við Palestínumenn.

ÍSRAEL Avigdor Lieberman, leiðtogi hægriflokksins Israel Beiteinu, vill að Benjamin Netanyahu, leiðtogi Likdud-flokksins verði forsætisráðherra í þriggja flokka stjórn með Kadima-flokknum innanborðs.

„Við þurfum breiða stjórn með stóru flokkunum þremur, Likud, Kadima og Israel Beiteinu," segir Lieberman. „Netanyahu yrði í forystu stjórnarinnar en það verður sameiginleg ríkisstjórn þeirra Netanyahu og Livni."

Tzipi Livni, leiðtogi Kadima og utanríkisráðherra í fráfarandi stjórn Ehuds Olmert, hefur sagt að hún geti ekki tekið þátt í ríkisstjórn sem gæti í reynd ekkert gert vegna innri átaka. Hún vill heldur ekki hverfa frá þeirri braut, sem hún segir fyrri stjórn hafa fylgt, að reyna að ná samningum við Palestínumenn.

„Ég hef alls ekki í hyggju að breyta þó ekki væri nema agnarögn af stefnu Kadima," segir hún, samkvæmt yfirlýsingu frá Kadima. „Ég ætla mér ekki að verða fíkjublað fyrir lamaða ríkisstjórn."

Hún hefur þó ekki viljað hafna því alfarið að taka þátt í stjórn með Netanyahu, en vill að þau skiptist þá á um að vera forsætisráðherra. Netanyahu hefur hins vegar gefið lítið út á þá hugmynd.

Bæði Netanyahu og Lieberman hafa verið með harðorðar yfirlýsingar í garð Palestínumanna. Netanyahu hefur til dæmis lengi verið eindreginn stuðningsmaður landtöku Ísraela á hernumdu svæðunum, sem er ein helsta hindrunin í vegi fyrir friðarsamningum. Og Lieberman sagðist í kosningabaráttunni vilja að ísraelskir arabar lýstu hollustu við Ísraelríki, en verði sviptir ríkisborgararétti ella.

Fráfarandi ríkisstjórn, með Livni í sæti utanríkisráðherra, hefur heldur ekki náð neinu skriði í samningaviðræðum, þrátt fyrir viljayfirlýsingar, og eitt af síðustu verkum hennar var að gera heiftarlega innrás á Gasasvæðið sem varð hundruðum barna að bana og vakti hörð viðbrögð úti um allan heim.

Þriggja flokka hægristjórn þætti líkleg til að sigla endanlega í strand öllum samningaviðræðum við Palestínumenn og væntanlega komast þar með upp á kant við Barack Obama Bandaríkjaforseta, sem hefur sagt að friðarviðræður í Mið-Austurlöndum verði forgangsverkefni stjórnar sinnar.

gudsteinn@frettabladid.is

Á FUNDI MEÐ SHIMON PERES Avigdor Lieberman gekk í gær á fund forseta Ísraels, sem hefur undanfarna daga velt því fyrir sér hverjum hann eigi að fela stjórnarmyndunarumboð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

Með ábendingum viðskiptavina mótum við nýjan banka.
Starfsfólk Íslandsbanka þakkar ábendingarnar.

Láta viðskiptavininn vera í fyrirrúmi. Kona, 45 ára.
Veita persónulega ráðgjöf. Kona, 39 ára.
Styðja við bakið á fyrirtækjum í erfiðleikum. Karlmaður, 48 ára.
Mannleg, traust samskipti. Kona,
Kenna unga fólkinu að fara vel með peningana. Kona, 63 ára.
Leiðbeinandi um fjárhag fólksins í þjóðfélaginu. Kona, 52 ára.
Opin fyrir nýjungum. Karlmaður, 27 ára.
Ekki hvetja til bruðls og offjárfestinga. Kona, 44 ára.
Fyrir fólk eins og mig og þig. Kona, 47 ára. Vera varkárari í framtíðinni. Kona, 45 ára.
Hlutverk bankans á að vera stuðningur við samfélagið. Karlmaður, 40 ára.
Halda maraþoninu áfram! Kona, 35 ára. Vera banki fólksins. Kona, 45 ára.
Gagnsæi í rekstri. Karlmaður, 40 ára.
Styrkja samfélagsleg málefni á sviði menningar og íþrótta. Karlmaður, 60 ára.
Spara í nafnabreytingunni. Kona, 25 ára. Hætta þessu útrásarbulli. Kona, 37 ára.
Hlusta á viðskiptavini. Karlmaður, 35 ára.

Frá því í nóvember höfum við kallað eftir skoðunum viðskiptavina í útibúum og á heimasíðu okkar um það hvernig þeir vilji að nýr banki starfi. Við notum þessar ábendingar til að móta nýjan banka.

Rússneskur dómstóll:

Morð Politkovskaju enn óleyst

RÚSSLAND Rússneskur dómstóll hefur komist að þeirri niðurstöðu að þremenningarnir, sem ákærðir voru fyrir morðið á rannsóknarblaðamanninum Önnu Politkovskaju í Moskvu fyrir nokkrum árum, séu saklausir.

ANNA POLITKOVSKAJU

Bræðurnir Dazhbrail og Ibrahim Makhmudov voru ákærðir fyrir að hafa ekið morðingjanum á staðinn og lögreglumaðurinn Sergei Khadzhikurbanov var ákærður fyrir að hafa hjálpað til við að skipuleggja morðið.

Ættingjar Önnu Politkovskaju lýstu yfir vonbrigðum sínum með niðurstöðuna. **- ghs**

DÓMSTÓLAR

Bætur fyrir brotið nef

Karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða öðrum manni rúmar 274 þúsund krónur í miskabætur eftir að hann braut nef hans. Sá nefbrotni átti upptök að verknaðinum.

St. Jósefsspítali taki upp samstarf við Landspítalann

Heilbrigðisráðherra hyggst snúa við ákvörðunum um skipulagsbreytingar á St. Jósepsspítala í Hafnarfirði og á Norðurlandi. Ráðherra var gagnrýndur í gær fyrir að kynna ekki mótaðar hugmyndir um niðurskurð.

HEILBRIGÐISMÁL Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að samhæfa rekstur St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og Landspítala. Hann gagnrýndi starfskjör lækna á spítalanum hart og ætlar að afnema verktakagreiðslur. Sameining heilbrigðisstofnana á Norðurlandi með yfirstjórn á Akureyri gengur til baka og önnur sameiningaráform á landsbyggðinni endurskoðuð á næstu vikum.

Þetta kom fram í máli heilbrigðisráðherra þegar hann flutti þinginu skýrslu sína um heilbrigðismál í gær. Ögmundur vék snemma í ræðu sinni að fyrirætlunum forvera síns, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, um niðurskurð og hvernig honum skyldi náð. Gagnrýndi hann Guðlaug afar hart. Boðaðar skipulagsbreytingar á St. Jósefsspítala koma ekki til og mun rekstur spítalans verða samhæfður starfsemi Landspítala. Starfshópur mun útfæra hvernig að því verður staðið og skila niðurstöðum í mars. En það sem greinilega stakk Ögmund mest þegar hann fór yfir málefni St. Jósefsspítala voru starfskjör lækna við stofnunina. Tíundaði hann dæmi um milljóna greiðslur

ST. JÓSEFSSPÍTALI Bitbein til margra vikna. Boðaðar skipulagsbreytingar koma ekki til framkvæmda en nefnd mun móta tillögur um framtíð spítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

til lækna fyrir aðeins tíu prósent starfshlutfall á ári. Hann sagði slíkri verktöku lokið og læknum yrði boðið að starfa á sömu kjörum og kollegar þeirra á Landspítala hafa samið um.

Ögmundur gerði grein fyrir að ekki verði hreyft við fyrirkomulagi á Norðurlandi vestra. Sameiningaráform á Eyjafjarðarsvæðinu haldast óbreytt. Breytingar á Vestur- og Suðurlandi koma til greina en verða ekki ákveðnar fyrr en eftir samráð við stjórnendur stofnana á svæðinu.

Guðlaugur vék að gagnrýni Ögmundar um sín verk og spurði hvernig hann hygðist ná boðuðum niðurskurði. Skipulagsbreytingarnar sem hann lagði af stað með hefðu verið til að vernda grunnþjónustuna en þær ákvarðanir hefðu verið mjög erfiðar. „Ef hann ætlar ekki að fara þessa leið, hvaða leið á þá að fara?“

Helsta gagnrýnin á skýrslu Ögmundar frá öðrum þingmönnum var á sömu nótum. Ögmundur hafi sneitt framhjá þeirri grundvallarspurningu sem fyrir lá: Hvernig á að skera niður í heilbrigðiskerfinu um 6,7 milljarða króna á þessu ári?

Ögmundur svaraði því til að hann sæi ekki um að útfæra niðurskurðinn í einstökum atriðum, heldur væri það verkefni sem heilbrigðiskerfið í heild sinni tækist nú á við. Hann sté hins vegar úr pontu með þau skilaboð úr þingsal að hann hefði engu svarað um leiðir til niðurskurðar.

svavar@frettabladid.is

Grunnur hefur verið lagður að nýjum banka – í dag tökum við upp nafnið Íslandsbanki

Íslenskt samfélag stendur á krossgötum. Þær aðstæður sem heimili og fyrirtæki standa frammi fyrir kalla á breyttar áherslur í bankastarfsemi. Sjaldan hefur verið mikilvægara að styrkja stöðu fjölskyldna í landinu, efla atvinnulíf og stuðla að nýsköpun. Íslandsbanki ætlar sér veigamikið hlutverk í þessum efnum.

Nýr banki verður ekki til á einni nóttu

Það er krafa viðskiptavina og starfsmanna að bankinn sýni ráðdeild og hagsýni við nafnabreytinguna sem verður lágstemmd og mun eiga sér stað í nokkrum áföngum. Nafnabreytingin er ekki endapunktur heldur mikilvægur áfangi í því stefnumótunarstarfi sem unnið hefur verið á undanförnum mánuðum. Allir starfsmenn komu að mótun nýrrar stefnu Íslandsbanka og með henni vonast starfsfólk eftir því að endurheimta það traust sem glatast hefur.

Við hlustum

Við höfum kallað eftir ábendingum viðskiptavina í útibúum og á heimasíðu bankans og hafa þær nýst okkur vel í mótun skýrrar stefnu. Við leggjum kapp á að hlusta eftir skoðunum og ábendingum viðskiptavina svo Íslandsbanki geti orðið betri banki; banki sem skilur þarfir viðskiptavina og kemur til móts við þær.

Saman byggjum við öflugan banka

Íslandsbanki er banki sem býður alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki með hagsmuni viðskiptavina og samfélagsins að leiðarljósi. Með öflugri liðsheild og ábyrgum og hagkvæmum rekstri styrkjum við grunnstoðir bankans. Íslandsbanki leggur umfram allt áherslu á að vera banki í fararbroddi með framúrskarandi þjónustu.

Komdu í næsta útibú eða farðu á islandsbanki.is og kynntu þér breytingarnar.

Starfsfólk Íslandsbanka

Íslandsbanki

Viðskiptin með stofnfjárbréfin í SPH 2005-2006:

Keypti bréfin af Baugi

DÓMSMÁL Pálmi Haraldsson, eigandi Fons, segir að Stefán Hilmarsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi, hafi haft samband við sig árið 2005 og haft hluti í Sparisjóði Hafnarfjarðar, SPH, til sölu. Sér hafi þótt það spennandi fjárfestingarkostur og keypt tvö stofnfjárbréf fyrir alls 90 milljónir króna. Hann hafi ekki haft hugmynd um að stofnfjáreigendur fengju 50 milljónir fyrir tvö bréf. Hann hafi gengið frá sínum viðskiptum við Stefán.

PÁLMI HARALDSSON

Vitnaleiðslur héldu áfram í gær í opinberu máli sem höfðað hefur verið á hendur Karli Georg Sigurbjörnssyni hrl. fyrir fjársvik við sölu á tíu stofnfjárbréfum í SPH 2005-2006 þegar fimm eigendur seldu bréf sín á 25 milljónir hvert. Þau uppgötvuðu síðar að lögmannsstofa Karls hefði selt þau áfram á 45 milljónir hvert.

Pálmi sagði fyrir dómi að Stefán hefði ekki nefnt Karl Georg í þessu samhengi.

Sigurður Valtýsson, fyrrverandi forstjóri MP fjárfestingarbanka, sagði að MP hefði keypt bréfin á uppsettu verði, 45 milljónir hvert, og viðskiptin farið fram í gegnum Lögmenn Laugardal. Sigurður hafi vitað af töluverðri eftirspurn eftir þessum bréfum og talið að þetta væri markaðsvirði. Athygli vekur að seljendur stofnfjárbréfanna vissu ekki hver var kaupandi en litu á Karl Georg sem millilið.

Páll Pálsson, einn af forsprökkunum, segir að umræðan hafi alltaf gengið út á 50 milljónir fyrir tvö bréf. Hann hafi ekki vitað að lögmannsstofa Karls Georgs hafi selt þau á 90 milljónir. **- ghs**

Fjármálaráðherra mun kynna fjárlög fyrir AGS:

Allt bendir til vaxtalækkunar

EFNAHAGSMÁL „Þetta snýst nú meira um að meta hvort það eru nokkrar fyrirliggjandi forsendur lengur til að hafa svona háa vexti,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, spurður hvort og hvernig hann hyggist knýja fram vaxtalækkun gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ríkisstjórnin stefnir á að ræða við sjóðinn um miðja næstu viku og Steingrímur segist ekki finna nein „undirliggjandi verðbólgutilefni“. Samdráttur sé í neyslu og aukning atvinnuleysis. Að auki fari olíuverð lækkandi og gengi krónu hafi styrkst nokkuð.

„Og það eru allir sammála um að það er forgangsverkefni að ná niður vöxtum,“ segir hann.

Einnig ætli Steingrímur að ræða fjárlög næsta árs við sjóðinn og áætlun til lengri tíma. Ræða þurfi „hvernig við náum viðsnúningi úr hallarekstri ríkissjóðs og yfir í afgang, innan ásættanlegra tímamarka, þannig að við getum farið að borga niður skuldir og landið farið að rísa“.

Spurður hvort hann geti greint frá helstu markmiðum í þessa veru og hvernig eigi að ná þeim fram segir Steingrímur: „Nei, það byrjum við að sjálfsögðu á að sýna þeim og ræða við þá.“

BLAÐAMANNAFUNDUR UNDIRBÚINN Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði ríkisstjórnarsamstarfið ganga vel og verkáætlun samkvæmt áætlun. Hún var þó sjálf nokkuð slöpp af kvefi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

- kóþ

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 73 **Velta:** 158 milljónir

OMX ÍSLAND 15 294 **-0,60%**

OMX ÍSLAND 6 882 **-1,16%**

MESTA HÆKKUN

ATLANTIC AIRW.	+1,90%
MAREL	+0,90%
FØROYA BANKI	+0,48%

MESTA LÆKKUN

STRAUMUR B.	-4,93%
CENTURY ALUM.	-2,28%
BAKKAVÖR	-0,51%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,25 +0,00% ... Atlantic Airways 161,00 +1,90% ... Atlantic Petroleum 450,00 +0,00% ... Bakkavör 1,96 -0,51% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 104,50 +0,48% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 50,30 +0,90% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,12 -4,93% ... Össur 95,20 +0,32%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Með veð í öllu

Glöggskyggnir hafa tekið eftir því að Páll Benediktsson hefur tekið til starfa sem fjölmiðlafulltrúi skilanefndar Landsbankans. Páll var áður forstöðumaður samskiptasviðs hjá Landic Property, einu af dótturfélögum Stoða (áður FL Group). Félagið, sem var kjölfestufjárfestir Glitnis, hefur verið í greiðslustöðvun síðan bankinn var þjóðnýttur í fyrra og unnið sleitulaust að því að styrkja fjárhagsstöðuna. Landsbankinn er meðal stærstu kröfuhafa Stoða. Spéfuglarnir segja ráðningu Páls skýrt dæmi um að bankinn hafi ákveðið að ganga hljóðlega að veðum og tekið fréttahaukinn upp í skuldir.

Skapandi gerð ársreikninga

Berlingske Tidende greindi í gær frá því að með „skapandi ársreikningagerð" (nokkuð sem á ensku kallast *creative accounting*) hafi stórir danskir bankar (Danske Bank, Nykredit og Jyske Bank) falið milljarðatap af hlutafjáreign og öðrum skuldbindingum í ársuppgjörum sínum. Samtals sýndu þeir hagnað upp á 2,6 milljarða danskra króna (59 íslenska milljarða), en tap af verðbréfum sem numið hafi 5,3 milljörðum danskra (120 milljarðar íslenskra) hafi verið tekið út úr uppgjörunum. Í raun hafi þeir því tapað upphæðinni sem þeir þóttust hagnast um.

Japanar reka hagvaxtarlestina

Verg landsframleiðsla dróst saman um eitt og hálft prósent innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á fjórða og síðasta ársfjórðungi í fyrra, samkvæmt gögnum sem birt voru um miðja vikuna.

Þetta er mesti samdráttur sem sést hefur innan aðildarríkja OECD síðan mælingar hófust árið 1960. Á sama tíma í hittifyrra nam samdrátturinn 1,1 prósenti.

Þrjátíu ríki eiga aðild að OECD, þar á meðal Ísland.

Mestur var samdrátturinn í Japan, eða 3,3 prósent. Tölur liggja ekki fyrir um Ísland en fjármálaráðuneytið spáir 0,1 prósents samdráttar á árinu. **- jab**

Ford Transit 220L Sendibíll
1,8TDCi 75 hö dísil beinskiptur
Hleðslurými 4,4 m³, 6 dyra
Ásett verð með vsk 3.397.000 kr.
Afsláttur með vsk 917.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 2.480.000 kr.
Tilboðsverð án vsk 1.991.968 kr.*

Ford

Nýtt tákn um gæði

Við erum á tánum í dag – fyrir þig

Semdu við okkur um verð

Áfram Ísland
Nýtum það sem við eigum
Komdu í Brimborg í dag

selja gamla

kaupa nýjan eða notaðan

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

Ford Transit 280S Sendibíll
2,2TDCi 85 hö dísil beinskiptur
Hleðslurými 6,55 m³, 6 dyra
Ásett verð með vsk 4.215.000 kr.
Afsláttur með vsk 635.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 3.580.000 kr.
Tilboðsverð án vsk 2.875.502 kr.*

Ford Transit 220S Sendibíll
1,8TDCi 75 hö dísil beinskiptur
Hleðslurými 3,4 m³, 6 dyra, þaklúga
Ásett verð með vsk 3.005.000 kr.
Afsláttur með vsk 545.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 2.460.000 kr.
Tilboðsverð án vsk 1.975.903 kr.*

Ford Transit 220L Sendibíll
1,8TDCi 75 hö dísil beinskiptur
Hleðslurými 4,4 m³, 6 dyra
Fast númer KZ075
Skrd. 06/2005. Ek. 81.300 km.
Ásett verð með vsk 1.690.000 kr.
Afsláttur með vsk 340.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 1.350.000 kr.
Tilboðsverð án vsk 1.084.337 kr.*

Ford Transit 300M Sendibíll
2,0TDCi 85 hö dísil beinskiptur
Hleðslurými 9,07 m³, 6 dyra
Fast númer PN789
Skrd. 09/2005. Ek. 91.300 km.
Ásett verð með vsk 2.150.000 kr.
Afsláttur með vsk 645.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 1.505.000 kr.
Tilboðsverð án vsk 1.208.835 kr.*

Ford Transit 300M DC Pallbíll
2,0TDCi 85 hö dísil beinskiptur
Lengd álpalls 2,54 m, 4 dyra, 6 manna
Fast númer RL692
Skrd. 10/2004. Ek. 56.900 km.
Ásett verð með vsk 2.020.000 kr.
Afsláttur með vsk 202.000 kr.
Tilboðsverð með vsk 1.818.000 kr.
Tilboðsverð án vsk 1.460.241 kr.*

Semdu við okkur um gott verð

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins. Komdu í Brimborg í dag.

www.ford.is

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

* Tilboðsverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum af nýjum Transit í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

BANKARNIR ÞRÍR Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur skilanefnd Kaupþings lagt sérstaka áherslu á að viðhalda trúnaði við kröfuhafa bankans vegna fyrirrætlana um að þeir taki yfir Nýja Kaupþing. Nánar er frá þessu greint á forsíðu blaðsins í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Kröfuhafarnir óttast tilfærslur

Dæmi eru um að eignir sem búið var að skrá á nýju bankana hafa verið færðar aftur í þrotabú þeirra gömlu. Kröfuhafar óttast að vera hlunnfarnir.

Komið hafa upp tilvik þar sem eignum, sem til stóð að gengju til nýju bankanna, hefur verið skilað aftur í þrotabú þeirra gömlu. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur þessi staða komið upp bæði hvað varðar Landsbankann og Glitni, en ekki Kaupþing, þótt þar hafi einnig verið eftir því leitað.

Skipting eigna milli nýju bankanna og gömlu fer eftir forskrift Fjármálaeftirlitsins (FME) og á í grófum dráttum að vera þannig að innlendar eignir fari í nýju bankana og erlendar í þá gömlu.

Hlutverk skilanefnda gömlu bankanna og tilsjónarmanns í greiðslustöðvun er að verja hagsmuni kröfuhafanna, en sögusagnir af því að „vafasömum eignum" hafi verið skilað aftur í þá gömlu hafa valdið óróleika meðal kröfuhafanna, því þannig væri verið að hygla nýja bankanum á kostnað þeirra.

Blaðið hefur heimildir fyrir því að kröfuhafar Kaupþings hafi krafið skilanefndina svara um þessi mál, en fengið að vita að skilanefndin hafi ekki tekið við eignum inn í búið, jafnvel þótt eftir því hafi verið leitað. Þar á bæ hafi skilanefndin verið mjög hörð á því að samþykkja bara tilskipun og lista FME yfir skiptingu eignanna á milli nýja og gamla bankans.

Enn er unnið að því að útbúa endanlegan efnahagsreikning nýju bankanna, en hluti af þeirri vinnu felst í mati á því hversu mikið þeir greiða þrotabúum gömlu bankanna fyrir eignir sem færðar eru yfir. Óvíst er því hversu mikil áhrif tilfærslur eigna hafa á endanum, því nýju bankarnir þurfa væntanlega ekki að greiða mikið fyrir lán sem ekki eru talin mikils virði.

ÁRNI TÓMASSON

Fjármálaeftirlitið annast virðismat á eignunum, en nýju bönkunum verður á endanum gert að gefa út skuldabréf þar sem þeir greiða fyrir eignirnar sem teknar eru út úr gömlu bönkunum.

„Eignir hafa verið færðar á milli í undantekningartilvikum," segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, og kveður sumar eignir hafa legið á mörkum þess að vera innlendar og erlendar, jafnvel svo að erfitt væri að skilgreina þær. Ekki hafi hins vegar verið færðar eignir úr gamla Glitni yfir í nýja. Hann veit þó af því að kröfuhafar hafi sett sig upp á móti yfirtöku skilanefnda bankanna á eignum úr þeim nýju. Þá segir hann kröfuhafa hafa áhyggjur af mati á skuldabréfi Nýja Glitnis til gamla bankans. Helst óttist þeir að eignir verði verðmetnar á óhentugum tíma.

Árni býst við að FME ljúki mati á skuldabréfinu í mars, nokkru síðar en áður hafi verið að stefnt. „Þetta er allt óhemjuverk og hefur dregist aðeins," segir hann.

Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar Landsbankans hefur ekki gefið færi á viðtali vegna málsins. **- óká / jab**

Sjá engan hagvöxt

Bankastjórn bandaríska seðlabankans telur líklegan samdrátt hagkerfisins verða allt að 1,3 prósent og hefur rætt um innleiðingu verðbólgumarkmiða á ný. Þetta kemur fram í minnispunktum af fundi bankastjórnarinnar í janúarlok og birtir voru á miðvikudag.

Í fyrri hagvaxtarhorfum bankans frá því í október í fyrra var reiknað með því að hagvöxtur yrði allt frá lítils háttar samdrætti upp í að verða jákvæður upp á 1,1 prósent. **- jab**

BEN BERNANKE Bankastjórn undir forystu Bens Bernanke telur litlar líkur á að hagvöxtur líti dagsins ljós í Bandaríkjunum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MJÓLKURSAMSALAN

Við stöndum með ykkur krakkar!

Mjólkursamsalan hefur verið aðalstyrktaraðili Skólahreysti allt frá upphafi árið 2005 þegar sex skólar kepptu til úrslita. Vinsældir keppninnar hafa vaxið gríðarlega ár frá ári og er algjör metþátttaka í ár því 117 skólar hafa skráð sig til leiks.

Áfram Skólahreysti!

skolahreysti.is

HVITA HUSID/SIA

FRÁBÆRT VERÐ
TILBOÐ GILDA
20.-22. FEBRÚAR

HELGAR

3.999

Höggborvél Verto
810W, flýtipatróna.
5245009

5.999

Pottasett
5 pottar fyrir spanhellur.
2009193



Gólfflís Club
K11 svört/K9 grá/K7 Beige/K10 brún.
45x45, þykkt 9.5 mm.
Frostþolnar.
8630740-43

ódýrt
2.990m²

Gólfflís Club
K11 svört/K9 grá/K7 Beige/K10 brún.
33.8x33.8, þykkt 8 mm.
Frostþolnar.
8630740-43

ódýrt
2.790m²

Plastparket
eikarlíki, 3ja stafa.
Borðastærð 1292x192x6.
146956

ódýrt
1.299m²

2 rafhlöður

4.999

Hleðsluborvél Verto
14.4V, 2 rafhlöður og taska.
5245006

25% AFSLÁTTUR

af öllum glösum
í búsáhaldadeild
Húsasmiðjunnar.

25% AFSLÁTTUR

af flíspeysum og softshell

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Tilboð gilda föstudag til sunnudags meðan birgðir endast.

SPRENGJA
Í HÚSASMIÐJUNNI

Búkki
Samanfellanlegur, 100x80.
Ber 250 kg.
5079921

2.999

Hægt að fella saman

ódýrt
4.590

10 ltr.

Húsasmiðjumálning
10 ltr. Beinhvítt og Hrímhvítt.
7119963/67

B-VÖRUDAGAR
Skútuvogi, Akureyri og Egilsstöðum

ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF ÍSSKÁPUM OG FRYSTISKÁPUM

LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐ OG SÝNINGARVÖRUR

RUGL VERÐ
GERÐU FRÁBÆR KAUP

verð frá 79.990

Electrolux

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FRÉTTASKÝRING: Endurskoðun stjórnarskrárinnar

4. hluti

Stjórnlagaþings bíða ærin verk

Fjölmörg álitamál eru uppi varðandi hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni. Stjórnlagaþing er fram undan, nái hugmyndir ríkisstjórnarinnar að verða að veruleika. Svavar Hávarðsson bað fjóra sérfræðinga að ræða við hvað verður glímt á næstunni.

Þingræðið

Þingræðið leggur línurnar um samspil Alþingis og ríkisstjórnar. Fólk talar um þingræði í mismunandi merkingu: Annars vegar er átt við að Alþingi eigi – vegna þess að það er kosið beint – að koma sínu fram, eiga frumkvæði að lagasetningu og móta stefnu. Það er þingræði í þessum skilningi sem var kvartað yfir að hefði verið brotið þegar forseti Íslands staðfesti ekki fjölmiðlalögin og þegar þingið fékk mikilvæg lagafrumvörp í hendurnar frá ríkisstjórninni rétt fyrir þinglok. Hins vegar er þingræði í lögfræðilegum skilningi; lagaregla sem hefur þann kjarna að Alþingi ráði hverjir sitji í ríkisstjórn. Enginn getur orðið ráðherra nema þingið vilji styðja hann eða þola í embætti. Það var stórt lýðræðisskref á sínum tíma (árið 1904) að kjörið þing fengi að ráða hverjir væru ráðherrar í stað konungs.

RAGNHILDUR HELGADÓTTIR Prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Veik staða þingsins

Undanfarið hefur mikið verið talað um veika stöðu Alþingis gagnvart ríkisstjórninni og að auka þurfi vald þingsins. Bent er á, að ráðuneytin hafi frumkvæði að lagasetningu, stjórnarandstaðan komi litlu til leiðar og í raun sé ríkisvaldið tvískipt en ekki þrískipt. Staða Alþingis skýrist af því að sömu flokkar stýra bæði ríkisstjórn og þingi. Þess vegna er Alþingi, eins og Þorsteinn Magnússon stjórnmálafræðingur benti á, sjaldnast í pólitískum slag við ríkisstjórnina. Átakalínan hefur frekar legið milli stjórnar og stjórnarandstöðu en milli þings og stjórnar. Það flækir málið að það eru ekki reglurnar einar sem valda þessu: Í Danmörku, þar sem kerfið er svipað og hér er önnur pólitísk hefð (minnihlutastjórnir frekar en sterkar meirihlutastjórnir) og sami lagarammi veldur því ekki vanda þar. Það er hins vegar kominn tími til að horfast í augu við stjórnmálahefðina hér og það að henni verður tæpast breytt nema breyta reglunum. Spurningin er hvernig.

Ráðherrar víkja

Það er hægt að ganga mjög mislangt: Minnsta breytingin væri sennilega að gera kröfu um það, eins og tíðkast í Noregi, að þingmenn segi af sér þingmennsku ef þeir taka við ráðherraembætti. Þetta hefur ýmsa kosti: Þingmennska og ráðherraembætti eru hvort um sig fullt starf og svo styrkir það væntanlega þingið að þar séu eingöngu þingmenn. Þingflokkarnir myndu þá hugsanlega fá meira vægi innan flokkanna á kostnað ráðherranna og þingið – ef allt gengur að óskum – verða sjálfstæðara gagnvart stjórninni.

Afdrifaríkasta breytingin væri að afnema þingræðið alveg. Það er nokkuð kaldhæðnislegt að styrkja stöðu þingsins með því að taka af því valdið til að ákveða hverjir sitja í ríkisstjórn. Slíkri grundvallarbreytingu myndu fylgja breytingar á mörgum sviðum stjórnskipunarinnar, til dæmis varðandi viðurlög við embættisbrotum ráðherra. Þetta þarf þess vegna að hugsa vel. Stjórnskipulag sem ekki er þingræðislegt – eins og í Finnlandi og Bandaríkjunum – greinir skýrar milli framkvæmdar- og löggjafarvalds en því fylgja líka ókostir (hugsanlegt þrátefli milli forseta og þings). Við samningu nýrrar stjórnarskrár þyrfti þá að huga að því hvernig skuli vinna gegn þeim.

Stjórnskipuleg staða forseta Íslands

Forseti Íslands er þjóðkjörinn og hefur því beint umboð íslensku þjóðarinnar til að gegna embætti þjóðhöfðingja. Vegna þess að forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt og er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, eins og segir í stjórnarskránni, er hann ekki pólitískur leiðtogi þjóðarinnar, heldur er það forsætisráðherra.

Segja má að raunverulegt vald forseta sé tvíþætt. Í fyrsta lagi getur hann haft raunveruleg áhrif á myndun ríkisstjórnar, sér í lagi ef myndun hennar dregst á langinn. Í því efni er hann þó ætíð bundinn af þingræðisreglunni. Í öðru lagi verður forseti ekki þvingaður til jákvæðra athafna ef hann vill það ekki. Að öllu jöfnu hvílir þó sú skylda á forseta að fara að tillögum ráðherra þegar teknar eru ákvarðanir, sem atbeina hans þarf til, svo sem ákvörðun um þingrof, enda bera ráðherrar bæði pólitíska og lagalega ábyrgð á slíkum ákvörðunum. Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti neitað að staðfesta lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Í því tilviki fær frumvarpið þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir þjóðaratkvæði, til samþykktar eða synjunar. Ef samþykkis er synjað falla lögin úr gildi, en ella halda þau gildi sínu.

EIRÍKUR TÓMASSON Prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Vald forseta

Til skamms tíma beitti forseti ekki þessu synjunarvaldi sínu og var því jafnvel haldið fram að hann gæti ekki gert það upp á sitt eindæmi. Árið 2004 ákvað núverandi forseti hins vegar að neita að staðfesta lagafrumvarp sem Alþingi hafði áður samþykkt. Með tilliti til þess leikur varla nokkur vafi á því lengur að synjunarvald forseta sé stjórnskipulega virkt. Á hinn bóginn reis tvíþættur ágreiningur um það, í kjölfar þess að forseti beitti þessu valdi sínu, hvernig skýra beri umrætt stjórnarskrárákvæði. Í fyrsta lagi hvort Alþingi hafi heimild til koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um frambúðargildi laga sem forseti hefur neitað að staðfesta. Þannig gerðist það árið 2004 að þingið felldi úr gildi hin umdeildu lög, áður en þau voru borin undir atkvæði þjóðarinnar. Í annan stað greinir menn á um það hvort unnt sé, að óbreyttri stjórnarskrá, að setja skilyrði fyrir gildi slíkrar atkvæðagreiðslu, eins og um var rætt árið 2004.

Skýrt orðalag

Meðal annars vegna þessa ágreinings er að mínu áliti brýnt að orðalag ákvæðisins um synjunarvald forseta verði gert skýrara, ef á annað borð er vilji til að hafa slíkt ákvæði áfram í stjórnarskránni. Þá sé ég ekki ástæðu til að afnema það, nema því aðeins að sá kostur verði tekinn upp að tiltekinn fjöldi þingmanna eða kjósenda geti krafist þess að lagafrumvörp verði borin undir þjóðaratkvæði, til samþykktar eða synjunar. Að öðrum kosti væri verið að þjappa valdinu saman í enn ríkari mæli en nú er, meðan við Íslendingar þurfum að halda í gagnstæða átt.

Stjórnskipulegt hlutverk forseta hlýtur að vera eitt af þeim atriðum sem kemur til skoðunar við fyrirhugaða heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Tel ég að ganga eigi að því verki með opnum huga, án þess að nokkur kostur sé útilokaður fyrirfram.

Leiðin út úr blindgötunni

Íslenska stjórnarskráin hefur lítið breyst í ýmsum veigamiklum atriðum allt frá árinu 1874 og er texti hennar mörgum torskiljanlegur. Nokkrar mikilvægar endurbætur hafa verið gerðar á undanförnum áratugum, svo sem um kjördæmaskipan, starfshætti Alþingis og síðast mannréttindaákvæðin 1995. Þær eru allar til bóta en mun meira þarf til svo að stjórnarskráin gefi glögga heildarmynd og umgjörð um stjórnskipulagið.

Meðal þeirra ákvæða sem minnst hafa breyst lúta að skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Texti stjórnarskrárinnar varpar til dæmis ekki nægilega skýru ljósi á hvar valdið liggur í raun og hver er verkaskipting á milli þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar við meðferð framkvæmdarvalds. Þá þarf að skýra hlutverk og vald ríkisstjórnar, stöðu starfsstjórna, þingrofsréttinn og hvernig standa beri að stjórnarmyndun svo nýleg dæmi séu tekin. Á meðan þessi atriði eru óljós verða þau stöðugt uppspretta ágreinings og togstreitu. Stjórnarskráin er þögul um samstarf við önnur ríki og alþjóðastofnanir, þótt áhrif alþjóðasamninga á íslenskt réttarkerfi og samfélag séu afar mikil. Þá virðist ríkisstjórnin oft einráð um ýmsar mikilvægar utanríkispólitískar ákvarðanir án þess að samráð við þingið sé tryggt.

BJÖRG THORARENSEN Prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Takamarkalaust vald

Mikið skortir þannig á að völd Alþingis séu nægilega tryggð og að því séu veitt skilvirk úrræði til að hafa eftirlit með stjórnvöldum og veita þeim nauðsynlegt aðhald. Sú staðreynd að hér hafa lengi ríkt sterkar meirihlutastjórnir hefur leitt til þess að mörkin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds verða óljós, vald ríkisstjórnarinnar virðist næstum takmarkalaust með óskoruðum stuðningi þingmanna stjórnarflokkanna. Of lítið er lagt upp úr samvinnu meirihluta þingsins við minnihlutann og vilja til þess ná samstöðu um umdeild mál. Því þarf að veita minnihlutanum stjórnskipuleg úrræði til þess að hafa meiri áhrif til dæmis með því að geta lagt umdeild mál í dóm þjóðarinnar.

Stöðnun

Ég tel að stjórnarskráin hafi að mörgu leyti staðnað og jafnframt misst tengslin við borgarana. Hvergi er þar minnst á nokkur grunngildi íslensks samfélags, svo sem lýðræði og réttarríki, að ríkisvaldið spretti frá þjóðinni og að hér ríki þingræði sem feli í raun í sér virkt pólitískt aðhald með ríkisstjórninni. Þegar áföll verða í samfélaginu er eðlilega leitað svara í grundvallarreglum stjórnskipulagsins, ekki síst um það hvar ábyrgðin liggi. Íslenska þjóðin hefur beðið allt of lengi eftir því að stjórnmálaflokkar nái þeirri samstöðu sem þarf til að endurskrifa nokkra þungamiðjukafla stjórnarskrárinnar. Það er skiljanlegt að þjóðin hafi misst biðlund og krefjist þess nú að fundinn verði nýr vettvangur, stjórnlagaþing sem er kjörið beint af þjóðinni. Þetta felur reyndar í sér að borgararnir hafi misst traust á æðstu stofnun lýðræðisins, Alþingi, og þjóðkjörnum fulltrúum þess til að leysa þetta mikilvæga verk af hendi. En nú virðist það eina leiðin út úr þeirri blindgötu sem heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar hefur ítrekað lent í og sú eina vænlega til að Alþingi öðlist á ný þann sess sem það verðskuldar.

Efling þjóðþingsins

Það hefur óneitanlega vaknað mikill lýðræðisáhugi á meðal Íslendinga upp á síðkastið, þótt ekki sé hann til kominn af góðu. Virkni borgaranna í umræðum um stjórnkerfið og þátttaka þeirra í þeim breytingum sem kunna að vera gerðar í kjölfarið, er mikilvægur liður í því að vel takist til um framhaldið. Það er því eðlilegt að nýta það lag sem nú er til heildarendurskoðunar á stjórnarskránni, sem hefur staðið til allan lýðveldistímann, án þess að tekist hafi að ljúka henni. Sú raunasaga er til marks um að það þurfi með einhverjum hætti að losa endurskoðunina úr þeim farvegi sem hún hefur verið í.

BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR Deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst.

Hávær krafa um stjórnlagaþing

Stjórnlagaþing er sú krafa sem nú er háværust og af mörgum talin líklegt til að skila okkur Íslendingum nýrri stjórnarskrá. Stjórnlagaþing hafa hins vegar verið útfærð með ýmsum hætti í gegnum tíðina og því mörg álitamál sem taka þarf tillit til áður en slíku þingi er komið á fót. Það er einkum tvennt sem skiptir máli í þeim efnum, annars vegar með hvaða hætti kjörið er til þingsins og hins vegar hvort niðurstöður þess séu bindandi eða ráðgefandi. Skal ekki tekin afstaða til þessara álitaefna hér, en vikið að öðru mikilvægu atriði sem er staða þjóðþingsins í stjórnskipulaginu.

Staða þjóðþingsins

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um þrígreiningu ríkisvaldsins. Ekki er því nánar lýst í ákvæðinu hvað einkenni hvern valdþáttanna þriggja eða hvar mörk þeirra liggja. Almennt er þó talið að löggjafinn sé þeirra æðstur og Alþingi sé æðsta stofnun samfélagsins. Deilt er um hvort þingið standi í reynd undir slíku sæmdarheiti og margir telja að hér á landi ríki ríkisstjórnarræði og að þingið veiti stjórninni jafnan lítið aðhald. Hvort sem reyndin er sú eða ekki, er eigi að síður mikilvægt að hlúa að möguleikum þingsins til að sinna þingeftirliti, sem er nauðsynlegur liður í því að bæta stjórnsýsluna og veita framkvæmdarvaldinu eðlilega viðspyrnu. Í nágrannalöndum okkar hefur mikil vinna átt sér stað á síðustu árum og áratugum til að efla eftirlitshlutverk þinganna, sem felst meðal annars í því að fela tilteknum fastanefndum eftirlitshlutverkið, skýrari verklagsreglum innan þingsins við mat á því hvort ásakanir um meint brot ráðherra í starfi séu á rökum reistar og setningu málsmeðferðarreglna fyrir rannsóknarnefndum, svo dæmi séu tekin.

Í ljósi þeirrar umræðu sem nú á sér stað um stjórnarskrárbreytingar, er mikilvægt að haft verði að leiðarljósi að eftir þær breytingar standi öflugt þjóðþing, sem hafi burði til að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald. Hvort hugmyndin um stjórnlagaþing sé til þess fallin veltur á því hvernig að málum er staðið og að sett verði skýr markmið um það hvert skuli stefna með setningu nýrrar stjórnarskrár.

LOKAGREIN
Millifyrirsagnir í textum fræðimannanna eru blaðsins.

Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

til afgreiðslu af lager

Eitt hagstæðasta verð á markaðnum

STURTUHORN

80x80 og 90x90 sm hægt að leggja upp að vegg (á lömum)

STURTUSKJÓL

90x185 sm hægt að leggja upp að vegg (á lömum)

heilir STURTUKLEFAR

KANTAÐUR: 70x70, 75x75, 80x80, 90x90 sm
RÚNAÐUR: 80x80, 90x90 sm

til afgreiðslu af lager

Sturtustangasett með 15cm sturtuhaus sem hefur 5 mismunadi stillingar, sturtubotn m/ botnstk, vatnslás og barka til að tengja.

Hert öryggisgler allan hringinn

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Vandinn við stjórn peningamálanna:

Rótin lifir

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Tvíþætt aðferð ríkisstjórnarinnar við að skjóta nýjum stoðum undir peningamálastjórn landsins hefur ekki verið traustvekjandi. Fyrri þátturinn byggðist á farsakenndum bréfasendingum forsætisráðherra til bankastjórnar Seðlabankans. Þær dugðu til að flæma einn bankastjóra úr starfi. Að öðru leyti voru þær Spaugstofufóður.

Seinni þátturinn fól í sér brottrekstur bankastjóra með flutningi frumvarps um breytingar á Seðlabankalögunum. Svo var kastað höndum til lagaundirbúningsins að jafnvel Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þurfti að gera við það athugasemdir. Þannig voru fyrstu skrefin að nýju markmiði um aukið traust á erlendum vettvangi stigin aftur á bak.

Þær breytingar sem meirihluti viðskiptanefndar Alþingis leggur nú til að gerðar verði á frumvarpinu eru hins vegar til bóta. Líklega þarf þó fyrr en síðar að búa betur um lagalega umgjörð æðstu stjórnar peningamála í landinu. Fram hjá því verður þó ekki litið að barið hefur verið í alvarlegustu bresti lélegs undirbúnings af hálfu forsætisráðherrans.

Fyrrverandi forsætisráðherra hafði lýst því að rétt væri að gera skipulagsbreytingar á yfirstjórn peningamálanna. Um það grundvallaratriði ætti því ekki að vera djúpstæður ágreiningur. Stjórnarandstaðan getur með rétti sagt þar á móti að hún hefði viljað taka á viðfangsefninu með öðrum hætti. Engum getur dulist að miklu betur hefði mátt standa að verki. Það raskar hins vegar ekki eðli málsins og því að breytinga var þörf.

Vandræðagangur forsætisráðherrans með brottrekstur bankastjóranna snýst þó ekki um það sem mestu máli skiptir varðandi stjórn peningamálanna. Vissulega voru stjórnunarbrestir í Seðlabankanum sem lutu að trúverðugleika. Hvað sem því líður er kjarni vandans þó grundvöllur peningamálastefnunnar. Lagaákvæðin um hann eru óbreytt. Engin áform eru um að endurreisa trúnaðarbrestinn þar um.

Engu er líkara en allir hafi gleymt því að krónan hrundi á undan bönkunum. Hrun hennar varð ásamt mörgum öðrum mistökum stjórnenda bankanna og annarra til þess að fjármálakerfið féll. Á erlendum mörkuðum er þetta mætavel ljóst. Það er því ekki traustvekjandi þegar forsætisráðherra beitir sér fyrir breytingu á Seðlabankalögunum án þess að taka á rót vandans. Hún lifir.

Á Alþingi ver enginn krónuna sem varanlegan lögeyri fyrir fólkið í landinu. Enginn fæst þó til að leggja á ráðin um aðrar lausnir. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar tala út og suður í þeim efnum. Þeir eru þó sammála um að taka ekki á þessu stærsta viðfangsefni sem blasir við í íslenskum stjórnmálum. Stjórnarandstaðan hefur ekki kynnt neinar lausnir í þessu efni heldur.

Framtíð þjóðarinnar ræðst af því hversu skjótt verður tekið á þessu öðru stærsta hagsmunamáli. Hitt eru ríkisfjármálin. Framtíðarlausnir taka tíma. Fyrir þá sök þarf að leggja línur þar um strax. Frestun lengir og dýpkar kreppuna. Komandi kosningar eiga því öðru fremur að snúast um framtíðarlausnir á þessum sviðum.

Pólitíska staðan er sú að VG ræður í raun peninga- og ríkisfjármálastefnunni. Í því ljósi og með því að rík rök standa til að samhæfa stjórn þessara þátta væri rétt að flytja peningamálin í fjármálaráðuneytið. Seðlabankinn lenti í forsætisráðuneytinu fyrir fáum árum í hrossakaupum um Byggðastofnun. Nýskipan stjórnsýslu þessara mála væri líka til þess fallin að auka traust.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Seljan/Sigurðardóttir

Í kvikmyndinni Frost/Nixon segir frá frægri viðtalsröð háðfuglsins Davids Frost við Richard Nixon, þar sem forsetinn bar af sér sakir vegna Watergate-hneykslisins og lét meðal annars þau fleygu orð falla að ef forsetinn gerði eitthvað þá væri það ekki ólöglegt. Björn Bjarnason hafði gaman af myndinni, eins og fleiri. Hann fjallar um hana á vef sínum og heimfærir atburðarásina upp á íslenskan veruleika á skemmtilegan hátt: „Orðaskipti þeirra Frosts og Nixons um virðingu fyrir lögunum voru í svipuðum dúr og orðaskipti þeirra Helga Seljans og Jóhönnu Sigurðardóttur í Kastljósi á dögunum, þegar hún talaði eins og tilgangur sinn helgaði meðalið og engu skipti, þótt dómari teldi aðferð hennar lögbrot." Þetta er líkast til í fyrsta sinn sem Jóhönnu er líkt við Nixon.

Heldur margir um hituna

Það stefnir í mikinn slag um fyrsta sætið á listum Vinstri grænna í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur. Þegar hafa gefið kost á sér ráðherrarnir Katrín Jakobsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, auk Álfheiðar Ingadóttur og Svandísar Svavarsdóttur. Þá hefur Paul Nikolov lýst yfir framboði í 1. til 3. sæti og Gunnar Sigurðsson í annað. Síðast bættust leikarinn Ari Matthíasson, Kvennalistakonan Anna Ólafsdóttir Björnsson og hagfræðingurinn Lilja Mósesdóttir í hópinn. Það eru níu – en toppsætin aðeins tvö.

Að græja eftir greifana

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðiprófessor sækist eftir öðru sætinu á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi. Segir hann það vel til fallið þar sem nú séu háværar kröfur um endurnýjun og eins um að fagmenntað fólk, sem hafi reynslu úr atvinnulífinu, komi að stjórn landsins. Kannski á rótarastarfið með Greifunum eftir að reynast honum vel fái hann tækifæri til að græja málin eftir greifana sem komu efnahag landsins um koll.

stigur@frettabladid.is/ jse@frettabladid.is

SPOTTIÐ

Óframbærilegir forystumenn

Íslands óhamingju verður allt að vopni. Á þessum örlagatímum eru forseti landsins og forsætisráðherra bersýnilega hvorug starfi sínu vaxin. Eins og til forsetaembættisins var stofnað, skyldi þjóðhöfðinginn vera sameiningartákn, án ábyrgðar á stjórnarathöfnum og því jafnframt án valda. Fyrri forsetar virtu þetta. Enginn þeirra gekk gegn vilja Alþingis. Ólafur Ragnar Grímsson brá út af þeirri venju og synjaði fjölmiðlalögunum 2004 staðfestingar, en þau áttu að koma í veg fyrir, að einstakir auðjöfrar réðu öllum fjölmiðlum. Ólafur Ragnar var nátengdur Baugsfeðgum, sem helst tóku lögin til sín: Dóttir hans gegndi yfirmannsstarfi hjá Baugi, og kosningastjóri hans 1996 var forstjóri Baugsmiðils.

Átökin um fjölmiðlalögin 2004 mörkuðu tímamót. Eftir þetta töldu auðjöfrar sér alla vegi færa. Þeir eignuðust flesta fjölmiðla. Forsetinn gerðist klappstýra þeirra og veislustjóri. Allir vita, hvernig þeirri ferð lauk. En Ólafur Ragnar Grímsson kann ekki að skammast sín, heldur talar ógætilega á erlendum vettvangi. Kunnir framsóknarmenn halda því síðan fram opinberlega, að hann hafi beitt sér fyrir myndun minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur í stað þess að leyfa stjórnmálaforingjum að reyna til þrautar myndun meirihlutastjórnar, eins og eðlilegt hefði verið. Sérstaklega hafi hann brýnt forystumenn Framsóknarflokksins til stuðnings við stjórnina. Ef rétt er, þá sýndi Ólafur Ragnar enn, að hann er ekki forseti þjóðarinnar allrar, heldur aðeins sumra vinstri manna að Baugsfeðgum ógleymdum.

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
Í DAG | Forseti og forsætisráðherra

Hinn nýi forsætisráðherra hlaut nýlega dóm fyrir valdníðslu. Hún hafði sem félagsmálaráðherra rekið mann úr trúnaðarstöðu vegna stjórnmálaskoðana hans. Sjálf gerði Jóhanna Sigurðardóttir að sérgrein sinni á árum áður að deila hart á ráðherra, ef fram kom einhver skýrsla eða álitsgerð um það, að þeir hefðu ekki þrætt lagabókstaf eða gætt meðalhófs. Nú virðist hún ekki hafa á öðru meiri áhuga en hrekja Davíð Oddsson seðlabankastjóra úr starfi, en hann er eini maðurinn í ábyrgðarstöðu á Íslandi, sem varaði við ofurvaldi auðjöfra og skuldasöfnun bankanna erlendis. Jóhanna Sigurðardóttir var ráðherra í hálft annað ár, áður en bankarnir hrundu. Hún bar fulla stjórnmálaábyrgð eins og aðrir ráðherrar. Hún hlustaði á viðvaranir Davíðs, en hafðist ekki að.

Eins og Einar K. Guðfinnsson bendir á, snýst seðlabankafrumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur ekki um stjórn peningamála, heldur brottrekstur Davíðs Oddssonar, án þess að hann hafi neitt til saka unnið. Við afgreiðslu seðlabankalaganna 2001 var Jóhanna þeirrar skoðunar eins og flestir aðrir, að tryggja yrði sjálfstæði bankans. Þess vegna vildi hún ekki, að forsætisráðherra réði seðlabankastjóra. Hún sagði þá: „Þetta getur varla þýtt annað á mæltu máli en að ef bankastjórinn fer ekki í einu og öllu að því sem forsætisráðherra segir þá eigi hann það á hættu að vera látinn fjúka. Eðlilegri stjórnsýsluhættir væri að bankaráðið réði sjálft einn bankastjóra sem ábyrgð bæri gagnvart bankaráði, sem gæti þá látið hann fara ef hann væri ekki starfinu vaxinn, frekar en að hann sé háður duttlungum og geðþóttaákvörðun ráðherra á hverjum tíma." Aumlegt er nú að sjá til hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* RÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LAMBAKJOT.IS er uppskriftavefur helgaður lambakjöti. Á vefnum má finna gómsætar uppskriftir að lambakjöti í forrétti og aðalrétti og grænmeti sem meðlæti. Einnig eru þar góð ráð við grillið.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Allt í steik

framlengt til 29. mars

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND
með appelsínusósu og kartöflukröku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

Nýr A la Carte hefst 30. mars!

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Örlygur Ólafsson er matreiðslumeistari á Súpubarnum í Hafnarhúsinu, þar sem hægt er að njóta dýrindis veitinga með útsýni yfir höfnina alla daga vikunnar frá klukkan 10 til 17, en til 22 á fimmtudagskvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Baunir og grasker, túkall!

Fátt er íslenskara en saltkjöt og baunir á sprengidag og þótt hefðbundna útgáfan sé sívinsæl og í miklu uppáhaldi eru möguleikarnir óþrjótandi þegar kemur að hráefninu, eins og eftirfarandi uppskrift sýnir.

„Þetta er baunasúpa fyrir grænmetisætur og reyndar alla sem langar í nýtt upplifelsi á sprengidag,“ segir Örlygur Ólafsson matreiðslumeistari á Súpubarnum í Hafnarhúsinu, sem opnaði með pompi og prakt um síðustu mánaðamót. „Baunasúpa þarf ekki að vera alltaf eins matreidd og þar sem við teljum okkur geta fundið svör við öllum góðum kjötsúpum með því að nota grænmeti í staðinn, mundi ég sennilega aldrei bera á borð hefðbundnu útgáfuna með saltkjöti,“ segir Örlygur um unaðslega baunasúpu sem sameinar það að vera bráðholl, bragðmikil og hreint syndsamlega góð.

Örlygs hefur verið sárt saknað síðan hann bauð upp á sælkerasúpur í nafni Súpubarsins á bensínstöð N1 í Borgartúni. „Það gengur alveg stórkostlega vel, enda Súpubarinn kominn á forréttindastað með flottasta útsýnisglugga Reykjavíkur. Ég er enn með þrjár vinsælustu súpurnar þaðan á boðstólum og svo eina breytilega í viku hverri ásamt síbreytilegum rétti dagsins, æðislegum, grilluðum samlokum, góðu kaffi og heimabökuðum kökum; súkkulaðisprengjum og speltvöfflum sem gerast ekki hollari. Hér finnst mér ég kominn heim og virkilega yndislegt að sjá kunnugleg andlit úr Borgartúninu mæta í súpuspón.“ *thordis@frettabladid.is*

HNAUSÞYKK, BRÁÐHOLL OG GÓMSÆT BAUNASÚPA

Örlygs súpumeistara **FYRIR 6**

3 laukar
1 blaðlaukur
2 gulrætur
2 skallotlaukar
2 hvítlauksgeirar
6 lauf af ferskri salvíu
1-2 l vatn
500 g baunir
1-2 kg rófur

Leggið baunir í bleyti í klukkustund. Saxið smátt einn lauk ásamt blaðlauk, hvítlauk, gulrótum og skallotlauk og steikið í olíu í örfáar mínútur. Bætið smátt saxaðri salvíu út í, ásamt baunum og einum og hálfum lítra af vatni. Þynnið síðar með vatni ef súpan á að vera þynnri. Sjóðið í tvo tíma á vægum hita. Saxið tvo lauka í báta og rófur í grófa bita. Sjóðið saman í hálftíma í mildum grænmetiskrafti. Setjið út í baunirnar þegar þær eru tilbúnar. Saltið og piprið eftir smekk. Skrælið um 30 þunnar sneiðar af litlu „butternut“-graskeri og djúpsteikið í örfáar mínútur á pönnu, ásamt afgangi af salvíulaufum, en gætið að hvort tveggja haldi sínum fallega lit. Þerrið á pappír og setjið á súpuna til skrauts.

HELGIN

TÓNLEIKAR íslenska kórsins Stöku sem starfar í Kaupmannahöfn fara fram á Háskólatorgi í dag klukkan 13, á Kjarvalsstöðum í kvöld klukkan 20 og í Reykholti í Borgarfirði á sunnudaginn klukkan 16.

teg. 3347 - BH mjúkur og mjög fallegur, samt haldgóður í CD skálum á kr. 3.850,- teg. 3348 - boxerbuxur í stíl í S,M,L,XL á kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 40 - 47
Verð: 11.500.- 12.450.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TOPPSKÓR Á RUGLVERÐI

40% afsláttur af öllum Ecco skóm

Ancona
E-8005400101
Litir: Svart og brúnt
40% Afsláttur

Neofusion Exprésso
E-4890411192
Litir: Brúnt
40% Afsláttur

Livorino
E-8051452569
Litir: Svart og brúnt
40% Afsláttur

Traverso
E-1771400101
Litir: Svart
40% Afsláttur

Traverso
E-1779451707
Litir: Svart og brúnt
40% Afsláttur

DownTown
E-4430451375
Litir: Svart
40% Afsláttur

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

OPIÐ MÁN.-FÖS. 11 - 18 · LAU. 11 - 16 · SUN. 12 - 16

Ásgeir Örn Þorsteinsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Flugfélaginu Erni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ísgolf á Vatnajökli. MYND/FLUGFÉLAGIÐ ERNIR

Fjórhjólaferð um strendur Hornafjarðar.

Eins og fuglinn fljúgandi

Ísland er landið og fósturjörðin eina. Eyjan sem á í okkur hvert bein og kemur við hjörtun í mikilfengleik sínum og náttúrufegurð. Því er útsýnisflug yfir snævi prýdd fjöll og dali, borg og bæi ósvikin skemmtun.

„Það er ævintýri að sjá stórbrotna náttúrufegurð Íslands með augum fuglsins fljúgandi og kemur flestum á óvart hversu ægifagurt vetrarríkið er," segir Ásgeir Örn Þorsteinsson, sölu- og markaðsstjóri Flugfélagsins Ernis, sem allan ársins hring býður upp á freistandi útsýnisflug, dagsferðir og helgarferðir fyrir ævintýraþyrstar sálir í leit að tilbreytingu og öðruvísi helgargamni.

„Vinsælasta útsýnisflugið er hálftímaferð yfir Nesjavelli, Þingvelli og Bláfjallasvæðið, en einnig tveggja tíma útsýnisflug yfir suðvesturhornið þar sem flogið er yfir Heklu, Tindfjalla- og Eyjafjallajökul, sem og Gullfoss, Geysi og fleiri fallega staði," segir Ásgeir um hreint einstaka upplifun sem sníða má að óskum hvers og eins og flétta inn í mat og drykk, gönguferðir, hestaferðir, jeppaferðir eða hverju því sem hugurinn girnist.

Ásgeir segir dagsferð til Grænlands sívinsæla, enda náttúrufegurð Grænlands einstök og ógurleg.

Séð yfir fjöll á Suðurlandi í heiðskíru vetrarveðri, en sýn á landið er einkar fögur og skörp úr lofti þegar kalt er í veðri. MYND/RAGNAR TH.

„Þá er lent í þorpinu Kulusuk á austurströnd Grænlands og gengið undir leiðsögn um þorpið þar sem borgarísjakar lóna á sjónum og stálgrá fjöll og snjór umlykja allt," segir hann.

Um þessar mundir býður Ernir upp á rómantíska helgi í Hornafirði og skíðaferð í Skagafjörð. „Þá fljúgum við á Höfn þar sem gist er á hóteli og er afbragðs humarstaður. Við Hoffellsjökul eru útipottar í náttúrunni, sem er rómantískt undir norðurljósunum. Einnig hægt að fara í vélsleðaferð á Vatnajökul eða fjórhjólafjöruferð um rústir frá stríðsárunum. Á Króknum er innifalin gisting, vélsleðaferð, skíðaferð í Tindastól og fleira," segir Ásgeir og hvetur ferðaglaða að leita tilboða. „Við púslum saman öllu því sem fólk dreymir um að gera." Nánar á www.ernir.is. *thordis@frettabladid.is*



Provence hjá Einari Ben

Nú eru Provence dagar á veitingahúsinu Einar Ben.
Nicolas Vergnaud yfirmatreiðslumaður er fæddur og uppalinn í Provence.
Hann mun töfra fram bragðgóða rétti frá æskustöðvum sínum
og mun veitingahúsið bera bragð og keim af Provence næstu daga.

Provence Menu

Salat með tígrisrækjum, lárperu, provencale böku og basil
Mesclun de Salade avec Crevettes et Avocad, Tian de Legumes et Basilic

Karfi á stökku skinni, salvíu smjör og íslenskt grænmeti í barigoule sósu
Sebaste Poélé au Beurre de Sauge, Petits Legumes Islandais en Barigoule.

Grilluð nautalund marineruð í kryddjurtum frá Provence,
fáfnisgras polenta og hvítlauksilmuð sósa
Filet de Boeuf Grillé aux Herbes de Provence, Polenta a la Sauge, Sauce Infusée a l Ail

Járnurt og sítrónu krap
Granité a la verveine et au Citron

Karamelaðar perur með Sichuan pipar á frönsku sætu brauði og gamaldags vanilluís
Poires Caramelisées au Poivre de Sechuan, Pain Perdue et Glace Vanille a l'Ancienne

5.990 kr. pr. mann

KONUDAGURINN Á SUNNUDAGINN
Starfsfólk veitingahússins Einar Ben vilja minna íslenska sem erlenda karlmenn á konudaginn sem er núna á sunnudaginn. Við bjóðum að sjálfsögðu upp á Provence matseðilinn og svo hin margrómaða A la Carte matseðil.
Gerðu vel við ástina í lífi þínu alla daga en sérstaklega á konudaginn,.

Einar Ben RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 20. febrúar 2009

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision í Rússlandi í maí

VIL LOSNA við barnastjörnustimpilinn

EFTIRSÓTT Í ÁSTRALÍU

Anna Ósk Erlingsdóttir hefur tekið myndir fyrir fræga hönnuði

FRJÓSEMI Í KREPPUNNI

Margir landsþekktir tónlistarmenn eiga von á barni á komandi mánuðum

ÁHERSLA Á AXLIRNAR

Berar axlir verða áberandi í vor- og sumartískunni í ár



Fit Pilates

í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9.

Nýtt 4 vikna námskeið að byrja, styrktu líkamann með skemmtilegum æfingum.
Enginn hamagangur heldur rólegar og árangursríkar æfingar.

HREYFI GREINING

Morguntímar, hádegistímar og kvöldtímar.
Skráning í síma 892-3808

núna

kætumst yfir konudegi

HELGI SELJAN SJÓNVARPSMAÐUR

„Ég ætla að varast það fyrst og fremst að gera einhver plön fyrir helgina. En ég ætla að reyna að komast út með dóttur mína, sem hefur verið í stofufangelsi vegna veikinda í á aðra viku. Svo langar mig í leikhús.“

Frjósamir tónlistarmenn

Þeim fjölgar óðum tónlistarmönnunum sem eiga von á barni á komandi mánuðum. Eins og komið hefur fram á Birgitta Haukdal von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum, Benedikt Einarssyni, í vor, en þau giftu sig í október síðastliðnum.

Söngkonan Védís Hervör á jafnframt von á sínu fyrsta barni um mitt sumar með Þórhalli Bergmann. GusGus- og Esjusöngvarinn Daníel Ágúst Haraldsson á von á barni með plötusnúðnum Kitty von sometime og mun það vera fyrsta barn parsins. Þá á tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson von á sínu fyrsta barni innan skamms með Elmu Stefaníu Ágústsdóttur, en það vill þannig til að fyrrum sambýliskona hans, stílistinn Agnieska Baranowska, á einnig von á sínu fyrsta barni um svipað leyti með plötusnúðnum Árna Einari Birgissyni.

Anna Ósk Erlingsdóttir ljósmyndari:

EFTIRSÓTT Í ÁSTRALÍU

Það var stór ákvörðun að flytja út og fara að læra ljósmyndun,“ segir Anna Ósk Erlingsdóttir sem sneri við blaðinu og fór að læra ljósmyndun á fertugsaldri. Hún sagði skilið við starf sitt sem aðstoðarkona aðstoðarforstjóra Íslenskrar erfðagreiningar og flutti til Svíþjóðar þangað sem leiðin lá svo til Ástralíu í ljósmyndanám.

„Ég fór að vinna á elliheimili í Svíþjóð til að læra tungumálið þegar ég flutti út, en var þá farin að hallast að ljósmyndun. Þegar ég var 35 ára flutti ég svo til Ástralíu þar sem ég fór að læra ljósmyndun og stuttu síðar var ég farin að vinna í fullu starfi fyrir ýmsa þarlenda hönnuði,“ útskýrir Anna Ósk sem vakti fljótt athygli fyrir ljósmyndir sínar. Ein mynd hennar birtist til að mynda á forsíðu ljósmyndatímaritsins Better Digital, ásamt ítarlegri grein um Önnu, en áður en hún lauk námi var ein af myndum hennar valin á sýningu í hinu virta ljósmyndasafni National Portrait Gallery í Canberra. „Myndin, sem nefnist Solitude, var keypt af listamanni og send til hans í pósti. Hann hringdi svo í mig nokkru síðar þegar myndin hafði ekki enn skilað sér og þá kom í ljós að hún hafði verið í póstvél sem fórst undan ströndum Sydney og flugmaðurinn látið lífið. Eigandinn segist ætla að hengja upp verkið hvenær sem það finnst, en það er eflaust enn einhvers staðar á sjávarbotni,“ segir Anna Ósk sem flutti heim til Íslands í apríl í fyrra.

„Það er mjög erfitt að fá vísa í Ástralíu ef þú ert komin yfir þrítugt og ert ekki hjúkka, múrari eða annað sem sóst er eftir. Þá er eiginlega eina leiðin að gifta sig, en þó svo að ég væri í sambandi í Ástralíu fannst mér það ekki rétta leiðin til að komast inn í landið og ákvað að flytja heim. Ætlunin er að flytja aftur út og vinna erlendis, en núna er maður bara að velta fyrir sér næstu skrefum og taka ljósmyndaverkefni hérna heima,“ segir Anna að lokum, en áhugasömum er bent á heimasíðu hennar www.annaosk.com. -ag

Eftirsótt Anna Ósk sérhæfir sig í listrænni tísku- og portrettljósmyndun. Ein af ljósmyndum Önnu birtist á forsíðu tímaritsins Better Digital.

betta HELST

Arangur fer eftir gæðum

Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · **18** amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®



Aukið úthald, þrek og betri líðan

Gott fyrir ræktina og mikið álag.
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisfluttning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni. www.celsus.is

Barn á hverri stundu hjá Sigríði Andersen

Kasólétt í prófkjöri

„Ég er sett á 4. mars en síðast átti ég viku fyrir settan dag og ég er komin 38 vikur á leið þannig að barnið gæti komið á hverri stundu,“ segir Sigríður Ásthildur Andersen, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins. Sigríður tekur þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem fram fer 13. og 14. mars.

Hún segir ekki hafa komið til greina að sleppa því að taka þátt þrátt fyrir að vera kasólétt í baráttunni og jafnvel nýbökuð móðir þegar það fer fram. „Ég á eina stúlku fyrir, þriggja ára. Sú fæðing og meðganga gekk mjög vel og meðgangan núna hefur sömuleiðis gengið vel. Ég á líka mjög góða fjölskyldu og góða stuðningsmenn að, það fer náttúrulega enginn einn í gegnum prófkjörsbaráttu.“

Sigríður hefur aðeins einu sinni tekið sæti á þingi en vonast til að tryggja sér öruggt þingsæti núna. Hún stefnir á eitt af efstu sætunum í kjördæminu. „Ég lít svo á að ég sé að svara kalli um endurnýjun,“ segir Sigríður sem starfar sem lögmaður á lögmannsstofunni Lex.

Kasólétt Sigríður er gengin 38 vikur og er eiturhress.

augnablikið

KOMDU OG KYSSTU MIG
Giorgio Armani fagnaði komu leikkonunnar og fyrirsætunnar Millu Jovovich í opnun nýrrar verslunar hans í New York. Búðin er við Fifth Avenue fyrir þá sem eiga leið hjá.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

ýmis tilboð
í gangi!

tilboðs horn!

þar fást gallaðar vörur
á mikið lækkuðu
verði!

FIÐRILDAKLEMMUR
tvær saman í pakka
verð 990,-

LUKT sór
hæð 80 cm
verð 12.900,-

LUKT stór, hæð 70cm
verð 12.900,-

LUKT mið, hæð 50cm
verð 8.900,-

LUKT lítil, hæð 40cm
verð 6.900,

LUKT mið
hæð 60 cm
verð 8.900,-

LUKT lítil
hæð 40 cm
verð 6.900,-

Nýtt!

Vorum að taka upp einstakar luktir!

Notalegar inni í vetur og upplagðar í garðinn í sumar.

Hálsmen á flottu verði!

HÁLSMEN sex litir
verð 1.290,-

litrikir púðar sem hleypa gleði í skammdegið

HÁLSMEN OG EYRNALOKKAR
sex litir **verð 990,-**

BORÐSKRAUT, í úrvali

PÚÐAR, margar tegundir
verð frá **1.990,-**
til **2.450,-**

the PIER

komdu inn í hlýjuna ...

Opið 11-19 mán-fös, 10-18 lau, 12-18 sun.
Lokað á Korputorgi sunnudaginn 22. feb. vegna talningar

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

* bak við tjöldin

Stjörnumerki:
Vog.

Besti tími dagsins:
Rétt fyrir hádegi.

Geisladiskurinn í spilaranum:
Mariah Carey.

Uppáhaldsverslunin:
Karen Millen.

Uppáhaldsmaturinn:
Pekingönd eða spagettí.

Líkamsræktin:
Æfi 5-6 sinnum í viku, lyfti og hleyp til skiptis, svo er ég líka hestum.



Mesta dekrið:
Heitt bað eftir erfiðan dag.

Mesta freistingin:
Ís með heitri karamellusósu!

Ég lít mest upp til...
Foreldra minna fyrir að vera góðar fyrirmyndir.

Áhrifavaldurinn?
Mamma mín fyrir að vera sú fyrsta til að hafa trú á mér sem söngkonu.

Draumafríið?
Fara til New York með múttu að versla og í leikhús og óperuna.

Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?
Minnka eða hætta fatakaupum.

ÆTLA AÐ GE MITT ALLRA BES

Jóhanna Guðrún
hefur sungið frá því að hún var tveggja ára gömul. Í dag er hún orðin átján ára og er á leiðinni til Moskvu sem fulltrúi Íslands í Eurovision.

Viðtal: **Indíana Ása Hreinsdóttir**
Ljósmynd: ***Anton Brink***

Ég vona af öllu hjarta að sigurinn eigi eftir að hjálpa mér við að losna við barnastjörnustimpilinn en maður veit aldrei. Sumir eiga erfitt með að sjá mig sem fullorðna konu í stað lítillar stelpu með tíkarspena og það er erfitt að vinna vinnuna sína þegar fólk tekur mann ekki alvarlega," segir söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, fulltrúi Íslands í Eurovision-keppninni sem fram fer í Rússlandi í maí. Eins og alþjóð veit sigraði Jóhanna Guðrún í keppninni hér heima síðasta laugardag með laginu Is It True eftir Óskar Pál Sveinsson.

Þrátt fyrir að vera aðeins 18 ára gömul er Jóhanna Guðrún langt frá því að vera nýgræðingur í tónlistarbransanum en hún hefur starfað sem söngkona frá níu ára aldri. Sjálf segist hún reyndar hafa sungið frá því hún var tveggja ára. „Það hefur aldrei komið neitt annað til greina hjá mér en að verða söngkona og mamma segist meira að segja hafa fundið að ég væri eitthvað öðruvísi strax á meðgöngunni. Ég var óvenjulegt barn, ekkert betri eða verri en bræður mínir, bara öðruvísi," segir Jóhanna Guðrún brosandi.

Jóhanna ólst upp í Hafnarfirðinum og eftir Setbergsskóla lá leiðin á félagsfræðibraut í Flensborg. „Mér gekk ágætlega í skóla, var hvorki lélegur námsmaður né einhver dúx, en námið hentaði mér ekki. Ég vissi alveg hvað ég vildi gera." Ef hún hefði ekki sönginn segir hún eitthvað annað tengt listinni hafa orðið fyrir valinu. „Ég hef engan áhuga á að læra náttúrufræði eða eitthvað slíkt svo ef ég yrði að velja eitthvað annað en söng yrði það leiklist eða dans."

Það er í nógu að snúast hjá Jóhönnu Guðrúnu því það er að mörgu að huga fyrir stóru keppnina í Moskvu. Auk þess er hún sjálf að kenna söng í Söngskóla Maríu Bjarkar og í söngnámi í Söngskóla Reykjavíkur. „Svo er ég að vinna á fullu við að syngja, mæta á fundi og í viðtöl. Sérstaklega í kringum Eurovision. Þetta er mikil pressa en rosalega spennandi tækifæri."

MARKIÐ EKKI SETT Á HEIMSFRÆGÐ

Jóhanna segist laus við sviðsskrekk og kvíðir ekki fyrir að syngja frammi fyrir milljónum manna um alla Evrópu. „Ég hef góða reynslu og hef sungið frammi fyrir fullt af fólki þótt það sé ekkert í líkingu við þennan fjölda," segir hún og bætir við að henni takist einhvern veginn að róa sig áður en hún stígur á svið. „Maður er alltaf með smá stresshnút í maganum sem er bara eðlilegt en ég er alltaf róleg þegar ég fer upp á svið. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég róa mig, það er eins og líkaminn fari í ákveðið ástand og ég byrja bara að geispa. Ég er heppin því stressið getur skemmt fyrir og öryggi skiptir gríðarlegu máli í þessum bransa."

Jóhanna Guðrún hefur verið með annan fótinn í Bandaríkjunum frá tólf ára aldri en hún segir markmiðið aldrei hafa verið sett á heimsfrægð. „Ég var heppin að fá þetta tækifæri og starfaði með afar færu fólki sem þroskaði mig sem tónlistarmann. Það var bara enginn markaður fyrir tólf ára stelpu og í dag hefur markaðurinn tekið dýfu vegna efnahagsástandsins. Mig langaði aldrei að verða næsta Britney eða Christina Aguilera, mitt markmið var einfaldlega að geta lifað af tónlistinni og haft það gott," segir hún.

Hún segist ekki hafa fundið fyrir þeirri kröfu að hún þyrfti að ýta undir kynþokkann á meðan hún reyndi fyrir sér í Ameríku. „Ég var svo ung og ekki komin á þann stað að koma fram einhvers staðar." Öllum að óvörum tók Jóhanna Guðrún að sér aðalhlutverkið í Madonnu-sjóvinu á Broadway í fyrra og túlkaði hina ögrandi söngkonu, þá 18 ára. „Mér fannst það ekkert mál og þetta gekk mjög vel. Ég var bara að leika þennan karakter, þetta var ekki ég."

LAGIÐ GETUR EKKI KLIKKAÐ

Jóhanna segist ekki hafa trúað því að hún myndi sigra keppnina hér heima. Öll lögin hafi haft sína kosti og komu til greina sem sigurvegarar. „Að mínu mati var alveg fullt af góðum lögum þarna og mér fannst til dæmis lagið hans Jógvans æðislegt. Hann er líka svo flottur með fallega útgeislun. Edgar Smári var líka flottur og lagið Easy to Fool kom vel til greina sem og Elektra. Hins vegar er ég mikil keppnismanneskja og reyndi að halda væntingunum niðri á jörðu því annars yrði ég brjáluð ef ég myndi ekki sigra," segir hún og hlær.

Lagið Is It True er falleg ballaða og Jóhanna hefur tröllatrú á því. „Eins og ástandið er í þjóðfélaginu held ég að fólk sé ekki í stuði fyrir eitthvert djókatriði. Núna ætlum við að gera þetta að alvöru og senda fallegt lag og klassískt atriði. Ég vona bara að þetta virki og við munum gera okkar besta til að gera þetta eins sviðsvænt og hægt er," segir hún og bætir við að hún sé ekki búin að velja kjólinn. „Ég er bara búin að ákveða að hann verður geggjað flottur," segir hún hlæjandi.

UNG OG ÁSTFANGIN

Jóhanna Guðrún býr í foreldrahúsum en foreldrar hennar hafa staðið við bakið á henni í gegnum allan hennar feril. Hún segist mikil mömmustelpa og hefur þegar fengið leyfi fyrir að mamma hennar komi með út til Rússlands. „Ég verð að hafa mömmu með og helst pabba líka. Þau hafa alltaf stutt við mig og ýttu mér í þessa átt þegar ég var lítil og fyrir það er ég mjög þakklát," segir hún og bætir við að þau séu rosalega spennt fyrir hennar hönd.

Þrátt fyrir að hafa verið í sviðsljósinu frá barnsaldri hefur Jóhönnu Guðrúnu tekist að halda sér vel á jörðinni og vill helst vera heima í faðmi fjölskyldu og vina. „Ég er dálítið gömul kerling í mér, hef aldrei drukkið áfengi og stunda ekki djammið. Mér finnst miklu skemmtilegra að vera með vinunum, fara í ræktina og svo er ég mikil hestakona og á þrjá hunda." Hún viðurkennir að ferillinn hafi tekið sinn toll, hún sé til að mynda ekki í jafn miklu sambandi við vinkonurnar og áður enda séu leiðir þeirra ólíkar.

Jóhanna er á föstu en sá heppni heitir Ólafur Friðrik. Þau hafa verið saman í tvö ár en höfðu lengi vitað hvort af öðru. „Hann bjó í næsta húsi og við vorum saman í skóla. Við byrjuðum bara að hittast einn góðan laugardag og höfum ekkert hætt síðan," segir hún og viðurkennir að hún sé ástfangin. „Við deilum áhuganum á tónlistinni,

RA STA

Örugg „Maður er alltaf með smá stresshnút í maganum sem er bara eðlilegt en ég er alltaf róleg þegar ég fer upp á svið,“ segir Jóhanna.

hann er svona dundari og spilar á gítar og er mjög mikill áhugamaður um tónlist,“ segir Jóhanna og bætir við að það væri frábært að hafa hann með út til Rússlands líka.

Á TOPPI FERILSINS

Jóhanna hefur eins og flest aðrir Íslendingar fylgst með Eurovision-keppninni í gegnum árin en hún segist enginn gúrú um keppnina. Uppáhalds Eurovision-lögin hennar eru All Out Of Luck með Selmu og Waterloo með Abba. Aðrir áhrifavaldar þegar kemur að tónlist eru Whitney Houston, Celine Dion og Mariah Carey. „Ég hef alltaf verið veik fyrir þessum stóru söngkonum og svo tók ég Madonnu-tímabil eins og flestar stelpur,“ segir hún og viðurkennir að auðvitað vonist hún eftir að tilheyra hópi þessara díva í framtíðinni.

Talandi um framtíðina. Aðspurð segist Jóhanna Guðrún vonast til að hún eigi eftir að geta lifað sem söngkona. „Það er ekkert sjálfgefið að það sé hægt. Landið er lítið og verkefnin takmörkuð svo ég vonast til að geta farið út fyrir landsteinana með tónlistina mína,“ segir hún en plata hennar, Butterflies and Elvis, kemur aftur í búðir á næstu dögum.

Varðandi ráð handa stelpum sem vilja feta í hennar fótspor segir Jóhanna að metnaðurinn skipti öllu máli. „Maður verður líka að vera með bein í nefinu. Þótt það sé mikið af góðu fólki í bransanum hér heima eru hætturnar margar og maður verður að hafa báða fætur á jörðinni og hugsa vel um sig. Eins er gott að hlusta á þá sem eru eldri og vitrari en hafa það alveg á hreinu að það ert þú sem tekur ákvörðunina,“ segir hún ákveðin og viðurkennir að vera í dag á toppi síns ferils. „Já, það má segja það,“ segir hún og bætir við að næsta markmið sé að fara til Rússlands og gera sitt allra besta. „Vonandi tekst það og opnar dyr að einhverju skemmtilegu.“

Karlmannlegur ferskur ilmur

Nýr ilmur frá Hugo fyrir karlmenn er væntanlegur í búðir eftir helgi, Hugo Element. Ilmurinn er karlmannlegur, ferskur og nútímalegur segja framleiðendur en það lætur vel í eyrum flestra karla sem kvenna. Útlitið á flöskunni sem ilmurinn kemur í er líka einkar flott, fyrirmyndin er súrefnishylki og hönnunin ber vott um frumlega hugsun Hugo. Karlmenn sem vilja ilma vel og konur sem vilja vel lyktandi karla geta fest sér eintak í öllum helstu snyrtivöruverslunum og apótekum frá og með mánudeginum.

FYRIR YKKUR STELPUR!
UMA.is

Fjögurra vikna lúxusnámskeið
fyrir konur og karla

MISSTUM 23 KÍLÓ
TIL SAMANS Á 3 MÁNUÐUM
Kristbjörg og Guðbjörg Sveinbjörnsdætur

Við systurnar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnari Má þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og vellíðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.

ÉG GERÐI ÞETTA AF SKYNSEMI
ÞÚ GETUR ÞAÐ LÍKA
María Másdóttir

Frábær leiðsögn, frábær stöð og mesta aðhald sem hægt er að fá. Betra en einkaþjálfun! Svo er líka fínt að kílóin fuku og orkan hefur aukist og almenn vellíðan. Ég missti 6,2 kg á 4 vikum. Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 2. mars
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

Styrkur og hugarró

Angelica er íslensk náttúruafurð úr ætihvönn. **Angelica** inniheldur heilsubætandi efni sem geta dregið úr kvíða og gefið þér aukna orku.

Sæktu styrk í íslenskt náttúruafl!

úr íslenskum Náttúru-vara Lækningajurtum

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Fáanlegt í lyfja- og heilsuvöruverslunum og völdum stórmörkuðum

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

Opið virka daga 9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardaga 9⁰⁰ - 13⁰⁰

tíðin

* lærum eitthvað nýtt

SANNLEIKURINN UM LÍFIÐ Pétur Jóhann Sigfússon þykir án efa einn fyndnasti leikari Íslands og gefur ekkert eftir í nýju verki í Borgarleikhúsinu. Skelltu þér í leikhús á konudaginn og sjáðu sprenghlægilega leiksýningu eftir Sigurjón Kjartansson.

EAGLES TÓNLEIKADISKURINN

ENGILLINN Þetta var það síðasta sem ég fékk að gjöf frá Gunnari heitnum vini mínum en engilinn fékk ég í 23 ára afmælisgjöf og er eitt það dýrmætasta sem ég á.

GRILLIÐ

TOPP 10

PARTNERS-SPILIÐ Þetta spil fæst ekki á Íslandi og fengum við það sent frá vinahjónum okkar í Danmörku. Allir sem spila þetta spil gjörsamlega kolfalla fyrir því. Mjög mikið spilað heima.

LIVERPOOL FLASKAN

FÆÐINGAR- OG SKÍRNARGJÖFIN

HEIÐAR AUSTMANN
útvarpsmaður

GOLFSETTIÐ

RAKSPEGILLINN Þennan spegill fékk ég að gjöf frá ömmu minni þegar ég var aðeins 13 eða 14 ára gamall. Mjög sérstök gjöf sem mikið var hlegið að á sínum tíma en hefur fylgt mér hvert sem ég fer og er alltaf notaður.

LOTR-SETTIÐ Þetta eru einhverjar bestu myndir sem gerðar hafa verið. Nýt þess alltaf að horfa á þessar myndir og þá sérstaklega að taka maraþon um jólin.

GULLPENINGURINN Þennan pening keypti ég í Austurríki þegar konan og ég vorum stödd í Kehlsteinhaus sem var tehús Hitlers í gamla daga. Held mikið upp á hann og er frábær minning um gott sumarfrí.

GÖTUMARKAÐUR
50-70% afsláttur
Fatnaður · skór · fylgihlutir
Opið:
föstudaga 11-18 laugardaga 11-17
Nýtt kortatímabil
galleri laugavegi 91
FATÓ gs skór galleri sautján
www.ntc.is

Díva Grófar keðjur á kjól Natalie Cole vöktu athygli á hátíðinni.

Blá Cheryl Crow skartaði fagurbláum látlausum kjól á Grammy-verðlaunahátíðinni.

Ófeimin Söngkonan Estelle kom fram ásamt Kanye West í þessum sérstaka kjól.

Flottir kjólar vestanhafs:

Áherslan á axlirnar

Vortískustraumarnir leyndu sér ekki á Grammy-verðlaunahátíðinni sem fram fór í Los Angeles fyrir skömmu. Stjörnurnar voru hver annarri glæsilegri á rauða dreglinum og kjólarnir vöktu mikla eftirtekt eins og vanalega. Fjölbreytt snið með mismunandi áherslum á bera handleggi og axlir verða meira áberandi eftir því sem nær dregur sumri. Berar axlir voru sérstaklega áberandi á Grammy-verðlaunahátíðinni og þær voru ófáar tónlistarkonurnar sem skörtuðu síðkjólum í takt við vortískuna. Eins og sjá má voru sniðin og litirnir jafn mismunandi og þær voru margar og verður hver að dæma fyrir sig hver átti vinninginn.

Kleopatra Kristbjörg



Brot úr bókinni
Hermikrákuheimur

En konur eru gáfaðar og þroskaðar, þess vegna taka þær kynlíf alvarlega og þær tengjast mönnunum sem þær eru með kynferðislega. Þær vita og finna að kynlíf er mál, það er það nánasta sem til er. Þú kemst ekki nær annarri manneskju.
Þú ert að afhjúpa þig og gefa líkama þinn og sál. En karlmenn eru eins og skepnur og geta bara riðið eins og ekkert sé, vitið er bara ekki meira.
Mér finnst það nú líka skortur á sjálsvirðingu að geta makað sig upp við einhverja og svo er það bara búið og ekkert mál.Hvað þá að geta makað sig upp við hverja sem er.
Skyndikynni eru eitthvað svo sjúkt, svo sóðaleg og sýna mikla heimsku og skort á sjálfsvirðingu.

ÁHRIFA-valdurinn

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

Erla Ósk Ásgeirsdóttir stjórnmálafræðingur

„Minn helsti áhrifavaldur hefur verið Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Hún hefur alltaf staðið fyrir gildum sem ég ber virðingu fyrir og hef reynt að tileinka mér. Hún hefur alltaf verið óhrædd við að takast á við verulegar áskoranir og litið á hindranir sem verkefni til að leysa. Jafnvel þegar hún hefur verið talsmaður bjartsýni og réttlætis ásamt því að vera baráttumaður fyrir framgangi og samstöðu Íslendinga. Ég man enn þegar ég var ung að árum og hún heimsótti Stykkishólm þar sem ég var búsett. Ég fékk að gróðursetja með henni nokkur tré og þetta er ein af þessum minningum úr æskunni sem lifir hvað sterkast.

föstudagur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 20. FEBRÚAR 2009

KLINGENBERG SPÁIR

Sölvi Tryggvason fjölmiðlamaður

„Sölvi er fæddur 10.12.1978 og er því 29, 11, 2. Tvisturinn hefur oft hæfileika kamelljónsins. Hann getur aðlagað sig að öllu sem kemur upp í lífi hans, breytt um útlit, sett inn kraft sem þarf, svo ekkert mun í raun og veru hindra þann mann sem fæddur er þennan dag. Hann er það ákveðinn að komast langt að það er nákvæmlega sama hvað lagt er í götu hans, hann vippar sér bara yfir það. Hann fær fólk til að vinna með sér eins og forystusauður fær hjörðina til að elta sig heim. Hann fyllir fólk eldmóði og það mun treysta á hann allt til dauða.

Sölvi hefur mikla þjónustu- og sölumannshæfileika, og það er í raun allt sem þarf til þess að lífið leiki við þig. Ég get ekki betur séð en að þessi blessaði maður eigi eftir að láta í sér heyra í pólitík vegna þess að hann hefur sterkar skoðanir á öllu og er réttlætissinni per excellans. Hann er hrifinn af öllum græjum og verður að hafa allt tipp topp í kringum sig.

Ellefu er masterstala sem færir fólki aukna töfra. Sölvi þarf að hafa allt fullkomið í lífi sínu, þar af leiðandi er förunautur hans hinn fullkomni einstaklingur. Sölvi á eftir að eignast hina fullkomnu biblíusögufjölskyldu og börn hans eiga eftir að hafa krafta í kögglum og gott ef ég sé ekki einn eða tvo merkilega íþróttamenn. Við þurfum ekkert að tala neitt sérstaklega um þennan þátt sem Sölvi er að byrja með á Skjá einum því allt sem hann ætlar sér gengur vel. Til hamingju með lífið Sölvi minn.“

www.klingenberg.is

FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Björn Sveinbjörnsson

Ég byrja á því að vakna og fá mér góðan kaffibolla.

Núna fer ég í vinnuna og á fundi, en á sumrin þá væri það golfvöllurinn.

Svo er það ræktin í hádeginu og aftur í vinnu þangað til búðunum lokar.

Út að borða með konunni á kósý stað.

Svo enda ég daginn á því að kúra undir sæng með konunni og við horfum á góða mynd.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is

NISSAN TERRANO II. Árgerð 1998, ekinn 170 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Tilboðsverð 399 þús verð áður 690 þús

FORD ESCAPE XLS. Árgerð 2002, ekinn 80 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Tilboðsverð 790 þús verð áður 1290 þús

JEEP GRAND CHEROKEE SRT 8. Árgerð 2007, ekinn 13 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Tilboðsverð 4290 þús verð áður 6290 þús

ISUZU TROOPER. Árgerð 2001, ekinn 117 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Tilboð 890 þús Listverð 1490 þús

OPEL COMBO C VAN MEÐ GLUGGUM. Árgerð 2004, ekinn 51 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Tilboðsverð 890 þús listaverð 1400 þús

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

STAÐGREIÐSLA Í BOÐI.
Óskum eftir að kaupa Toyota Corolla árg.'93 - '01 ,ásamt fleiri tegundun af sömu árgerð. Upplýsingar í síma.562-1717 og 8673769 hjá Bílalíf,Kletthálsi 2. bilalif@bilalif.is

Bílalíf
Kletthváls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

SPORTX

Troðfull búð af flottum og góðum YIBEN vespum 2009 árgerðirnar, ásamt fleiru. Verslun og viðgerðaþjónusta, skoðaðu úrvalið á www.sportx.is

UTV 700 4x4 götuskráður 1.190 þús

Sport-X
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri
Sími: 5642323
www.sportx.is

SPARbíll

2008 Jeep Grand Cherokee SRT8 6.1 L
Ekinn aðeins 8þ.km Fjarlægðarskynjarar. Fjarlæsingar. Bakkmyndavél. Sóllúga. Hiti í sætum. Leður. Minni í sætum. Stöðugleikakerfi - 20" álf . „My-GIG Multimedia System" með 20GB hörðum disk fyrir músik og myndir. Dvd kerfi. Ofl . 4ra ára ábyrgð. 5 sec í 100km/klst. Magnað tryllitæki á frábæru verði ! Verð aðeins kr: 6.290þ

Lítið ekinn eðaljeppi
Jeep Grand Cherokee Limited Hemi 5.7L. 2005 ÁRGERÐ. Ekinn aðeins 28þkm !. Sjálfskiptur - Leður - Sóllúga - Dráttarkúla. Ofl . Svartur. Verð aðeins 3.290 þ.

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

TOYOTA SELFOSSI

Óska eftir Toyota Land Cruiser 80 Dísel. Einungis með 24 ventla vélinni. Er verið að leita eftir góðu eintaki. Nánari uppl í síma 480-8000. Einnig má senda upplýsingar um bíla á kiddi@toyota-selfossi.is

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

TILBOÐ 990 þ.
VOLVO S40 TURBO 160 HÖ, árg 2001, ek 62.þ mílur, Sjálfskiptur, Leður, Topplúga, Mjög flottur, Ásettverð 1.190. þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100 bílar bílasala .is

Nissan NAVARA 4WD DOUBLE CAB MT SE árg.09/06, ek.46þús, beinsk, Álfelgur, Dráttarbeisli, Líknarbelgir, Plasthús, Ásett verð 2990 þús.kr. , Tilboð 2500þús.kr staðgreit!!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Diesel bíll!!!!
Land Rover Freelander 2.0 diesel nýskr 11/99 ekinn 211 þ km 5 gíra, kastaragrind, olíumiðstöð með fjarstýringu, álfelgur, 4x4, heilsársdekk, mikið endurnýjaður s.s tímareim, bremsur, ofl. Skoðaður 2010, fæst á 390.000 upplí síma 861-7600

VW Golf árg. '00 1.6. 5 g., ek. 97km. Uppl. í s. 616 2597.

Tómstundahúsið

Plastmódel í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is

Volvo 850 '94 ssk. Leður , innb.barnast., ek. 240þ. Gott eintak. V. 360þ. S. 862 1116.

Til sölu Mercede Bens E290DT árg. '98, dökkgrænn, 5 cyl diesel 4dr. ssk. m. toppl. sjónvarpi ofl. Í góðu lagi og skoðaður. Verð kr. 420.000. Uppl. í s. 892 9171.

Íslenskt lán!!!!
Ford Explorer v8 Limited, 6. manna. árgerð 2005 ekinn 68.000 Verð. 2.990 þús áhvílandi 2.730.000 þús. Uppl. í s. 891 6401.

Benz Vario með hillukerfi Frábær sem verkstæði eða sölubíll. Góður í húsbíl. 2003 árg. Lítið keyrður. Tilboðsv. 2.450 þús. Uppl. í 821-7537.

0-250 þús.

!! Ný skoðaður á 100 þús !!
Opel Corsa Eco 96" ekinn 125þ , eyðir 4-5l sumar og vetrardekk uppl 894-6383

Bílar óskast

Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Vantar ódýran bíl. Má þarfnast smá lagfæringar. Á 10-95 þús. S. 857 9326

Óska eftir Toyota bifreiðum árg '85-'88 til útflutnings, ástand skiptir ekki máli, Corolla, Hilux, Hiace, landcuiser, Carina. Á verðb. 20- 150 þús. S. 770 6400 & druslubilar@visir.is

Óskum eftir eftirfarandi bifreiðum til kaups:
Allt staðgreitt .Toyota Hi lux, Toyota hiace ,Mcc L-200, MMC Pajero, Toyota landcricer, Toyota Camry, Nissan pikkup, Nissan sunny, Honda crv. Árgerðir Frá 1986-1997 Verð frá 15-400 þús Bílabankinn 588-0700 bilar@bilabankinn.is Bílarnir þurfa ekki að vera í topp standi, mega vera ryðgaðir og bilaðir.

Sendibílar

Ford Transit 100T300 árg. '05 ek. 37þ. Verð 2450þ. Uppl. í s. 897 3776.

Jeppar

38" breyttur Nissan Patrol árg 2000 ek. 152 þús,ssk, með leðri og lúgu, VHF talstöð, nýleg dekk, nýskoðaður 2010, tölvukubbur,loftdæla, ofl. skipt um vél í 50 þús.km og nýleg túrbína. Verð 2590 Tilboð 2090 þús. Uppl í síma 660 1334 eða 691 4441

Mótorhjól

Til sölu Honda crf 250cc árg 07". Græjan er sem ný. Sjón er sögu ríkari. Ekinn 35-50 tíma nýr stimpill ný dekk ofl. Hjólið hefur ekki verið notað sem keppnishjól. Verð 600 þús. Upplýsingar i sima 6592961

Fjórhjól

Óska eftir enduro eða götuhjóli í skiptum fyrir nýjá kerru frá víkurvögnum verð allt að 900þús. Uppl. í síma 822 8808.

KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBÆRT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

Can-am 800 OUTLANDER tveggja manna götuskráð árg 06-2008 ekið 1900km, spil,vindhlíf. verð 1750þús S 6595055

FJÓRHJÓLADRIFIN GÖTUSKRÁÐ FJÓRHJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI. HAGKAUP GARÐABÆ S. 563 5000.

Vélsleðar

Til sölu YAMAHA RX1 árg. 2003 stuttur ekinn 1200KM. Uppl. í s. 893 6320.

Kerrur

Eigum enn þá örfáar kerrur eftir á gamla verðinu kr 99.999 og 199.999 til sýnis og sölu hjá Hagkaup Garðarbæ.

Vinnuvélar

Nýl. vöru og dráttarbílar til sölu 8x4, 4x4, 6x6. Einnig véla og flatvagnar. Ísl. fjárm. sk. mög. Uppl. s. 824 1840 Landsverk ehf.

Nýl. hjólaskóflur, „Búkollur" valtari, þjöppur, skotbómulyftari, ljósavélar, fleygar, ýmsar skóflur, ofl. til sölu. Uppítaka mögul. Ísl. fjárm. Uppl. s. 824 1840. Landsverk ehf.

Bílar til sölu

Bílás
Bílasala Akranes

Vinnuvélar

Traktor óskast !
Óska eftir að kaupa traktor, yfir 50 hestöfl. Má ekki vera breiðari en 130cm. Uppl. í s. 896 6151.

SKOTBÓMULYFTARI - Óskast af minnigerðinni. Uppl. haukam@mmedia.is og síma 896 2141.

Óska eftir eftirtöldum Liebherr krönum árgerðir 2004-2008:

71K
41K
22-HM
13-HM

Upplýsingar í síma 821 9980

Varahlutir

Til sölu varahlutir í Musso, Lanos, Renault og Skoda octavia. Uppl. í síma 894 0068.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

KEYPT & SELT

Til sölu

Fullkomið myndavélakerfi á frábæru verði! 4 myndavélar ásamt stafrænu upptökutæki. Auðvelt að skoða upptökur aftur í tímann og í gegnum internetið. Nánari upplýsingar í s. 867 7866 & 862 2121.

Fundarhamrar og listavel gerðir trérennihlutir upplýsingar í síma 8962773 Eddi

stubbahus.is
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Útsala!
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sótthreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.

Útsala!
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.

Vespur
Vorum að fá Ítalskt hannaðar vespur á verði sem þekkist ekki lengur kr 285,000,- 50cc kr. 335,000,- 125cc svartar og hvítar. Sjón er sögu ríkari

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is



Bergiðjan ehf
Smiðshöfði 12, Reykjavík

867 3245 / 869 1690 /

699 2698
Trétröppurnar vinsælu komnar aftur.
Jafnframt tökum við að okkur alla almenna trésmíðavinnu.

Til sölu rúmdýna 156x2 á 5þ. og 24" sjónvarp 15þ. S. 567 2827.

Er með 100þ. dollara til sölu. Fer til hæstbjóðanda. Uppl. dollarar@live.com

Óskast keypt

Kaupum ýmislegt gamalt dót
30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl.
Fríða frænka, Vesturgata 3,

Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.
S. 551 4730 & 864 2223.

Sambyggð trésm.vél óskast keypt t.d Robland eða samsvarandi. Uppl. í s. 897 0800.

Óska eftir að kaupa CD og DVD diska. Uppl. í s. 698 8629.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Verslun

Komnar með til leigu í stærðum 1 árs upp í stórar herrastærðir, Ísl. hátíðarfötin smoking, kjólföt og Sjaket, Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju Faxafeni 9 S. 567-0990

Nýjar vörur komnar
Endilega kíktu inn á www.gala.is Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (Bláu húsunum Faxafeni) S.588 9925 Opið 11-18.laug 11-16.

Allir öskudagsbúningar á 2.000 kall! Mikið úrval. Partýbúðin, Faxafeni 11.

Ýmislegt

DAL.IS, lagerútsala á blöndunartækjum, sturtupanilum, sturtuklefum og fl. Mikill afsláttur. Uppl. í síma 8977151. Opið 10:30 til 12:30 á laugardag.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

Trjáklippingar - garðyrkja.
Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.
Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643.

Trjáfellingar
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Bókhald

Bókhaldsstofa Óskars Sigurðssonar ehf.
S.557 6672 & 865 9328 sigurdsson.oskar@gmail.com www.oskarsig/com

TÓMAS BÓKARI & VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR
Bókhald - Skattauppgjör - Stofnun Ehf Fyrirtækja. Vönduð þjónusta / Þýsk nákvæmni. S. 659 5031 tomas.bokari@gmail.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar Stór bíll. S. 692 7078 Millibíll S. 659 1047.
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !!

Húsaviðhald

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Byggingarfélag
Getur bætt við sig verkefnum bæði í nýbyggingum og viðhaldi. Úti sem inni, tilboð eða tímavinna. S.: 893 9722.

A - Ö smíðar ehf.
Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sumarhúsaeigendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Stífluþjónusta

Tölvur

Nudd

Whole body massage. 21 year girl. S. 895 0386.

Exclusive Massage by fjorar hendur.... Full Service 24h S. 821 1699

Heilnudd - heilnudd. Gsm. 616 7232.

Whole body massage for you! 869 8602.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Nudd Nudd Nudd Barbara. S. 616 2170.

Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar

Ljósið s. 908 6060
Tarot, miðlun, fyrirbænir, trúnaður. Opið frá 12-23.

Rafvirkjun

HEILSA

Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Snyrting

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

HANDVERKSNÁMSKEIÐ
Silfurleir -Víkingakeðjur - Perlufestar. Tálgun 21. feb. Koparsláttur 22. feb Steinaskart 4. mars Hnífagerð 6.-7. mars Nánari uppl 555 1212 Handverkshúsið Bolholti 4

HEIMILIÐ

Barnagæsla

Erum hjón í Hafnarfirði sem vantar staðfasta og góða manneskju eftir hádegi, fjóra daga í viku. Hlutverk viðkomandi yrði að líta eftir tveimur stúlkum 7 og 3ja ára, þvo þvott og sjá um önnur tilfallandi þrif. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Nánari uppl gefur Heiðar í síma 618 0317.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Spánn - Alicante Lækkað verð
Hópar - Fjölskyldur! Til leigu 4 glænýjar 2ja herb. íbúðir á sama stað. Stórar þaksvalir, sameigl. sundlaug, stutt á ströndina, rétt við Torrevieja. Lækkað verð. Uppl. í s. 699 3366.

Hestamennska

Hestaflutningar
Ferð Akureyri-Reykjavík á föstudagsmorgun. Reykjavík-Akureyri á laugardag. Uppl. í s. 896 4316 Jósep.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535.

www.leiguherbergi.is

Glæsilegt raðhús til leigu.
Glæsilegt 160 fm. 4ja herb. raðhús í Grafarvogi til langtímaleigu. 50 fm. suðurverönd með heitum potti. Sjón er sögu ríkari. Verð 180 þús. á mán.
Uppl. í s. 864 1273 & 693 1273

www.heimkynni.is
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

husaleiga.is
Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

LMK.IS
Leigumiðlun Kópavogs & Garðabæjar 517-0150
Vantar eignir á skrá í Kópavogi og Garðabæ, www.LMK.is

Stórglæsileg 3-4 herb. íbúð til leigu frá 1 apríl m/ gardínum, þvottavél og þurrkara. Langtímaleiga. Uppl. í s. 899 3023.

4RA HERB. LÚXUSÍBÚÐ M/ ÓHINDRUÐU SJÁVARÚTSÝNI Á STRANDVEG Í GB. STÓR VERÖND OG STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU. V. 150Þ. S. 898 9078.

Stúdíóíbúð og stórt herb. til leigu frá 1. apríl. Og stórt herb. með öllu frá 1 mars. Uppl. s. 847 7147 & 534 6713.

Til leigu skemmtileg 2 herb. íbúð á 2. hæð í 101. Leiga 75 þús+hiti og rafm. Laus 1.mars. Uppl. í síma 8688748

Góð 2 herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Uppl. í s. 898 0597.

Þjónusta

Til sölu

Til leigu 3ja herb. 52 fm íbúð í miðbænum/Njálsgötu. Ný uppgerð. V 120 þús án rafmagns. Uppl í s 771 5018.

til leigu 2 herbergi 22fm með sjónvarp. ísskáp.eldunaraðstöðu. langtimaleiga í boði.við Ásvallagötu upl.s.6933699

Stórglæsileg 150fm 4 herb. íbúð á 2 hæðum til leigu í Grafarholti. Suðursvalir og sólpallur. Mjög stutt í skóla. V. 150þ. per mán. Laus 1 mars. S. 898 0083.

2 sameiginleg herb. í miðbæ Rvk. pnr. 105. Húsgögn fylgja. V. 55þ. S. 895 0482.

Ný og falleg 3. herb. íbúð á vellinum. Langtíma leiga, laus 1. mars. Uppl í s. 864 1717.

Falleg 2ja herb. íbúð á Flydrugranda til leigu - laus strax. Nýuppgerð íbúð í góðu hverfi. Þvottahús á hæð,geymsla og gufubað í sameign. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. 100 þús. á mán. plús rafmagn. Langtímaleiga og meðmæli óskast. Upplýsingar í síma 8996962 eða 6950592. Sýnd um helgina.

Til leigu mjög góð 3 herb kj. íbúð í laugardalnum. Laus strax. Ísskápur og uppþvottavél geta fylgt. Verð. 120 þús. S:8940990.

Stórt herbergi á Laugavegi 143 til leigu. Sími 895 2138, Kristinn.

Glæsileg 132 fm íbúð í miðbæ Hafnarfjarðar Svalir, sólpallur og öll þjónusta í göngufæri. Uppl. 8961488.

3.herb íb.til leigu í 101 Rvk.99.000 kr.á mán. E-mail rosa_lind666@hotmail.com

SALAHVERFI, KÓP. Til leigu góð 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðum palli. 130.000 á mánuði, allt innifalið.

Upplýsingar 693 1814 Ásdís.

3ja herb. íbúð til leigu. 140þús. Flott íbúð, nálægt Smáralind. S. 897 9161.

Til leigu 70fm 3ja herb. íbúð í Skipasundi. Leiga 100 þús. m. hita. Uppl. í síma 690 3936.

Til leigu 4ja herbergja íbúð við Svöluás. Frábært útsýni. Uppl. gefnar í s. 694 1800.

Til leigu 4ra herb. íbúð í Ásgarði, 108 Rvk. Laus frá 1. mars. 150 þús. + hiti/rafmagn. Upplýsingar í s. 772 2053 & 820 4344.

ÓDÝR STÓR OG FULLB.HERB.MEÐ ADSL SAMEIGINL. ELDUNAR BAÐ OG ÞVOTTAAÐST. SJÁ HOTELFLOKI.IS BJARNI S.869-7799

Húsnæði óskast

33ára mann vantar huggulega 2-? íbúð á sanngjörnu (eðlilegu) verði, helst á RVK svæði en skoða allt. Er reglusamur og skilvís með greiðslur, og er í fastri vinnu 664-3278

Sjálfstæð móðir með 2 börn óskar eftir 3 herb. íbúð á sv. 201, 202 eða 203. Greiðslugeta um 100 þús kr. á mán. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 847 4396.

Húsnæði til sölu

Til sölu 3ja herb. íbúð i Njardvik á 3. hæð. Alls 77 fm. Uppl. í s. 845 1434.

Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax.

S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

Til leigu ca. 150 fm iðnaðarhúsnæði á Skemmuvegi. Stórar innkeyrsludyr. Lofthæð 370 cm. Uppl. í s. 699 0778.

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hverskyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Bílskúr

Nýr 30m² bílskúr til leigu á Hagamel, 30 þús. á mán. með hita+rafm.; S.6609960

Gisting

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Ræsting
Viljum ráða hressan, jákvæðan og stundvísan starfsmann með reynslu. Hlutastarf í boði. Aðeins íslenskumælandi umsækjendur koma til greina. Umsóknir verða að vera skriflegar.
Umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is

Geysir shops í Haukadal
óskar eftir starfskrafti í eldhús. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið elmar@geysirshops.is

Kvöld og helgarvinna. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa við úthringingar! Upplýsingar í síma 550 3600 milli kl 13 og 18 virka daga

Störf í Evrópu í Bönkum, Sölu, IT, Markaðsstörf ofl. Öll störf er hægt að skoða á www.ijobu.com.

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur. Góðir tekjumöguleikar. Nánar á www.raudatorgid.is (atvinna).

Óskum eftir barþjónum og dyravörðum í hlutastarf. Áhugasamir sendið mail á punkholm@gmail.com með mynd og ferilskrá.

Atvinna óskast

Atvinnubílstjóri óskar eftir vinnu. Rúta - vörubíll - trailer + bókl. vinnuvélapróf. Er einnig matreiðslumeistari. S. 856 4943, Guðmundur Hafsteinn.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Viðskiptatækifæri

Vantar þig aukapening fljótt? Það er komin ný og auðveld leið fyrir hvern sem er að græða mikinn pening í gegnum netið, kannaðu málið nánar á www.moneymakingmember.com

Aðalsjoppan Vogum til sölu. Frábært tækifæri sem fjölskyldufyrirtæki. Miklir möguleikar. Upplýs. í síma 898 6714.

Til sölu

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166

Í kvöld spilar hljómsveitin
Feðgarnir
Boltinn í beinni!
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Guðspekifélagið
Í kvöld, föstudaginn 20. febrúar kl. 20:30 heldur Steinunn Helga Lárusdóttir erindi sem hún nefnir: Að drottna eða þjóna. Hugleiðingar um blutverk leiðtoga - í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 21. febrúar er opið hús kl. 15:00. Kl. 15:30 heldur Halldór Haraldsson erindi með tónaverum: Tónlist sem hugleiðing.
Sunnudaginn 22. febrúar kl. 20:00 er hugleiðingarstund með leiðbeiningum. Húsið opnar kl. 19:30.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókasafnstími opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.gudspekifelagid.is

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 6666. opið allan sólarhringinn

SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Ný upptaka!
Það var ný upptaka að detta inn hjá Sögum Rauða Torgsins, eldheit, mjög innileg og afar blátt áfram! Njóttu hennar í einrúmi! Símar 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8248.

Tilbreyting á Rauða Torginu!
Nú er töluvert af nýjum og spennandi auglýsingum á Rauða Torginu Stefnumót frá konum sem leita tilbreytingar. Þrjár mjög áhugaverðar auglýsingar eru með númerin 8259, 8154 og 8616. Síminn er 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

Atvinna

Rekstrarfélag Egilshallar
Rekstrarfélag Egilshallar auglýsir eftir starfsmanni til starfa. Unnið er á vöktum.
Nánari upplýsingar veitir Egill í síma 691-1959. Hægt er að sækja um starf á netfangi egill@egilshollin.is
framkvæmdastjóri.

Námskeið

Góð símavarsla - traust ímynd
Námskeið í símavörslu og samskiptum verður haldið 24. og 25. febrúar frá kl. 9:00 til 12:30 báða dagana
Símsvörun hefur mikið að segja fyrir þjónustugæði stofnana og fyrirtækja.
Þátttakendur öðlast leikni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar og kunnáttu á nauðsynlegum vinnuferlum til góðrar símsvörunar.
Skráning á Impru www.impra.is/namskeid og í síma 522 9000.
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

„...fyrst á visir.is“
VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Fundir / Mannfagnaður

MATVÍS

Fundarboð

Almennur félagsfundur MATVÍS verður haldinn miðvikudaginn 25 febrúar n.k. kl. 16,00 á Stórhöfða 31. Gengið inn Grafarvogsmegin.

Dagskrá:
Efnahagsmálin
Kjarasamningar

Gestur fundarins verður Gylfi Arnbjörnsson forseti Alþýðusambands Íslands.

Tilkynningar

Skipulags stofnun

Mat á umhverfisáhrifum
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að **breyting á legu vesturhluta Álftanesvegar, Garðabæ,** skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **23. mars 2009.**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2008/2009.

Með tilkynningu þessari vill ráðuneytið gefa sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 27. febrúar 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:
1. Minni byggðarlög (viðmiðun er 1.500 íbúar) sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.

2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.
Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir sveitarstjórnum niðurstöðuna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið,
20. febrúar 2009.

SIDNEY POITIER ER 85 ÁRA.

„Ég er sáttur við sjálfan mig, við söguna, við vinnuna, við það hver ég er og hver ég var.“

Sidney Poitier er bandarískur leikari, leikstjóri og diplómat sem unnið hefur til Óskars-, Golden Globe-, BAFTA- og Grammyverðlauna. Hann var fyrsti blökkumaður sögunnar sem hlýtur Óskarsverðlaun fyrir aðalhlutverk, í Lilies of the Field árið 1963.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 20. FEBRÚAR 1985

Getnaðarvarnir leyfðar á Írlandi

Þennan dag árið 1985 voru samþykkt umdeild lög á írska þinginu sem leyfðu sölu getnaðarvarna.

Allt til ársins 1979 bönnuðu írsk lög innflutning og sölu á getnaðarvörnum. Þó hafði hæstiréttur landsins komist að þeirri niðurstöðu árið 1973 að gift fólk ætti rétt á að nota getnaðarvarnir ef það vildi. Þar sem hin kaþólska kirkja hafði mikil ítök í landinu dróst málið í írska þinginu og það var árið 1979 sem írski heilbrigðisráðherrann Charles Haughey kom fram með frumvarp um að leyfa getnaðarvarnir fyrir gift pör. Árið 1980 var fært í lög að fólk gæti keypt getnaðarvarnir í apóteki að því gefnu að framvísað væri vottorði frá lækni.

Enn þóttu lögin of ströng og mikil deila var um þau í þinginu. Þá varaði kirkjan við því að getnaðarvarnir myndu minnka siðgæði í landinu auk þess sem þær myndu leiða til fleiri óskilgetinna barna, fóstureyðinga og kynsjúkdóma.

Hinn 20. febrúar árið 1985 var kosið um málið. Voru ný lög um getnaðarvarnir samþykkt með 83 atkvæðum gegn 80. Lögin leyfðu sölu á smokkum og sæðisdrepandi kremi til fólks yfir 18 ára. Þó var enn bannað að auglýsa getnaðarvarnir.

MERKISATBURÐIR

1919 Habibullah Khan, leiðtogi Afganistans, er myrtur.

1943 Skömmtun hefst á bensíni á Íslandi. Eigendur smábifreiða fengu 1,5 lítra á dag.

1962 John Glenn, sem var fyrsti Bandaríkjamaðurinn sem komst á sporbraut um jörðina, lendir áfallalaust aftur á jörðinni.

1986 Sovétríkin skjóta upp geimstöðinni MÍR.

1993 Tveir tíu ára drengir eru kærðir fyrir að ræna og myrða hinn tveggja ára James Bulger í Liverpool.

1998 Tara Lipinski verður yngsti gullverðlaunahafi í skautaíþróttum á Ólympíuleikum.

INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR: VERNDARI GORED Á ÍSLANDI

Konur vaktar til umhugsunar um hjartasjúkdóma

Á konudaginn sunnudaginn 22. febrúar verður hafin kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur á alþjóðlegu verkefni sem gengur undir nafninu GoRed. Verkefnið á að vekja athygli á því að konur fá ekki síður hjartasjúkdóma en karlar og að hjartasjúkdómar séu raunverulega langalgengasta dánarmein kvenna.

„Einhverra hluta vegna hafa ekki verið gerðar jafn miklar og merkar rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum hjá konum og körlum og því vantar mikið upp á að konur og karlar sitji við sama borð þegar á þetta svið er litið,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra og verndari GoRed-verkefnisins á Íslandi. Hún segir verkefnið hafa borist hingað til lands í gegnum Vilborgu Sigurðardóttur lækni sem kynntist því á ráðstefnu í Chicago. „Hún er aðalsprautan í þessu ásamt Hjartavernd,“ útskýrir Ingibjörg sem leist strax vel á að gerast verndari verkefnisins þegar hún var beðin um það enda um aðkallandi málefni að ræða.

„Konur hafa litið á þetta sem karlasjúkdóm og verið uppteknar við að reka bændur sína í læknisskoðanir, en litið fram hjá þeirri staðreynd að þeim er jafn hætt og körlum við að fá hjarta- og æðasjúkdóma,“ segir Ingibjörg og bendir á að mælt sé með að konur fari á fimm ára fresti í tékk eftir 35 ára aldur.

„Konur hafa verið meira vakandi fyrir forvörnum á öðrum sjúkdómum eins og til dæmis krabbameini með þeirri sterku vakningu sem orðið hefur á undanförnum áratugum hjá Krabbameinsfélaginu,“ segir Ingibjörg og telur að sú vitundarvakning hafi lyft grettistaki og lengt og bætt líf ótaldra Íslendinga. „Hjartavernd hefur einnig náð gríðarlega góðum árangri í sínu starfi en vill nú taka höndum saman með GoRed og hefja nýja vitundarvakningu meðal kvenna á Íslandi,“ útskýrir Ingibjörg en ætlunin er að fá heilsugæslustöðvar um land allt í lið með hópnum sem vinnur að GoRed-verkefninu. „Svo er undir hverri heilsugæslu komið hve mikið þær nýta sér það fræðsluefni sem búið er að búa til,“ segir Ingibjörg og vonast eftir mikilli þátttöku.

VERNDARI GORED Ingibjörg við gamla Landspítalann við Hringbraut sem baðaður er rauðum ljóma í tilefni af GoRed verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynningin á GoRed-verkefninu verður eins og áður segir í ráðhúsinu á sunnudag. „Dagskráin hefst rétt fyrir klukkan eitt með blossandi músík til að koma hjartslættinum almennilega í gang. Síðan verður fræðsla á staðnum og básar með ýmsum fróðleik,“ segir Ingibjörg en allir eru velkomnir á kynninguna sem stendur yfir til klukkan 16. „Svo væri góð hugmynd fyrir karlana að gefa konum sínum kort í Hjartavernd í tilefni konudagsins,“ segir Ingibjörg glaðlega og hvetur sem flesta til að mæta.

solveig@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Stefánssonar

Skessugili 12, Akureyri.

Ásta Hallvarðsdóttir
Sigríður Halla Jónsdóttir **Klæmint Klein**
Ragnheiður Jónsdóttir **Gunnar Magnússon**
Sonja Rut Jónsdóttir **Kjartan Smári Stefánsson**
Stefán Einar Jónsson **Steinunn Jóna Sævaldsdóttir**
Jóna Brynja Jónsdóttir **Tómas Veigar Sigurðarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar elskuleg,

Þóra Margrét Guðleifsdóttir

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi 10. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk Þóru Margrétar. Við þökkum auðsýndan stuðning og hlýju.

Björn Helgason
Kristín Anna Björnsdóttir **Sigþór Bragason**
Daníel Freyr Birkisson
Margrét Hansen **Arnar Guðmundsson**

†

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Ólason

húsasmíðameistari, Hlíf II, Ísafirði,

sem lést á fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 17. febrúar, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 21. febrúar kl. 14.00.

Sigríður Halldórsdóttir
Kristján Bjarni Guðmundsson **Helga Kristjana Einarsdóttir**
Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir **Örn Sveinbjarnarson**
Salvar Finnbogi Guðmundsson **Jóna Þórdís Magnúsdóttir**
Vignir Guðmundsson **Rebekka Rut Rúnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

Hanna Guðmundsdóttir Monrad

frá Sæbóli, Aðalvík,

lést 4. febrúar 2009 á sjúkrahúsinu Helsingör í Danmörku. Jarðarförin fór fram 11. febrúar síðastliðinn. Jarðsett var í Hörsholm-kirkjugarði.

Chris Monrad
Marianne Monrad **Jan Kieler**
Gudmund Monrad
Christian Monrad **Lonnie Monrad**
Sigríður Guðmundsdóttir
Ingveldur Guðmundsdóttir
Finnbjörn Guðmundsson
Sveinn Þráinn Jóhannesson
og barnabörn.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma **550 5000.**

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Óskar Karlsson

Jökulgrunni 2, Reykjavík,

lést mánudaginn 9. febrúar. Útförin hefur farið fram. Þeir sem vildu minnast hans er bent á Ljósið, reikn. 0130-26-410520 kt. 590406-0740.

Karl Þorvaldsson
Ólöf Þorvaldsdóttir
Lárus Óli Þorvaldsson **Jóna Sveinsdóttir**
Þorvaldur Óskar Karlsson **Branddís Jóna Garðarsdóttir**
Valgerður Rós Karlsdóttir
Rakel María Karlsdóttir
Heiðrún Rut Unnarsdóttir
Erla Dögg Unnarsdóttir
Hulda Lárusdóttir
Guðrún Lárusdóttir
Benedikt Kári Valgerðarson
Rúnar Karl Þorvaldsson

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar áskærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Sigríðar Björnsdóttur

Þorragötu 5, Reykjavík.

Jón Reynir Magnússon
Magnús Reynir Jónsson **Bjarnveig Sigríður Guðjónsdóttir**
Birna Gerður Jónsdóttir **Guðlaugur Gíslason**
Sigrún Dóra Jónsdóttir **Jóhann Gunnar Stefánsson**
ömmubörn og langömmubarn.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr.kg. MERKT VERÐ 2220 KR.KG.

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
419 kr.kg. MERKT VERÐ 698 KR.KG.

VILKÓ BOLLUBLANDA
300g 298 kr.

KJARNASULTUR 400ML **198 kr.**
Jarðarberja-Bláberja-Blönduð berjasulta.

BÓNUS VATNSDEIGSBOLLUR
14 stk 398 kr.

BÓNUS FETAOSTUR 250g **259 kr.**

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g **179 kr.**

BÓNUS BOLLUGLASSÚR
280G **179 kr.kg.**
Frábært á bollurnar.

BÓNUS ÍSSÓSUR
435g **298 kr.**

BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
Grænir & Gulir **198 kr.**

KJARNAFÆÐI BACON
1079 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.

SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
100g 75 kr.

PEPSI, PEPSI MAX, COKE ZERO **2 ltr. 129 kr.**

TOPPUR
2 ltr. 98 kr.

BÓNUS ÍS 2 ltr. **198 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS NÝBAKAÐAR RJÓMABOLLUR
2 stk 298 kr.
(m/rjóma, súkkulaði og sultu)

Rjómi frá Mjólku 400ml 10.000 dósir í boði 30% afsl.

LAMBASALTKJÖT 20% - 40% AFSLÁTTUR

K.A ÓDÝRT LAMBASALTKJÖT
298 kr.kg. MERKT VERÐ 499 KR.KG.
Þokkalegir bitar.

KF LAMBASALTKJÖT 1.FLOKKUR
959 kr.kg. MERKT VERÐ 1198 KR.KG.

KF LAMBASALTKJÖT BLANDAÐ
447 kr.kg. MERKT VERÐ 559 KR.KG.

KF VALIÐ LAMBASALTKJÖT
1439 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
299 kr.kg.

BÚRFELLS BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
MERKT VERÐ 448 KR.KG **359 kr.kg.**

VISA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborga@centrum.is

Ameríkskir GE kæliskápar

GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir

GCE23LGTFLS
Stærð: h 176 x b 90,9 x d 63 sm
396 ltr. kælir og 182 ltr. frystir
Stálhurðir, kámfrí áferð
Orkuflokkur A

General Electric

www.eirvik.is

Kr. 329.900 stgr.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Fös 20/2	kl. 18:00 fors.	U	Sun 8/3	kl. 17:00	U
Lau 21/2	kl. 14:00 frums.	U	Lau 14/3	kl. 14:00	U
Lau 21/2	kl. 17:00	U	Sun 15/3	kl. 14:00	U
Sun 22/2	kl. 14:00	U	Sun 15/3	kl. 17:00	U
Sun 22/2	kl. 17:00	U	Lau 21/3	kl. 14:00	U
Lau 28/2	kl. 14:00	U	Lau 21/3	kl. 17:00	U
Lau 28/2	kl. 17:00	U	Sun 22/3	kl. 14:00	U
Sun 1/3	kl. 14:00	U	Sun 22/3	kl. 17:00	U
Sun 1/3	kl. 17:00	U	Lau 28/3	kl. 14:00	U
Lau 7/3	kl. 14:00	U	Lau 28/3	kl. 17:00	U
Lau 7/3	kl. 17:00	U	Sun 29/3	kl. 14:00	U
Sun 8/3	kl. 14:00	U	Sun 29/3	kl. 17:00	U
Lau 4/4	kl. 14:00	U			
Lau 4/4	kl. 14:00	U			
Sun 5/4	kl. 17:00	U			
Sun 5/4	kl. 17:00	U			
Lau 18/4	kl. 14:00	U			
Lau 18/4	kl. 17:00	U			
Sun 19/4	kl. 14:00	U			
Sun 19/4	kl. 17:00	U			
Lau 25/4	kl. 14:00	U			
Lau 25/4	kl. 17:00	U			
Sun 26/4	kl. 14:00	U			
Sun 26/4	kl. 17:00	U			

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 19/2	kl. 20:00	Ö	Fim 5/3	kl. 20:00 aukasýn.	Mið 18/3 kl. 20:00 aukasýn.
Fim 26/2	kl. 20:00	Ö	Fös 6/3	kl. 20:00	Ö
Fös 27/2	kl. 20:00	Ö	Lau 14/3	kl. 20:00	Ö

Sýningum lýkur 18. mars

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2	kl. 13:00	U	Lau 14/3	kl. 13:00	Ö	Lau 28/3	kl. 13:00	U
Lau 7/3	kl. 13:00	U	Lau 21/3	kl. 13:00				

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Heiður (Kassinn)

Fös 20/2	kl. 20:00 fellur niður		Lau 28/2	kl. 20:00	Ö

Sýningum að ljúka

5125050 Auglýsingasími – Mest lesið

NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Verkfræðingar á ystu nöf

Það er alltaf gaman að sjá hvernig færir teiknarar beita ýmsum stereótýpískum smáatriðum til að lýsa and- og líkamlegri líðan viðfangsefna sinna. Til að mynda hafa teiknimyndasöguhöfundar í gegnum tíðina fundið upp á ýmsum sniðugum aðferðum til að gera lesendum ljóst að söguhetjurnar hafi skemmt sér óhóflega kvöldið áður. Sígildar leiðir að þessu markmiði eru til dæmis að teikna menn með lampaskerm á höfðinu, föla eða græna í framan og/eða meðfylgjandi hugsanablöðru sem sýnir risavaxna loftpressu.

Björgvin Halldórsson notar hugtakið „sprunginn vindill“ yfir timbraða menn, sem dregið er af æskuminningu söngvarans um persónur teiknimyndabrandara sem lýstu illa fyrir kölluðum eiginmönnum í yfirheyrslu hjá reiðum eiginkonum með kökukefli. Slíkir ógæfumenn voru gjarnan teiknaðir með sprunginn vindil og blöðru í bandi. Af sama meiði er fræg lýsing Björgvins á manni í slíku ástandi: „Blaðran kom heim á undan honum.“

Þessum ímyndum skýtur iðulega upp í kollinn á mér þegar ég er staddur í brúðkaupsveislum. Óhjákvæmilegt er að nokkrir af margmennri stétt verkfræðinga séu meðal gesta, og jafn óhjákvæmilegt að téðir einstaklingar grípi til þess að reyra hálsbindi sín utan um höfuð sér þegar fjör fer að færast í leikinn og áfengið flýtur eins og vín. Líklega þykir þetta hin eina rétta og samfélagslega viðsættanlega aðferð til að sleppa fram af sér beislinu, að „flippa“, meðal verkfræðinga.

Á sama hátt og Bó talar um timbraða sem sprungna vindla sting ég upp á hugtakinu „hálsbindahausar“ fyrir góðglaða verkfræðinga. Vonandi fá hvorki bindin né hausarnir að kenna um of á kökukeflunum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

NÝJAR BÆKUR

Í ritröð Bókmenntafræðistofnunar Háskóla Íslands er komið rannsóknarverkið Rithöfundur Íslands eftir Öldu Björk Valdimarsdóttur. Í verkinu

er fjallað um skáldskaparferil Hallgríms Helgasonar og einkum þá skáldsögur hans 101 Reykjavík, Þetta er allt að koma, Höfund Íslands, Rokland og Herra alheim. Alda Björk skoðar verkin í ljósi hugmynda um höfundarímyndina, bókmenntahefðina og karnívalið, auk þess sem fjölbreytileg staða Hallgríms í menningarlífinu er könnuð. Þetta er sextugasta ritið í röðinni og er ritið 228 síður. Háskólaútgáfan gefur út.

Nýkur hefur gefið út Þórðarbók sem er safn fimm ljóðabóka Þórðar Helgasonar ljóðskálds. Sigurlín Bjarney Gísladóttir bjó verkin til prentunar en Andri Snær Magnason og Davíð A. Stefánsson rita formála að safninu sem er 230 síður.

Fólk og ræningjar í Kardemommubæ eftir Torbjörn Egner er komin út hjá JPV útgáfu. Þýðinguna gerði Hulda Valtýsdóttir en ljóðin þýddi Kristján frá Djúpalæk. Bókin kom fyrst út á íslensku 1961. Þessi útgáfa er endurskoðuð með nýjum listmyndum höfundarins. en sagan er ríkulega myndskreytt. Í bókinni eru nótur að ellefu lagboðum við kveðskap skáldsins. Sagan er 140 síður.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 20. febrúar

➜ Dans

20.00 Dansverkið **Salka Valka** eftir **Auði Bjarnadóttur** við tónlist **Ólafs Haraldssonar** verður sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.hhh.is.

➜ Síðustu forvöð



Sýningu Davíðs Arnar Halldórssonar í 101 Projects við Hverfisgötu 18a, lýkur á sunnudag. Opið mið.-sun. kl. 14-17.

➜ Sýningar

Sýning Hrafnkels Sigurðssonar í **i8 Galleryi,** hefur verið framlengd til 14. mars. Opið mið.-föst. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.

Sara Riel hefur opnað sýningu í **Kling & Bang gallerii,** Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl.14-18.

Þverskurður, sýning Textílfélagsins í **Gerðarsafni við Hamraborg í Kópavogi.** Sýningin spannar ríflega 60 ár í textílsögunni. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

Í tilefni af opnun textílsýningar í **Gerðarsafni** eru til sýnis í **Kópavogskirkju** fjórir höklar eftir listakonuna **Sigrúnu Jónsdóttur.** Höklana er hægt að skoða virka daga milli kl. 10.30-13.

➜ Tónlist

Tónlistarskólinn á Akureyri verður með trommuhring og hreyfileiki fyrir leikskólabörn. Öllum velkomið að taka þátt.

15.00 Eymundsson við Hafnarstræti, Akureyri. Trommuhringur kl. 15-16, hreyfileikir kl. 16-17.

16.00 Glerártorg, Akureyri. Trommuhringur kl. 16-17, hreyfileikir kl. 18-19.

➜ Tónleikar

22.00 Singapore Sling, Evil Madness og DJ Musician verða á **Grand rokki,** Smiðjustíg 6. Húsið opnar kl. 22.00.

24.00 EGÓ spilar á **Players,** Bæjarlind 4, Kópavogi.

24.00 Nevolution spilar á **Dillon Sportbar,** Trönuhrauni 10, Hafnarfirði

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Mannslíkaminn meginviðfangsefnið

Verund er yfirskrift sýningar á nýjum verkum eftir Helga Gíslason myndhöggvara sem opnuð verður í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, á laugardag kl. 15. Á þessari umfangsmiklu sýningu eru nýjar lágmyndir, teikningar og skúlptúrar þar sem mannslíkaminn er meginviðfangsefnið eins og í fyrri verkum listamannsins.

Helgi er á meðal þekktustu myndhöggvara þjóðarinnar og þekkja margir skúlptúra hans og stærri verk sem sett hafa verið upp opinberlega víða um land til dæmis á Höfn í Hornafirði, í Hallargarðinum í Reykjavík og á Húsavík auk lágmyndar í Fossvogskapellu.

Þema sýningarinnar er rannsókn á manninum og mælikvörðum hans þar sem listamaðurinn teflir saman mannslíkamanum og verkfærum sem notuð eru til að mæla heiminn og kortleggja. Helgi greinir viðfangsefnið niður í meginlínur þar sem sterk form svipta

MYNDLIST Helgi við eitt af verkum sínum.

MYND FRETTABLAÐIÐ/GVA

manninn persónueiginleikum en leitast við að afhjúpa sameiginlegan kjarna.

Á sýningunni er mikil áhersla á blý sem efnivið en auk lágmynda þar sem listamaðurinn notar blýið getur að líta fjölda teikninga sem endurspegla hugmyndavinnu listamannsins og þátt teikningarinnar í sköpunarferlinu.

Helgi lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1970 og hélt til frekara náms í Svíþjóð við Valand-listaháskólann og útskrifaðist þaðan árið 1976. Hann hefur haldið fjölda sýninga, hlotið viðurkenningar og unnið samkeppnir um opinber listaverk. Árið 1991 hlaut hann Bjartsýnisverðlaun Bröstes.

Á sunnudag kl. 15 tekur listamaðurinn þátt í leiðsögn um sýninguna. Hluti sýningarrýmisins hefur verið lagður undir verkstæði eða vinnustofu þar sem gestir geta kynnst eiginleikum blýs og teiknað. Sýningunni lýkur 29. mars og er opin alla daga frá kl. 11-17 og fimmtudaga kl. 11-21.

pbb@frettabladid.is



> ÆFIR PILATES STÍFT

Mischa Barton hefur grennst mikið að undanförnu og þakkar það alfarið stífum pilates-æfingum. Leikkonan, sem er 23 ára, segist gera meira af því að skokka og hlaupa áður en hún leikur í kvikmyndum, en þess á milli slaki hún á og æfi minna. Hún segist aldrei fara í stranga megrun því hún vinni stíft og þurfi á mikilli orku að halda við kvikmyndatökur.

fólk

folk@frettabladid.is

Duffy með þrenn Brit-verðlaun

Söngkonan Duffy frá Wales vann þrenn Brit-verðlaun við hátíðlega athöfn í London, þar á meðal fyrir bestu plötuna. Hin 24 ára söngkona átti erfitt með að halda aftur af tárunum er hún tók á móti verðlaununum og sagði þau afrakstur fimm ára vinnu. Duffy var einnig kjörin besta söngkonan og besti nýliðinn.

Elbow var kjörin besta hljómsveitin, stúlknasveitin Girls Aloud átti smáskífu ársins og Paul Weller var valinn besti söngvarinn. Þá voru Kate Perry og rapparinn Kanye West kjörin bestu erlendu tónlistarmennirnir.

Bandarísku rokkararnir í Kings of Leon fengu tvenn verðlaun; sem besta erlenda hljómsveitin og fyrir bestu erlendu plötuna. The Pet Shop Boys fékk jafnframt heiðursverðlaun og lauk svo athöfninni með lögunum Go West, West End Girls og Always On My Mind. Með þeim á sviðinu var bandaríska söngkonan Lady GaGa og Brandon Flowers úr The Killers.

NORDICPHOTOS/GETTY

KINGS OF LEON Bandarísku rokkararnir hlutu tvenn Brit-verðlaun.

DUFFY Söngkonan Duffy kom, sá og sigraði á Brit-verðlaunahátíðinni.

Á ráðstefnunni munu vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar, háskóla og annarra stofnana sem hafa stundað rannsóknir á sjónum við Ísland og þeim lífverum sem þar halda sig flytja 26 erindi um nýlegar rannsóknir sínar. Að auki verða margvísleg rannsóknaverkefni tengd efni ráðstefnunnar kynnt á um 40 veggspjöldum.

Föstudagur, 20. febrúar 2009

9:00 – 9:25 Setning og ávarp: Steingrímur J. Sigfússon sjávar útvegs- og landbúnaðarráðherra.

9:30 –10:15 Gestafyrirlestur: Stephen J. Hawkins, prófessor í sjávarvistfræði við Háskólann í Bangor, UK. Understanding climate driven changes in marine biodiversity and ecosystems: the value of long-term studies.

10:40 – 12:00 Atferli og líffræði þorsks

13:00 – 14:50 Sérstæðir ferlar

15:30 – 16:50 Hvalir í vistkerfi íslands

Laugardagur 21. febrúar 2009

9:00 – 10:20 Hafsbotn og djúp

11:00 – 12:40 Firðir og strandsjór

13:40 – 15:00 Vistfræði og tími

15:00– 15:20 Umræður og samantekt: Jóhann Sigurjónsson

Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir
Sjá nánar á www.hafro.is/hafradstefna

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Tortímandinn og Skrímslið

Ingvar Jóel, sem kallaður er Ringó meðal félaga sinna í kraftlyftingafélaginu Metall og Tortímandinn þegar hann er í vinnunni, hefur að undanförnu fengist við að rífa niður í brotajárn eina stærstu vinnuvél landsins – sem lengi vel gekk undir nafninu Skrímslið.

TORTÍMANDINN

Ingvar Jóel hefur að undanförnu starfað við að rífa niður í brotajárn vinnuvél sem var svo svakaleg að hún gekk undir nafninu Skrímslið. Segir Ingvar að Skrímslið hafi verið stolt Alfreðs Þorsteinssonar hjá Sölunefnd varnarliðseigna.

„Þessi vél er merkileg. Hún var framleidd sérstaklega fyrir Richard Nixon í kalda stríðinu. Þá voru að aukast þungaflutningar til landsins og þessi vél – sem kölluð var skrímslið – er sérhönnuð til að taka á móti 30 tonna gámum," segir Ingvar Jóel. Hann hefur fengist við það að undanförnu að rífa niður einhverja stærstu hjólavél landsins. Og veitir ekki af að hafa öflugan mann í því en Ingvar Jóel varð nýlega heimsmeistari öldunga í bekkpressu. Ingvar hefur starfað við niðurrif í um þrjátíu ár og kallar ekki allt ömmu sína. Kallaður Tortímandinn meðal vinnufélaga sinna. Bara gúmmíið eitt í dekkjum Skrímslisins er tvö tonn. Allt Skrímslið vegur rúm 80 tonn. „Þetta var lengi stolt Alfreðs Þorsteinssonar hjá Sölunefnd varnarliðseigna hér í eina tíð. Þegar Skrímslið fór um var eins og heilt þorp væri á ferðinni. Hávaðasamt, stórt og sterkt. Fjögurra metra breitt – breiðara en Borgarnesbollan!" segir Tortímandinn og vísar til eins félaga sinna í Metal.

Að sögn Ingvars hefur Skrímslið staðið ógangfært í ein 15 til 20 ár og löngu tímabært að rífa það niður í brotajárn. „Þetta er mjög sérhæfður gámalyftari. Svona vélar voru framleiddar sem skóflu-vélar. Framan á Skrímslið var sett gámalyftarajúnit. Aukaballest hefur verið sett aftan í vélina svo hún réði við svona þunga gáma."

Þegar Tortímandinn skrúfaði síðustu skrúfuna úr ballestinni, sjö tonn, var hann búinn að mæla það svo út að tærnar myndu sleppa og það stóðst upp á sentimetra. Sem var eins gott. Þegar þunginn skall niður myndaðist gríðarmikill loftþrýstingur, sem fór upp vinnugalla Tortímandans með þeim afleiðingum að hjálmurinn fauk af höfði hans.

Ekki er að heyra annað en Ingvari þyki þetta verkefni skemmtilegt. Og ólíkt hreinlegra en ógeðslegasta verk sem hann hefur tekið sér fyrir hendur sem var að rífa niður beinamjölsverksmiðjuna á Patreksfirði. „Ýldulyktin úr verksmiðjunni var þvílík og lyktin af mér svo ógeðsleg að ég þurfti að borða úti í hádeginu. Fimmtán ára mjöl í tönkunum sem lifnaði við, ormar sem skriðu niður og breyttust fljótlega í flugur."

jakob@frettabladid.is

OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni 24 Skeifan

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Ísland í sviðsljósi Conans

Spjallþáttastjórnandinn Conan O´Brien hættir með þátt sinn Late Night á sjónvarpsstöðinni NBC í kvöld eftir sextán ára starf. Ísland hefur nokkrum sinnum borið á góma í þessum vinsæla þætti.

HÆTTIR Í KVÖLD

Spjallþáttastjórnandinn **Conan O´Brien** hefur nokkrum sinnum minnst á Ísland í hinum vinsæla þætti sínum. **Jóhanna Sigurðardóttir** forsætisráðherra var umfjöllunarefni hans um daginn og kvikmyndaleikstjórinn **Quentin Tarantino** hefur talað um dvöl sína á Íslandi í þáttunum.

Conan O´Brien, sem verður 46 ára í apríl, er af írskum ættum og má einmitt rekja rauðan háralit hans þangað. Eftir að hafa útskrifast úr Harvard með próf í sögu og bókmenntum hóf hann feril sem handritshöfundur í sjónvarpi. Hann vakti fyrst athygli sem einn af handritshöfundum gamanþáttanna Saturday Night Live og frá 1991 til 1993 starfaði hann sem handritshöfundur og framleiðandi Simpsons-þáttanna. Þegar honum bauðst síðan freistandi starf sem stjórnandi Late Night í stað Davids Letterman varð ekki aftur snúið.

Fyrstu tvö til þrjú árin voru erfið fyrir Conan. Þátturinn fékk slaka dóma og töldu margir að hann ætti ekki skilið að stjórna þættinum því hann væri ekki nógu þekkt andlit. Fljótlega fór þó að birta til, Conan tók sig á og Late Night hefur undanfarinn áratug notið mikilla vinsælda.

Conan er þekktur fyrir svartan og ærslafullan húmor sinn og þykir töluvert beittari en Jay Leno í gríni sínu. Verður því fróðlegt að sjá hversu miklar breytingar verða á Tonight Show þegar Conan tekur þar við af Leno í sumar. Sömuleiðis verður gaman að sá hvernig leikaranum Jimmy Fallon reiðir af í sæti Conans í Late Night.

Samkynhneigð flugfreyja

Okkar ástkæra eyja hefur nokkrum sinnum verið til umfjöllunar hjá Conan, nú síðast þegar Jóhanna Sigurðardóttir varð forsætisráðherra. „Íslendingar hafa tilkynnt hver verður næsti forsætisráðherra; hún er lesbía og flugfreyja… eða var mig að dreyma þetta?“ var ein af skrítlum kvöldsins hjá honum fyrir skömmu.

Íslenska reðursafnið á Húsavík komst einnig í sviðsljósið hjá Conan eftir heimsókn félaga hans Wills Forte þangað. Þar stillti Forte sér upp á ljósmynd við hlið fílsreðurs: „Ertu viss um að þetta er ekki handrið á hóteli?“ spurði Conan við mikil hlátrasköll áhorfenda. Bætti hann því við að reðurinn líktist hótelhandriði sem hann renndi sér eitt sinn niður.

Eitt sinn gerði Conan svo grín að því hvers vegna Íslendingar hefðu engan her: „Mér finnst ótrúlegt að þið séuð ekki með her í landinu. Hvernig eigið þið að geta verndað þessa 85 þúsund ferkílómetra af óbyggilegu landsvæði?“

Blindfullir Íslendingar

Kvikmyndaleikstjórinn Quentin Tarantino lét móðan másа hjá Conan um Ísland eftir dvöl sína hér yfir áramót og vakti viðtalið mikla athygli. „Íslendingar drekka vanalega eins og brjálæðingar en á gamlárskvöld missa þeir vitið, sérstaklega konurnar,“ sagði Tarantino og bætti við: „Í Bandaríkjunum reyna menn oftast að hella stelpur fullar til að fá þær með sér heim. En á Íslandi þarftu að ná stelpunum heim áður en þær verða svo fullar að þær drepast inni á klósetti eða æla yfir þig allan.“

Conan tekur við af Jay Leno 1. júní næstkomandi og hver veit nema Ísland haldi áfram að bera á góma í Tonight Show. Miðað við það hversu skringileg við erum í augum Conans hljóta líkurnar á því að teljast afar miklar. **freyr@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
alla laugardaga

Helgarblaðið:
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins í ítarlegu helgarviðtali.
- Íslendingar keyptu fæðubótarefni fyrir þrjá milljarða á síðasta ári, en gera þau eitthvað gagn?

Ferðalög:
- Vistvænn lúxus - Nýtt spahótel á Ibiza
- Spennandi nýir áfangastaðir fyrir næsta sumar

Heimili og hönnun:
- Nýnorrænt og nútímalegt. Dill opnar dyrnar í Norræna húsinu.
- Tímamót í hönnun á Íslandi. Aurora er nýr styrktarsjóður fyrir hönnuði.

Allt sem þú þarft

KOMNAR
í kilju

ÖLD STURLUNGA LIFIR

„Einari tekst furðuvel að sýna hve hjörtum mannanna gæti svipað saman á Sturlungaöld og gervihnattaöld.“

GUÐSTEINN BJARNASON / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★

„*Ofsi* er merki um fullþroska höfund og er sómi okkar dögum.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

EINAR KÁRASON hefur vakið persónur Sturlungasögu til nýs lífs í tveimur makalausum skáldsögum. Í ***Óvinafagnaði*** fréttir Þórður kakali að vegnir hafi verið í Örlygsstaðabardaga faðir hans og bróðirinn glæsilegi, Sturla Sighvatsson. Hann rís upp frá drykkju í konungsgarði og heldur heim til Íslands til að hefna þeirra.

Í verðlaunabókinni ***Ofsa*** biður Gissur Þorvaldsson dóttur Sturlu Þórðarsonar handa Halli syni sínum í sáttaskyni við Sturlunga. Boðað er til glæsilegrar brúðkaupsveislu að Flugumýri í Skagafirði. Þaðan komast ekki allir lífs …

BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

> Jónas Grani frá FH til Fjölnis

Húsvíkingurinn Jónas Grani Garðarsson hefur ákveðið að spila með Fjölni næsta sumar. Jónas Grani var markakóngur deildarinnar sumarið 2007 með Fram, fór í kjölfarið aftur til FH, þar sem hann lék áður, en náði sér ekki á strik. Hjá Fjölni hittir Jónas Grani fyrir sveitunga sinn, vin og samstarfsfélaga, Ásmund Arnarsson, sem þjálfar Fjölnisliðið. Eru þetta góð tíðindi fyrir Fjölnismenn sem hafa mátt sjá á bak sterkum leikmönnum síðustu misseri.

sport
sport@frettabladid.is

N1-DEILD KARLA: HÖRKULEIKUR Í DIGRANESI ÞAR SEM HK MÁTTI EKKI TAPA GEGN FH

HK bjargaði mótinu hjá sér með sigri á FH

FH-ingar misstu af gullnu tækifæri til skilja HK eftir í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni

„Þetta var spurning um að vera á lífi og vera í baráttunni og nú er ljóst að við förum inn í endasprettinn aðeins stigi á eftir," sagði Gunnar Magnússon þjálfari HK eftir sigur liðs síns á FH, 25-23 í N1 deild karla í handbolta í gær.

„Það er blóðug barátta fram undan. Þetta gerir mótið spennandi og við vissum alveg hver staðan yrði ef við næðum ekki að vinna."

„Varnarleikurinn og markvarslan var frábær og sóknarleikurinn í fyrri hálfleik en þegar Valdimar Þórsson meiddist þá hikstaði sóknarleikurinn aðeins of mikið. Valdimar kom inn á í lokin en gat ekki skotið og sem betur fer vissu FH-ingar ekki af því og hann tók feikið og klaraði þetta."

HK var fjórum mörkum yfir í hálfleik, 13-9, en FH-ingar náðu að jafna metin, 19-19, þegar tíu mínútur voru eftir og var lokaspretturinn æsispennandi þar sem HK tryggði sér sigur með því að skora tvö síðustu mörk leiksins þar sem Valdimar Þórsson gerði gæfumuninn.

„Við erum að skríða saman og ég vona að við verðum með alla okkar lykilmenn heila eftir tvær vikur, í fyrsta skipti í vetur, og gerum harða atlögu að þessu fjórða sæti," sagði Gunnar en HK er aðeins einu stigi á eftir FH sem er í fjórða sæti og munu liðin berjast um sæti í úrslitakeppninni við Fram fram í lokaumferð mótsins.

FH-ingar gátu nánast tryggt sér sæti í úrslitakeppninni með sigri og var Elvar Erlingsson, þjálfari liðsins, eðlilega svekktur yfir glötuðu tækifæri.

„Ég er hundsvekktur, það er ekkert annað um það að segja!"

„Við höldum fjórða sætinu og það er engin skömm að því að vera í fjórða sæti nú þegar fimm umferðir eru eftir af deildinni. Það er svekkjandi að tapa þessu svona í lokin en við erum ekki í vonlausri stöðu," sagði þjálfari FH.

- gmi

UEFA-bikarinn

Shakhtar Donetsk-Tottenham	**2-0**
København-Manchester City	**2-2**

Almeida, Vingaard - Onuoha, Ireland.

N1 deild karla

HK-FH **25-23 (13-9)**

Mörk HK: Valdimar Þórsson 5/1 (7/1), Ragnar Hjaltested 4/2(4/2), Einar Hrafnsson 3 (4), Ólafur Ragnarsson 3 (8), Gunnar Jónsson 3 (9/1), Ásbjörn Stefánsson 2 (2), Ragnar Njálsson 2 (3), Már Þórarinsson 2 (5), Sigurgeir Ægisson 1 (1).

Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 14 (34/2 41,2%), Sveinbjörn Pétursson 1 (4 25%)

Mörk FH: Bjarni Fritzson 8/2 (14/2), Örn Ingi Bjarkason 4 (9), Guðmundur Pedersen 3 (6), Ásbjörn Friðriksson 3 (7), Sigurður Ágústsson 1 (1), Jónatan Jónsson 1 (1), Sigursteinn Arndal 1 (1), Benedikt Kristinsson 1 (3), Hjörtur Hinriksson 1 (3), Hermann Björnsson (2).

Varin skot: Hilmar Guðmundsson 3 (13/1 23,1%), Magnús Sigmundsson 11/1 (26/3 42,3%)

Stjarnan-Fram **25-33**

Mörk Stjörnunnar: Ragnar Helgason 5, Gunnar Jóhannsson 5, Þórólfur Nielsen 5, Eyþór Magnússon 4, Guðmundur Guðmundsson 2, Fannar Þorbjörnsson 2, Hrafn Ingvarsson 1, Guðni Krist. 1.

Mörk Fram: Rúnar Kárason 11, Andri Berg Haraldsson 6, Stefán Stefánsson 4, Haraldur Þorvarðarson 3, Björn Guðmundsson 3, Jóhann Reynisson 3, Jóhann Einars. 2, Magnús Einars. 1.

Víkingur-Akureyri **20-25**

Iceland Express karla

Þór Ak.-Njarðvík **79-84 (50-37)**

Stig Þórs: Konrad Tota 21, Jón Kristjánsson 18, Daniel Bandy 12, Guðmundur Jónsson 11, Baldur Jónasson 9, Óðinn Ásgeirsson 3, Bjarki Oddsson 3, Hrafn Jóhannesson 2.

Stig Njarðvíkur: Heath Sitton 25, Magnús Gunnarsson 20, Logi Gunnarsson 13, Fuad Memcic 11, Hjörtur Einarsson 7, Friðrik Stefánsson 5.

Skallagrímur-Tindastóll **85-81 (39-41)**

Stig Skallagríms: Sveinn Davíðsson 26, Igor Beljanski 19, Landon Quick 19, Sigurður Þórarinsson 19, Þráinn Ásbjörnsson 2.

Stig Tindastóls: Friðrik Hreinsson 20, Svavar Birgisson 19, Ísak Einarsson 14, Helgi Margeirsson 12, Darrell Flake 8, Óli Reynisson 6, Helgi Viggós. 2.

Svakalegt Stjörnuhrap í boði KR

„Ég vona að það taki bara þennan leik til þess að koma ykkur niður á jörðina," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari nýkrýndra bikarmeistara Stjörnunnar, eftir að liðið slapp með 29 stiga tap gegn KR í gær.

KÖRFUBOLTI KR-ingar fóru illa með nýkrýnda bikarmeistara Stjörnunnar og unnu þá með 29 stiga mun, 116-87, þegar bikarúrslitaliðin mættust aftur í Iceland Express-deild karla í gær aðeins fjórum dögum eftir bikarúrslitaleikinn.

Eftir jafnan fyrsta leikhluta tóku KR-ingar öll völd í öðrum leikhluta, unnu hann 38-18 og voru 22 stigum yfir í hálfleik. Seinni hálfleikurinn varð í kjölfarið hálfgert formsatriði og KR-liðið náði mest 40 stiga forskoti áður en Stjörnumenn náðu að minnka muninn.

„Við vorum allt annað lið, vorum yfirvegaðir og ætluðum að sanna það hvort væri betra liðið. Við teljum okkur vera með betra liðið og við þurfum bara að sanna það fyrir okkur og öðrum," sagði KR-ingurinn Jón Arnór Stefánsson sem átti fínan leik. „Ég held að þetta hafi verið mjög sálfræðilegt þarna á sunnudaginn. Við erum búnir að tala heilmikið saman eftir þann leik og menn eru búnir að vera þungt hugsi. Það voru búnar að vera þungar hugsanir í gangi og maður loftaði þeim varla. Við stilltum saman strengi og fínpússuðum einhverja hluti sem við vissum að við hefðum gert illa á sunnudaginn," sagði Jón Arnór sem er bjartsýnn á framhaldið.

EKKI HINGAÐ, VINUR Justin Shouse og félagar náðu ekki að fylgja eftir glansleik sínum í Höllinni á sunnudag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það var sameinað átak hjá KR-ingum sem færði þeim þennan sannfærandi sigur. Sjö leikmenn skoruðu yfir tíu stig og sá áttundi var með níu stig. Darri Hilmarsson kom inn í byrjunarliðið í fyrsta skiptið og gaf tóninn í byrjun; Jason Dourisseau var allt annar maður og Baldur Ólafsson átti einnig flotta innkomu.

„Það fyrsta sem ég sagði inni í klefa var að ég vona að það taki bara þennan leik til þess að koma ykkur niður á jörðina og að við þurfum ekki tapa svona illa aftur," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar eftir leik. „Annar leikhluti var ömurlegur af okkar hálfu og við áttum aldrei möguleika í þá eftir það. Ég var þokkalega ánægður með seinni hálfleikinn því við vildum ekki fara að tapa með 50 eða 60 stigum eins og lið hafa lent í hérna," sagði Teitur.

Justin Shouse og Jovan Zdravenski skiluðu sínu hjá Stjörnunni en Justin hitti ekki vel. Megnið af liðinu virtist þó enn vera með hugann við Höllina.

ooj@frettabladid.is

KR-STJARNAN 116-87 (59-37)

Stig KR: Helgi Már Magnússon 16, Jason Dourisseau 16 (10 frák., 5 stolnir), Jón Arnór Stefánsson 14 (7 stoðs.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 13, Baldur Ólafsson 12 (6 frák., 10 mín), Jakob Sigurðarson 11, Darri Hilmarsson 11, Brynjar Björnsson 9 (5 stoðs.), Ellert Arnarson 5, Fannar Ólafsson 4, Ólafur Már Ægisson 3, Skarphéðinn Ingason 2.

Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 30 (9 frák.), Justin Shouse 20 (12 stoðs.), Ólafur Jónas Sigurðsson 13, Fannar Freyr Helgason 10, Eyjólfur Örn Jónsson 5, Hjörleifur Sumarliðason 4, Kjartan Kjartansson 3, Guðjón Lárusson 2.

Taktu þátt í að móta framtíðina!

Kynning á starfi Endurreisnarnefndarinnar, opnun heimasíðu og vinnufundur

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins hefur það verkefni að móta tillögur og hugmyndir að uppbyggingu íslensks efnahagslífs næstu misserin. Á næstu vikum verða fjölmargir fundir þar sem leitað verður eftir skoðunum og áliti flokksmanna og annarra sem vilja taka þátt í starfinu á þessu mikilvæga viðfangsefni.

Nefndin mun standa fyrir opnum kynningarfundi þar sem Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Vilhjálmur Egilsson , formaður Endurreisnarnefndar, munu kynna starfið og opna heimasíðu nefndarinnar á föstudaginn 20. febrúar kl. 17 í Valhöll. Boðið verður upp á léttar veitingar að kynningunum loknum.

Laugardaginn 21. febrúar hefst svo opinn vinnufundur klukkan 10.30 í Valhöll þar sem fundað verður í fjórum hópum eftir viðfangsefnum.

Nánari upplýsingar um fundina og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.

Beko WMD25100T
1000 snúninga þvottavél • Tekur 5kg • Ullarkerfi, Skolstopp og Hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C

64.489 kr.
Fullt verð 74.989

Euroline T3048
6kg ÞURRKARI með barka • 2 hitastig • Galvaniseruð tromla • Orkunýting C

49.489 kr.
Fullt verð 64.989

Helgartilboð í Max raftækjum

39.489 kr.
Fullt verð 49.989

United TVD8819
19" LCD breiðtjald með innbyggðum DVD spilara • 1440x900 upplausn • Nicam Stereó • Sjálfvirkr stöðvaleit • Scart, Video, S-Video og VGA tengi. Tekur 12v og 220v straum.

56.489 kr.
Fullt verð 64.989

Scancool SKS125
85sm kæliskápur • 110 lítra kælir • Glerhillur • Grænmetisskúffa • Orkunýting A

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19		
Þriðjudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Miðvikudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Fimmtudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

dagskrá

> Jamie Bamber

„Að vera í hlutverki Apollos og fá að vaxa og læra með honum er stórkostlegt ferðalag.“
Bamber leikur skipstjórann Lee Apollo Adama á geimskipinu Galactica í þættinum Battlestar Galactica. Í kvöld byrjar Skjár einn að sýna þáttaröð af þessum vinsælu þáttum.

VIÐ TÆKIÐ JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR VILL ELDRI MENN

Kvikmyndir komnar af léttasta skeiði

Sjónvarp er í mínum huga ein stórkostlegasta uppfinning fyrr og síðar. Ég hef alltaf litið tækið þeim augum að þar sem mér muni kannski ekki endast ævin til að heimsækja Sahara-eyðimörkina, Amazon-fljótið, Ástralíu og Hawaii, geti Sony-tækið mitt þó í það minnsta fært mér smjörþefinn af þessum stöðum. Þannig hef ég undanfarnar vikur komið mér fyrir í myrkri og horft hugfangin á eyðimerkurnar í Lawrence of Arabia og ítalskar sveitir í Ben Hur. Og beðið guð í leiðinni að blessa þá menn sem víluðu ekki fyrir sér að setja heilu kvikmyndaverin á hausinn við sköpun þessara mynda. Fífldirfska fortíðarinnar kemur nútímanum oft að góðum notum.
Á heimilinu hefur sem sagt staðið yfir gömlu-mynda-þema síðustu vikur. Það skemmtilega við þetta þema er að kvöldið er tvíþætt. Fyrst er horft á myndina og þegar henni lýkur loks er kveikt á tölvunni og Wikipedia og fleiri vefir látnir svara ýmsum spurningum sem vöknuðu meðan á myndinni stóð. Þannig verður auðvitað hver kona með eðlilega hormónastarfsemi ástfangin af Humphrey Bogart í Casablanca og ekkert langar mann frekar en að vita um ástir hans og örlög að mynd lokinni.
Þemað hófst með heimsókn í Elkó um áramótin þar sem áðurnefndar myndir voru keyptar ásamt To kill a Mockinbird. Okkur entist þó ekki úrvalið lengi því DVD-markaðurinn einblínir fyrst og fremst á nýjar myndir. Þannig bjóða vídeóleigur ekki nema brot af eldri myndum á DVD-diskum. Eitthvað var farið að slá í okkar einörðu afstöðu að horfa bara á gamlar myndir fram í mars þar til við uppgötvuðum okkur til mikillar gleði, þökk sé nýju loftneti, að fjölvarpið náði aftur inn TCM, eða Turner Classic Movies-stöðinni. Stöðin hefur því leyst Elkó af í bili þótt ekki sé alltaf hægt að ganga að því vísu að dagskrá kvöldsins samanstandi af „góðum“ gömlum myndum. Það væri því gaman ef íslensku stöðvarnar hygðu meir að eldri stórmyndum sögunnar í dagskrá sinni enda greinilega full þörf þar sem vídeóleigur sinna ekki því starfi.

FÖSTUDAGUR

▶ **18.10 Afríka heillar** SJÓNVARPIÐ

▶ **19.15 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2

▶ **20.00 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.50 Painkiller Jane** SKJÁREINN

▶ **01.30 Houston – Dallas, beint** STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

15.50 Leiðarljós (e)
17.15 Táknmálsfréttir
17.25 Spæjarar (6:26)
17.47 Músahús Mikka (43:55)
▶**18.10 Afríka heillar** (Wild at Heart) (6:6) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson, Luke Ward-Wilkinson, Deon Stewardson, Rafaella Hutchinson og Nomsa Xaba. (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Útsvar (Ísafjarðarbær - Norðurþing) Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
21.15 Hr. 3000 (Mr. 3000) Bandarísk bíómynd frá 2004. Fyrrverandi hafnaboltakappi kemst að því að afrek hans á vellinum höfðu verið oftalin. Hann reynir að vinna upp það sem á vantar til að standa undir viðurnefninu Hr. 3000. Aðalhlutverk: Bernie Mac og Angela Bassett.
23.00 Út af sporinu (Derailed) Bandarísk bíómynd frá 2005. Maður sem heldur fram hjá konu sinni og er beittur fjárkúgun reynir að leysa vandann á eigin spýtur. Aðalhlutverk: Vincent Cassel, Clive Owen og Jennifer Aniston.
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Land Before Time XI
10.00 School for Scoundrels
12.00 The Truth About Love
14.00 The Queen
16.00 Land Before Time XI
18.00 School for Scoundrels
20.00 The Truth About Love Rómantísk gamanmynd. Alice ákveður að senda eiginmanni sínum nafnlaust ástarbréf en kemst að því að það er hættulegt að leika sér að eldinum.
22.00 The Squid and the Whale
02.00 Inside Man
04.05 The Squid and the Whale
06.00 Failure to Launch

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Afram!, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ævintýri Juniper Lee.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (257:300)
10.15 Wipeout (9:11)
11.10 Ghost Whisperer (37:44)
12.00 Men in Trees (3:19)
12.45 Neighbours
13.10 Wings of Love (11:120)
13.55 Wings of Love (12:120)
14.40 Wings of Love (13:120)
15.35 A.T.O.M.
15.58 Bratz
16.23 Camp Lazlo
16.48 Nornafélagið
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Neighbours
17.58 Friends (16:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
▶**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
19.45 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
20.30 Idol - Stjörnuleit (2:14) Áheyrnarprufurnar á Hilton Nordica hótelinu halda áfram í Idol-stjörnuleit.
21.35 Employee of the Month Kolsvartur grínkrimmi í anda Pulp Fiction um Jack sem er í þann mund að upplifa sinn versta dag þar sem fer allt úrskeiðis. Með aðalhlutverk fara Matt Dillon, Steve Zahn og Christina Applegate.
23.15 Riding the Bullet Hrollvekjandi spennumynd byggð á sögu Stephens Kings. Ungur maður ferðast á puttanum til að heimsækja veika móður sína. Dularfullur ökumaður býður honum far en sá hefur ýmislegt misjafnt og grunsamlegt í huga. Með aðalhlutverk fara David Arquette, Erica Christiansen og Barbara Hershey.
00.45 Invincible
02.25 Hollywoodland
04.25 Idol - Stjörnuleit (2:14)
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
18.30 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttaþáttur.
19.00 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
19.30 Spænski boltinn Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
20.30 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Anaheim.
21.25 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
22.10 Main Event Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.
23.00 NBA All Star Game Útsending frá NBA-stjörnuleiknum í körfubolta.
01.00 NBA-tilþrif Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
▶**01.30 Houston - Dallas** Bein útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

18.10 PL Classic Matches Arsenal - Man United, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
18.40 PL Classic Matches Charlton - Man Utd, 2000.
19.10 Chelsea - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
21.20 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.50 PL Classic Matches Man. City - Man. United, 1993.
22.20 PL Classic Matches Manchester Utd - Chelsea, 2000.
22.50 Premier League Preview
23.20 Middlesbrough - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Game Tíví (3:8) (e)
09.25 Vörutorg
10.25 Óstöðvandi tónlist
16.40 Vörutorg
17.40 Rachael Ray
18.25 America's Funniest Home Videos (9:48) (e)
18.50 Káta maskínan (3:9) (e)
19.20 One Tree Hill (4:24) (e)
20.10 Charmed (22:22) Það er komið að síðasta þættinum og heillanornirnar kveðja að eilífu. Paige og Phoebe liggja í valnum eftir lokauppgjörið en Piper gefst ekki upp og ferðast um tímann í von um að breyta örlögum systranna.
21.00 Battlestar Galactica (1:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og The Rolling Stone hafa sagt hana bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.
▶**21.50 Painkiller Jane** (3:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirmáttúrulega hæfileika.
22.40 The Dead Zone (10:12) (e)
23.30 The Dangerous Lives Of Altar Boys Kvikmynd frá 2002 um vinahóp í kaþólskum skóla sem eyðir frístundum sínum aðallega í að lesa teiknimyndasögur en byrja svo að semja sínar eigin þar sem þeir eru ofurhetjurnar og kennarar skólans eru skúrkarnir og skrímslin. Aðalhlutverk: Kieran Culkin, Jena Malone, Emile Hirsch, Vincent D´Onofrio og Jodie Foster. (e)
01.00 Jay Leno (e)
01.50 Jay Leno (e)
02.40 Vörutorg
03.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Föstudagsþátturinn Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

Idol-stjörnuleit

Áheyrnarprufurnar á Hilton Nordica-hótelinu halda áfram fyrir Idol-stjörnuleit. Þetta er í fjórða sinn sem keppnin er haldin og aldrei hafa fleiri ákveðið að reyna fyrir sér, en ríflega tvö þúsund áhugasamir söngfuglar skráðu sig til leiks. Í dómnefnd sitja Björn Jörundur Friðbjörnsson, Jón Ólafsson og Selma Björnsdóttir en þau eiga öll að baki glæstan feril og eru landsmönnum vel kunn. Það eru að sjálfsögðu þeir félagar Simmi og Jói sem kynna þættina. Hver hlýtur titilinn Idol-stjarna Íslands árið 2009 og tvær milljónir króna að launum? Fylgstu með frá upphafi.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Logi í beinni

Stöð 2 kl. 19.45

Það má búast við töfrandi þætti hjá Loga Bergmanni í kvöld þegar hann fær töframenn í heimsókn. Gestir hans verða Baldur Brjánsson, frumkvöðull í töframennsku á Íslandi, Skari skrípó og Bjarni töframaður en að auki munu aðrir töframenn koma fram. Létt spjall, töfrabrögð og skemmtilegar uppákomur hjá Loga í kvöld.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Auðlindin
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónleikur
15.03 Útvarpssagan: Í frostinu
15.30 Stofukonsert
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnukíkir
21.10 Flakk
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (129:260)
16.30 Hollyoaks (130:260)
17.00 Ally McBeal (12:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
17.45 The O.C. (9:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
18.30 20 Good Years (9:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eigi tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að njóta þeirra til fulls.
19.00 Hollyoaks (129:260)
19.30 Hollyoaks (130:260)
▶**20.00 Réttur** (1:8) Ný leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem allir starfa á lögmannastofunni Lög og réttur og þar er Logi Traustason fremstur meðal jafningja.
20.45 Réttur (2:8)
21.35 Réttur (3:8)
22.20 Réttur (4:8)
23.05 Réttur (5:8)
23.50 The Mentalist (2:22)
00.35 Twenty Four (4:24)
01.00 Auddi og Sveppi
01.45 Logi í beinni
02.30 Armed and Famous (5:6)
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn Hrafnaþings kemur saman; Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm.
21.00 Borgarlíf Þáttur um borgarmál í umsjón Mörtu Guðjónsdóttur.
21.30 Íslands safarí Akeem Richard Oppong stýrir þætti um málefni innflytjenda.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 Naturen kalder **10.30** Danskere i krig **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet **12.30** Danmark Ekspeditionen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Amigo **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Reimers **21.35** Panic Room **23.20** The Life and Death of Peter Sellers

NRK 1

11.30 VM på ski **14.05** V-cup fristil **15.05** VM på ski **15.45** VM på ski **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ugleskogen **17.10** Mumfie **17.20** Charlie og Lola **17.35** Lykke er **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Mesternes mester **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen. Livvaktene **22.00** Kveldsnytt **22.15** VM-kveld **22.45** Da AC/DC tok tyren ved hornene **23.45** Jorda rundt med litt av en luring **00.15** Kulturnytt

SVT 1

10.00 Pojkar med anorexi **11.00** Rapport **11.05** Skidor **11.50** Skidor **14.00** Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidor **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Ridsport **21.45** The Heist - sista stöten **23.30** Kulturnyheterna **23.45** Mia och Klara **00.15** Förvandlingen **01.50** Sändningar från SVT24

HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?

„Ég er ekki algóð. Ég er til dæmis svo rosaleg í kjaftinum að vinir mínir halda að ég sé með tourette-syndromið. Það er þegar ósjálfráð dónaleg orð velta út úr manni þegar minnst varir. Ég vildi helst fá vottorð upp á þetta og einhverjar bætur því ekki getur maður verið blaðamaður þegar maður er alger dóni.“

Gerður Kristný rithöfundur í Helgarpóstinum í október 1996.
„Svona var ég nú hress þegar fyrsta skáldsagan mín kom út sem var kveikjan að viðtalinu. Ég fékk mér tattú af tilefni af bókinni, sverð Skírnis á annan kálfann, og hef farið allra minna ferða vopnuð síðan.“

Hljómsveit fékk styrk úr óvæntri átt

Hljómsveitin Bloodgroup hefur ákveðið að hætta við að hætta við tónleikaferð sína til Bandaríkjanna í mars eftir að hún fékk peningastyrk úr óvæntri átt á dögunum.

Sveitinni hafði verið boðið að koma fram á South By Southwest-hátíðinni í Texas 21. mars en varð að hætta við vegna peningaskorts og lágs gengis krónunnar. Eftir að hafa lesið blaðagrein um málið hafði ónefndur aðili samband við hljómsveitina samdægurs og bauðst til að styrkja hana vegna ferðarinnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þessi aðili enginn yfirlýstur aðdáandi Bloodgroup en fannst engu að síður synd að hljómsveitin kæmist ekki á hátíðina. Talið er að styrkurinn nemi um hálfri milljón króna en sveitin mun dvelja í viku í Bandaríkjunum og þarf meðal annars að standa straum af uppihaldi og dýru innanlandsflugi þar í landi. Sveitin fær aftur á móti styrk frá Reykjavík Loftbrú til að fljúga út til Bandaríkjanna.

Það er því ljóst að Bloodgroup spilar á South By Southwest eins og upphaflega stóð til. Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar í New York ásamt Sprengjuhöllinni og Benny Crespo´s Gang 24. mars. Þetta verður í annað sinn sem sveitin spilar í New York því síðast spilaði hún þar haustið 2007 við góðar undirtektir.

Meðlimir Bloodgroup vildu ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við þá. - fb

BLOODGROUP Hljómsveitin Bloodgroup fékk peninga úr óvæntri átt vegna tónleikaferðar sinnar til Bandaríkjanna.



LÁRÉTT
2. grastegund, **6.** í röð, **8.** vafi, **9.** keyra, **11.** ryk, **12.** ríki í Vestur-Afríku, **14.** akstursíþrótt, **16.** guð, **17.** að, **18.** hylli, **20.** til dæmis, **21.** málmur.

LÓÐRÉTT
1. málmur, **3.** tveir eins, **4.** yfirsýn, **5.** pili, **7.** bjartast, **10.** temja, **13.** veitt eftirför, **15.** rotnunarlykt, **16.** farvegur, **19.** á fæti.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. reyr, **6.** rs, **8.** efi, **9.** aka, **11.** im, **12.** níger, **14.** rallý, **16.** ra, **17.** til, **18.** ást, **20.** td, **21.** stál.
LÓÐRÉTT: 1. úran, **3.** ee, **4.** yfirlit, **5.** rim, **7.** skírast, **10.** aga, **13.** elt, **15.** ýldа, **16.** rás, **19.** tá.

HAUKUR KARLSSON: BRELLUMEISTARI FYRIR M. NIGHT SHYAMALAN

Með Hollywood-stjörnum í kuldahrolli á Grænlandi

„Það er gott að geta lagt sitt af mörkum til að draga heim smá gjaldeyri,“ segir brellumeistarinn Haukur Karlsson. Hann er á leiðinni til Grænlands 1. mars ásamt kollega sínum, Jóhannesi Sverrissyni, þar sem þeir munu starfa við nýjustu kvikmynd M. Night Shyamalan, The Last Airbender.

Shyamalan er þekktastur fyrir draugamyndina The Sixth Sense. „Mér fannst The Sixth Sense góð en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki horft svo mikið á myndirnar hans enda er það ekki aðalatriðið fyrir okkur heldur er það gaman að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Haukur og er feginn að sleppa frá krepputalinu hér heima í smástund. „Ég held að það verði ekkert talað mikið um gjaldþrot fyrirtækjanna í útvarpinu á Grænlandi.“

The Last Airbender er byggð á vinsælum bandarískum teiknimyndum í japönskum Manga-stíl. Á meðal leikara verða Dev Patel, aðalleikarinn í Slumdog Millionaire, og Robert Pattinson úr vampírumyndinni Twilight.

Haukur og Jóhannes munu dvelja í fimm til sex vikur á Grænlandi þar sem hluti myndarinnar verður tekinn upp. „Við verðum í pínulitlu fimm þúsund manna þorpi innan um tíu þúsund sleðahunda í tuttugu stiga gaddi,“ segir Haukur og greinilegt að það er strax kominn smá hrollur í hann. Tökurnar fara fram við Diskóflóa sem er Kanadamegin við Grænland.

Haukur og Jóhannes verða einu Íslendingarnir sem starfa við myndina. Fengu þeir verkefnið í gegnum bandaríska vini sína sem störfuðu með þeim við tökur á Flags of Our Fathers hér á landi í leikstjórn Clints Eastwood. „Þarna fer mikið af vinnunni fram úti á jöklum og úti í snjó. Við vorum teknir inn fyrst og fremst af því að við förum ekki að grenja þegar það hvessir,“ segir Haukur og hlær. Fjölmennt tökulið verður með þeim á Grænlandi, þar á meðal fleiri brellumeistarar frá Hollywood.

Haukur viðurkennir að það yrði gaman að hitta hinn heimsfræga Shyamalan en ekki síður kvikmyndatökumanninn Andrew Lesnie sem fékk Óskarinn fyrir fyrstu Lord of the Rings-myndina. „Það verður heiður að fá að vinna í kringum hann en við gerum bara það sem okkur er sagt,“ segir Haukur, sem hefur einnig gert brellur fyrir Bond-myndina Die Another Day og Tomb Raider sem voru báðar teknar upp hér á landi. Einnig starfaði hann ásamt Jóhannesi við hina íslensku Reykjavik Whale Watching Massacre sem verður tekin til sýninga í haust.

The Last Airbender verður frumsýnd vestanhafs sumarið 2010 og verður spennandi að sjá hvernig Shyamalan reiðir af. Síðasta mynd hans, The Happening, hlaut slæmar viðtökur og þarf hann því á öllum sínum kröftum að halda til að efla tiltrú Hollywood á hæfileikum sínum. Þar munu Haukur og Jóhannes væntanlega reynast honum sannkallaðir haukar í horni.

freyr@frettabladid.is

BRELLUMEISTARAR Jóhannes Sverrisson og Haukur Karlsson starfa við næstu kvikmynd hins bandaríska M. Night Shyamalan, The Last Airbender. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

M. NIGHT SHYAMALAN Bandarískur leikstjórinn er þekktastur fyrir draugamyndina The Sixth Sense.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fljótlega eftir að fréttir tóku að berast í fyrradag af hremmingum Björns Jörundar í tengslum við fíkniefnakaup munu bæði Bubbi Morthens og **Einar Bárðarson** hafa sett sig í samband við Stöð 2 og boðið fram krafta sína, að hlaupa í skarðið ef Björn þyrfti frá að hverfa. Blaðamaður Vísis hafði eftir Bubba að Björn hlyti að þurfa að fara til að minnka skaðann en Bubbi hefur beðist afsökunar á þeim ummælum sínum.

Annar maður sem tengist þessu óbeint er svo **Jón Ólafsson** félagi Björns Jörundar í hljómsveitinni Ný dönsk. Á sínum tíma, þegar eftir því var leitað að hann yrði dómari í Idol-stjörnuleit, stóð til að hann héldi áfram með þátt sinn Úr plötuskápnum á Rás 2. Ekki kom til greina af hálfu Ríkisútvarpsins að Jón héldi áfram með útvarpsþátt sinn ef hann tæki að sér það verkefni að vera í Idol-þáttunum. Bubbi virðist því hafa verið tilbúinn að fórna Færibandinu, þætti sínum á Rás 2, fyrir stjörnuleitina.

Annað sem menn velta fyrir sér í tengslum við þetta mál eru tímasetningar. Um þær mundir sem Fíknó var að hlera samtöl fíkniefnasalans og Björns Jörundar var Björn einmitt að syngja „Ég er kominn heim“ með **Bubba** og sjónvarpsþættinum Bandið hans Bubba var að ljúka.

- jbg

Heldur rýmingarsölu heima hjá sér

„Mér fannst þetta bara rosalega sniðug hugmynd og langaði að sjá hvort hún virkaði,“ segir Anita Hafdís Björnsdóttir sem heldur rýmingarsölu heima hjá sér í næstu viku þar sem hún selur allt frá smáhlutum upp í raftæki, föt og fylgihluti á vægu verði.

„Ég bý í pínulítilli íbúð og á allt of mikið af dóti. Ég nenni ekki að fara í Kolaportið og það er allt að gerast á Facebook svo ég auglýsti þetta þar fyrir vini og vandamenn. Maður er með svo mikið inni í skápum og ég kemst ekki yfir að nota öll fötin sem ég á. Það er því skemmtilegra ef einhverjir aðrir geta notið þeirra og fá smá pening í leiðinni,“ útskýrir Anita. „Það verður gaman að fá fólk heim til sín og ég ætla að spila gamlar kassettur af vasadiskói sem ég tók upp sem unglingur og eru svona „original 80‘s mix-tapes“. Þó nokkrir hafa nú þegar staðfest komu sína, en í versta falli verður þetta bara skemmtilegt teboð ef ekkert selst,“ bætir hún við og brosir.

Aðspurð segist Anita ekki vera að flytja, en langar til að ferðast erlendis í framtíðinni og stunda flug á svifvæng. „Það er ekki að fara að gerast alveg strax eins og ástandið er í dag, en þessi rýmingarsala er svona skref í áttina að fara og ferðast í ár eða meira um heiminn og fljúga á svifvæng á sem flestum stöðum. Mér finnst eitthvað heillandi við að eiga ekki neitt þegar maður fer út, nema bara svifvænginn og það allra persónulegasta,“ segir Anita sem starfar sem grafískur hönnuður í dag. „Þegar kemur að síðustu rýmingarsölunni ætla ég að leyfa fólki að gramsa bæði í skúffum og skápum, eitthvað sem mann hefur oft langað að gera heima hjá öðru fólki.“

- ag

Í PÍNULÍTILLI ÍBÚÐ Anita heldur rýmingarsölu heima hjá sér fyrir vini og vandamenn til að losa sig við dót sem kemst ekki fyrir á heimili hennar.

NÝJIR

Tölvuleikir

BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Ás-björn

Byrjum á játningu: Ég er ekki veraldarvanur í hörðum heimi fíkniefna. Þegar ég var á þeim aldri að teljast í áhættuhópi fyrir freistingum af þeim toga var stundum boðið upp á fréttaskýringaþætti sem áttu að halda unglingum á beinu brautinni. Oftar en ekki innihéldu þeir viðtöl við forherta eiturlyfjasala með andlit í móðu og brenglaða rödd, sem sögðu hróðugir frá að það væri fljótlegra að verða sér úti um dóp en að panta pitsu. Það var ekki fyrr en talsvert síðar sem ég áttaði mig á að boðskapurinn var ekki hugsaður sem áfellisdómur yfir pitsustöðum á Íslandi.

MEÐ sömu bláu augunum las ég frétt um poppara sem hafði misst fótanna og reynt að verða sér úti um „ás". Það fyrsta sem flaug um hrekklausan hugann var að þetta væri kreppufrétt af manni sem væri að reyna að kaupa sér spilastokk, en hefði ekki efni á nema einu spili í einu. Fréttastofurnar voru hins vegar fljótar að kippa mér á jörðina og niður í undirheima, þar sem orð á borð við „ás" og „tvíburabróðir" eru dulmál fyrir fíkniefni. Til að ráða í slangrið var kóngurinn í þessum „efnum" kvaddur til. Hann var ekki lengi að svipta hulunni af merkingu ássins og tvíburabróðurins og áhrifum þeirra á getu manna til að dæma söngvakeppnir.

ÉG man þegar Bubbi talaði yfir hausamótunum á okkur í Flensborg og það voru engar smásögur; hafi einhver fengið sér ás var Bubbi með fullt hús. Auk þess að vara okkur við dópinu lagði hann ríka áherslu á hvað það væri auðvelt að leiðast út á refilstigu fíkniefnanna. Ég hef aldrei skilið þá áherslu. Ég var tiltölulega venjulegur unglingur og man ekki betur en ég hafi verið latur og áhrifagjarn nautnaseggur; það er mögulega versti markhópurinn til að predika yfir um hvað það er auðvelt að komast í vímu.

EKKI svo að skilja að ég haldi að frammistaða Bubba í framhaldsskólum hafi orðið til þess að berskjölduð ungmenni leiddust út í fíkniefnaneyslu. Öðru nær. Ég held að fyrirlestrar Bubba um áhrif fíkniefnaneyslu hafi haft tiltölulega lítil áhrif á afstöðu þeirra sem hlustuðu til fíkniefnaneyslu, en þeim mun meiri áhrif á Bubba sjálfan. Það er líka bara eðlilegt. Við eigum nefnilega að leita að fyrirmyndum í þeim sem standa okkur nær en ekki í afdönkuðum poppurum. En sem betur fer finnst ekki öllum poppurum að aðrir eigi að taka sér þá til fyrirmyndar.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 20. febrúar, 51. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.06	13.41	18.18
Akureyri	8.57	13.26	17.56

Heimild: Almanak Háskólans

N1

Sparaðu meira í leiðinni

Þú sparar bæði meira og víðar með N1

Þú færð betri kjör í 12 mánuði
- -5 kr. af eldsneyti
- -15% af viðgerðum, smur- og hjólbarðaþjónustu
- -15% af vörum, m.a. af stærsta varahlutalager landsins
- Betri kjör á meira en 100 stöðum á landinu
- Safnkortspunktar jafngilda krónum hjá N1

Sæktu um núna á n1.is

1 punktur = 1 króna

Safnkortspunktar eru jafngildur gjaldmiðill og krónur í öllum viðskiptum hjá N1. Með mánaðarlegum tilboðum er hægt að margfalda gildi punktanna.

Sparnaður miðað við árlega eldsneytisnotkun fyrir jeppa og meðalstóran fólksbíl og annan algengan rekstrarkostnað.

Eldsneyti	-5kr. pr.l.
Kostnaður	866.400 kr.
Afsláttur	18.000 kr.
Punktar	12.000

Dekk	
Kostnaður	190.000 kr.
Afsláttur	22.800 kr.
Punktar	5.700

Dekkjaskipti	
Kostnaður	33.000 kr.
Afsláttur	3.960 kr.
Punktar	990

Dekkjahótel	
Kostnaður	16.100 kr.
Afsláttur	1.932 kr.
Punktar	483

Smurþjónusta	
Kostnaður	61.000 kr.
Afsláttur	7.320 kr.
Punktar	1.830

Bón og þrifavörur	
Kostnaður	12.000 kr.
Afsláttur	1.440 kr.
Punktar	360

Bílaþvottur	
Kostnaður	27.000 kr.
Afsláttur	3.240 kr.
Punktar	810

Rúðuþurrkur og rúðuvökvi	
Kostnaður	23.000 kr.
Afsláttur	2.760 kr.
Punktar	690

Smávarahlutir	
Kostnaður	24.000 kr.
Afsláttur	2.880 kr.
Punktar	720

Verkfæri	
Kostnaður	20.000 kr.
Afsláttur	2.400 kr.
Punktar	600

Rekstrarvörur, fatnaður ofl.	
Kostnaður	14.000 kr.
Afsláttur	1.680 kr.
Punktar	420

Ferða- og útivistarvörur	
Kostnaður	22.000 kr.
Afsláttur	2.640 kr.
Punktar	660

Ýmislegt	
Kostnaður	14.000 kr.
Afsláttur	1.680 kr.
Punktar	420

Sparnaður 98.415 kr.

Kostnaður	1.322.500 kr.
Afsláttur	72.732 kr.
Punktar	25.683

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

sparnaður
Meiri í leiðinni